## Uppskrift gegn konum

Stjórnarkonur í Öfgum vilja breytingar í umfjöllun fjölmiðla um ofbeldismál. ➤ 34



## Sjálfkvæni verður vinsælla

Brúðir víða um heim skuldbinda sig til sjálfsástar og ævilangrar virðingar. ➤ 30









# FRÉTTABLAÐIÐ

79. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 23. APRÍL 2022




# Við áttum ekki að sýna veikleika

Í kvikmynd sinni Berdreymi sækir Guðmundur Arnar í unglingsár sín í Árbænum þar sem slagsmálamenning var normið og hann hafði málað sig út í horn í sjöunda bekk. ➤ 24

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






Svanhvítar Harðardóttur er saknað.

## Lýst eftir konu úr Hafnarfirði

odduraevar@frettabladid.is

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsti í gær eftir Svanhvíti Harðardóttur, 37 ára.

Síðast er vitað um ferðir Svanhvítar um klukkan þrettán á fimmtudag þegar hún fór frá heimili sínu á Völlunum í Hafnarfirði. Að því er segir í tilkynningu er Svanhvít 167 sentímetra á hæð, sólbrún með ljóslitað rúmlega axlasítt hár.

Svanhvít var klædd í gráar joggingbuxur og hettupeysu en ekki er vitað um lit peysunnar að sögn lögreglu, sem kveður hana hafa verið með hárið í háu tagli er síðast sást til hennar.

Þau sem geta gefið upplýsingar um ferðir Svanhvítar, eða vita hvar hana er að finna, eru vinsamlegast beðin um að hafa tafarlaust samband við lögregluna í síma 112. ■

## Bjarni fékk kaldar kveðjur




Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra fékk kaldar kveðjur mótmælenda eftir ríkisstjórnarfund í gær. Bankasalan er þeim efst í huga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Sendiherra Rússa hótar Íslendingum

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Í gær birtist yfirlýsing frá rússneska sendiráðinu á Íslandi á Facebook þar sem Íslendingum er hótað vegna vopnaflutninga. Vísað er til flutninga utanríkisráðuneytisins á vopnum frá Ítalíu, Albaníu, Króatíu, Slóveníu og Portúgal.

Yfirlýsingin fjallar ekki aðeins um Ísland heldur vopnaflutninga Bandaríkjamanna, Þjóðverja og fleiri. Þrettán flugferðir Íslendinga, á vegum Air Atlanta og Bláfugls eru þó sérstaklega nefndar.

„Við vonum að íslensk stjórnvöld geri sér grein fyrir neikvæðum afleiðingum þessara aðgerða,“ segir þar. „Við vekjum athygli á að Rússland áskilur sér rétt til þess að líta á erlend hernaðargögn og búnað í Úkraínu sem löglegt skotmark.“

Í yfirlýsingunni er hins vegar ekki minnst á að íslensku flugvélarnar



Mótmæli Úkraínumanna við sendiráðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

fljúga ekki með hernaðargögnin beint til Úkraínu. Heldur til austurhluta Póllands þaðan sem þeim er komið austur yfir landamærin.

Þrýst hefur verið á íslensk stjórnvöld að vísa Míkhaíl V. Noskov sendiherra úr landi. Þórdís Kolbrún Gylfadóttir Reykfjörð utanríkisráðherra hefur hefur sagst skilja þetta ákall. Þann 5. apríl sagðist hún ekki útiloka að vísa honum úr landi en síðan hefur ekkert gerst. ■

# Leiktæki fyrir hunda verða sett upp í borginni í sumar

**Hundaeigendur í Reykjavík geta farið að hlakka til komandi sumars, þar sem til stendur að stórbæta aðstöðu á hundasvæðum í borginni.**

erlamaria@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Við erum að prófa nýjar aðferðir á ýmsum sviðum og í sumar erum við að fara af stað með hundaátak,“ segir Þorkell Heiðarsson, deildarstjóri og umsjónarmaður Dýraþjónustu Reykjavíkur.

„Fyrir áramót voru hundaleiktæki keypt fyrir hundasvæðin í borginni og verður þeim komið fyrir í vor. Við ætlum einnig að fylgjast með og sinna hundasvæðunum betur og koma upp nýjum ruslatunnum með hundapokum,“ segir Þorkell.

Fyrir rúmlega ári var Hundaeftirlitið lagt niður og Dýraþjónusta Reykjavíkur stofnuð. Talsverðar breytingar áttu sér stað við stofnun þjónustunnar, meðal annars voru hundagjöld lækkuð og umsóknarferli auðveldað.

„Með því að lækka gjöldin vorum við að vonast til þess að nýskráningum hunda myndi fjölga, en frá því við tókum yfir hundaskrána í júní í fyrra hafa okkur borist um tvö hundruð nýskráningar,“ segir Þorkell.

Fjölgunin sé þó ekki eins mikil og þeir hefðu viljað.

„Í borginni eru um 2.300 hundar á skrá og á stórhöfuðborgarsvæðinu eru þeir í kring um 5.000. Það er þó erfitt að vita raunhæfa tölu. Ég held að allir átti sig á því, sem ganga um götur borgarinnar, að hundum hefur fjölgað mikið,“ segir Þorkell.

Að sögn Þorkels er nauðsynlegt í takti við þessa fjölgun að skilgreina betur og kortleggja þau svæði þar sem lausaganga hunda er leyfð. Mörg svæði hafi hingað til verið illa



Skoski fjárhundurinn Max fékk að reyna nýju hundaleiktækin. Áætlað er að fyrstu tækjunum verði komið fyrir í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> „Ég held að allir átti sig á því, sem ganga um götur borgarinnar, að hundum hefur fjölgað mikið.
>
> Þorkell Heiðarsson, deildarstjóri og umsjónarmaður Dýraþjónustu Reykjavíkur

skilgreind, en með nýrri hundasamþykkt sé tekið á þeim vanda.

„Það var ákall frá hundaeigendum að fá skilgreiningu á svæðunum og einnig að fá leyfi fyrir tímabundna lausagöngu,“ segir Þorkell.

Tímabundin lausaganga gefur að sögn Þorkels möguleikann á því að hægt verði að skilgreina ákveðin svæði á ákveðnum tíma og leyfa lausagöngu þar.

„Þá gætu hópar sótt um að fá að hittast með hundana sína til dæmis á Klambratúni á einhverjum ákveðnum tíma, sem gefur hundaeigendum meiri sveigjanleika,“ bendir Þorkell á.

Þá standi til að gefa út kort þar sem lausagöngusvæði verði auglýst.

„Það er næst á dagskrá og mun hjálpa til við að koma í veg fyrir ýmis vafamál sem við stöndum ósjaldan frammi fyrir, eins og til dæmis hvort hundar megi vera á göngustígum á lausagöngusvæðum,“ segir Þorkell.

Kortin munu að mati Þorkels boða meira frelsi öllum til handa, bæði hundaeigendum sem og fólki sem stundi útivist í námunda við eða á slíkum svæðum. ■

V.L.F. HLÍF

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn miðvikudaginn 27. apríl 2022, kl. 18:00.
Fundurinn verður haldinn í Hraunseli, félagsheimili eldri borgara, Flatahrauni 3.
Á dagskránni eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Dagskrá:
1) Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2) Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu.
3) Lýst kjöri stjórnar og varastjórnar félagsins og félagslegra skoðunarmanna, ásamt stjórnum og varastjórnum sjúkrasjóðs og orlofsheimilasjóðs.
4) Kosning 2ja manna í kjörstjórn og tveggja til vara.
5) Önnur mál.

Stjórnin




**Nýr Hybrid = 100% afsláttur**
af lántökugjöldum.
Sjá nánar á toyota.is

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6 – 570 5070

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.*Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. **Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux og á eingöngu við um nýja bíla. Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. 3 ára þjónusta fylgir öllum nýjum bílum sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

## Tölur vikunnar

**80**

prósent þeirra sem afstöðu tóku í netkönnun Prósents sögðust óánægð með hópuppsögnina í Eflingu.

**42**

íslensk mál eru nú til efnismeðferðar hjá Mannréttindadómstól Evrópu, að sögn ríkislögmanns.

**89**

prósent þeirra sem afstöðu tóku í netkönnun Prósents sögðust óánægð með fyrirkomulag sölu hlutabréfa ríkisins í Íslandsbanka.

**211**

einstaklingar hið minnsta eru sagðir hafa stytt sér aldur á Íslandi frá árinu 2017.

**76**

prósent Íslendinga nota netið til þess að spjalla við aðra, annað hvort með hljóði eða mynd.

## Þrjú í fréttum



**Páll Bergþórsson**

veðurfræðingur

sagði að sér fyndist vera von til þess að áfram verði hlýtt hér í veðri og að það fari hlýnandi fram í miðjan júlí. „Þá er yfirleitt hámarkið hér,“ sagði Páll, sem kvað erfiðara að spá fyrir um magn úrkomu í sumar. „Hún er duttlungafyllri. En mér sýnist að það gæti orðið rakt og hlýtt sumar, einkum miðað við það sem maður vandist á árum áður.“



**Sigríður Björk Guðjónsdóttir**

ríkislögreglustjóri

sagði á miðvikudag að sér þætti leitt að drengurinn sem sérsveitarmenn frá lögreglunni tóku í strætisvagni í misgripum fyrir eftirlýstan mann, hefði „orðið hluti af þessum aðgerðum lögreglu, en ábending barst um að hann væri sá sem var lýst eftir.“ Sjálfur hefði drengurinn ekkert unnið sér til sakar. Morguninn eftir lenti drengurinn aftur í lögreglunni sem kom í bakarí þar sem hann var, eftir ábendingu frá borgara.



**Ásthildur Lóa Þórsdóttir**

þingmaður Flokks fólksins

var ein fjölmargra sem í vikunni gagnrýndu sölu á hlutabréfum úr eigu ríkisins í Íslandsbanka. „Það á greinilega að gera Bankasýsluna að eina sökudólginum og láta eins og þáttur fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar sé enginn,“ sagði hún. Yfirlýsing um að Bankasýslan yrði lögð niður væri þó viðurkenning á að bankasalan hefði verið klúður. Kallaði Ásthildur eftir óháðri rannsóknarnefnd. ■

# Húsnæðismálin fyrirferðarmikil í stefnum borgarstjórnarflokkanna

Viðreisn vill byggja í Skerjafirði og Ártúnshöfða og Sjálfstæðisflokkurinn í Örfirisey. Sósíalistar vilja áherslu á ódýrt húsnæði og Vinstri græn á óhagnaðardrifin leigufélög.

adalheidur@frettabladid.is



Viðreisn telur mögulegt að stækka hverfin við Kringluna og á Skeifusvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KOSNINGAR** Húsnæðismál eru framarlega á lista í stefnuyfirlýsingum þeirra stjórnmálaflokka sem bjóða fram í borginni og hafa kynnt stefnu sína fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

Samfylkingin, flokkur borgarstjórans í Reykjavík, kynnti stefnumál sín í borginni á sumardaginn fyrsta. Flokkurinn vill spýta í lófana og tvöfalda fyrri uppbyggingaráætlanir með því að byggja 10 þúsund íbúðir á næstu 5 árum.

Sjálfstæðisflokkurinn, sem kynnti áherslur sínar í Perlunni í vikunni, hyggst skipuleggja ný hverfi að Keldum og í Örfirisey og þétta byggð innan hverfa sem hafa til þess svigrúm, svo sem Úlfarsárdal, Staðarhverfi og Kjalarnesi.

Þá vilja sjálfstæðismenn bjóða stofnstyrki til þeirra sem vilja hefja starfsemi í auðum rýmum en með því vill flokkurinn efla verslunarkjarna innan borgarhverfa. Flokkurinn leggur einnig áherslu á svokölluð 15 mínútna hverfi, þar sem finna megi bæði verslun og þjónustu innan fimmtán mínútna göngufæris.

Áherslu á fimmtán mínútna hverfi má einnig sjá í stefnuyfirlýsingu Vinstri grænna, en flokkurinn hefur birt stefnuyfirlýsingu fyrir þau sveitarfélög sem flokkurinn býður fram í.

Viðreisn vill tryggja lóðir fyrir minnst 2.000 íbúðir á ári. Bæði þétta byggð og byggja ný hverfi. Svo sem við Ártúnshöfða og ljúka skipulagi vegna fyrstu áfanga Keldnalands. Einnig stækka hverfi, svo sem á Skeifusvæðinu, við Kringluna, í Úlfarsárdal og Kjalarnesi.

„Við viljum að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýri og þar rísi í staðinn þétt, blönduð byggð. Hefja skal sem fyrst uppbygginu í Skerjafirði og á öðrum svæðum í Vatnsmýri,“ segir í stefnu Viðreisnar.

> **Samfylkingin og Píratar leggja áherslu á sameiginlega ábyrgð sveitarfélaga á húsnæðismálum.**

Píratar leggja áherslu á að hraða uppbyggingu „fjölbreytts húsnæðis í þéttri lífsgæðabyggð í takt við þarfir almennings,“ eins og það er orðað í stefnu flokksins.

Samfylkingin leggur í sinni stefnuyfirlýsingu sérstaka áherslu á samstarf við ríki og önnur sveitarfélög um húsnæðisuppbyggingu. „Við gerðum samgöngusáttmála fyrir höfuðborgarsvæðið. Nú þurfum við húsnæðissáttmála,“ segir í stefnuyfirlýsingu flokksins. Með slíkum sáttmála eigi að tryggja framboð af húsnæði fyrir alla, en til þess þurfi Reykjavík að fá bæði ríki og nágrannasveitarfélög til að feta í fótspor borgarinnar og byggja félagslegt húsnæði og að fjölga íbúðum á vegum óhagnaðardrifinna leigufélaga fyrir tekjulægri hópa, stúdenta og eldri borgara.

Píratar leggja einnig áherslu á sameiginlega ábyrgð en „fjölga þurfi félagslegum íbúðum sem hlutfalli af heildaruppbyggingu og stuðla að því að öll sveitarfélög axli sinn hluta, tryggja að að lágmarki 25% uppbyggingar sé fyrir efnaminni hópa,“ eins og segir í stefnunni.

Í stefnu Vinstri grænna segir að sveitarfélög skuli styðja óhagnaðardrifin leigufélög með því að tryggja þeim lóðir.

Flokkurinn leggur áherslu á að húsnæðiskostnaður eigi aldrei að vera hærri en 33 prósent af ráðstöfunartekjum fólks. Flokkurinn vill meðal annars setja skýrar reglur um skammtímaleigu húsnæðis til ferðamanna. Þetta eigi að gera í þágu almannahagsmuna.

Sósíalistaflokkurinn leggur áherslu á að ódýrt og öruggt húsnæði sé forsenda allrar velferðar- og heilbrigðisþjónustu. Til að unnt sé að uppræta fátækt og byggja öflugt velferðarkerfi þurfi stórátak í uppbyggingu félagslegs húsnæðis.

„Sósíalistar leggja til húsnæðisbyltingu þar sem 30 þúsund félagslegar íbúðir verði byggðar um allt land á næstu tíu árum,“ segir í nýbirtri áætlun flokksins.

Ríki og sveitarfélög þurfi að starfa saman að þessari uppbyggingu og leggur flokkurinn til stofnun sérstaks húsnæðissjóðs sem tryggja muni almenningi öruggt leiguhúsnæði. Sjóðurinn verði fjármagnaður með sölu á skuldabréfum, framlagi frá sveitarfélögum í formi lóða og lánsframlagi frá ríkinu.

Ekki hafa allir flokkar sem bjóða fram í borginni kynnt stefnumál sín og mun Fréttablaðið fjalla um húsnæðisstefnur annarra flokka þegar þær hafa verið kynntar. ■





Tóm froða!
Hugsum
tyrggignar
upp á nýtt.
Vissir þú að ef þú leitar ekki reglulega tilboða í trgygginarnar þínar borgar þú að jafnaði 10–15% hærra verð en nýir viðskiptavinir.
Á meðan borgum við hér á Íslandi 50–100% hærri bílatrgygnigar en hin Norðurlöndin. Súrt, ekki satt?
Við viljum hugsa trygiggnar algerlega upp á nýtt. Þú kaupir bara vernd fyrir bílinn þinn í áskrift, án allra skuldbindinga — og getur sparað þér allt að 40% með betri akstri.
Það er alltaf erfitt að breyta til. Við vitum það vel. Við ætluðum til dæmis aldrei að vera með smátt letur í auglýsingum, en hérna erum við samt.*
Ekki meiri froðu, takk.
Vernaðu bílinn.
Sæktu appið.
verna
*Lögum samkvæmt ber okkur skylda til að taka fram að TM tryggingar hf. eru vátryggjandi bílatryggingarinnar sem Verna þróaði, selur og þjónustar.

# Börn með útbrot vegna eiturefna frá verkstæði

**Ástandið á reit þrjú í Vogabyggð er með öllu óásættanlegt að mati íbúa, sem orðnir eru langþreyttir á umgengni og óvissu um framtíðina, en þeim finnst borgin draga lappirnar í skipulagsmálum. Börn sofa fyrir neðan mengandi starfsemi og hafa sum fengið ertingareinkenni í húð og slímhúð sem gæti háð þeim ævilangt.**

benediktboas@frettabladid.is



Mest af því húsnæði sem stendur í hverfinu eru byggt í kringum 1960 og uppfyllir í flestum tilfellum ekki nútímakröfur til mengunarvarna.




Ástandið á reitnum er yfirleitt líkt þessari mynd. Íbúðarhús fyrir ofan mengandi iðnað og þurfa íbúar að loka gluggum að morgni þegar vinnutími hefst.

**SAMFÉLAG** Börn hafa orðið fyrir eiturárhrifum á reit þrjú í Vogabyggð og þurfa íbúar að loka gluggum þegar verkstæðin á jarðhæð opna. Illa gengur að fá einhver svör frá annars vegar borginni um deiliskipulag og hins vegar Heilbrigðiseftirlitinu um mengandi iðnað.

Ástandið á reit þrjú er sagt með öllu óásættanlegt samkvæmt bréfi sem íbúaráð Laugardals tók fyrir rétt áður en páskar gengu í garð.

„Systkinin hafa fengið ertingareinkenni í húð og slímhúð sem hefur verið sett í samband við mikla lykt af terpentínu og asetoni sem berst frá bílaverkstæði á jarðhæð hússins sem þau búa í. Saga þeirra varðandi þetta finnst mér ótvíræð hvað þetta varðar,“ segir barnalæknir um börnin.

Börnin fluttu með foreldrum sínum á reitinn fyrir skömmu en margir íbúar á reitnum búa nálægt mengandi iðnaði. Íbúum er nóg boðið og sendu íbúaráði Laugardals harðort bréf, enda átti að vera búið að deiliskipuleggja hverfið og er það auglýst nánast sem ein stór paradís.

Í bréfinu segir að starfsemi á neðstu hæðum við Súðarvog taki ekkert tillit til gangandi umferðar og hertaki gangstéttir undir úrgang frá verkstæðum. Þá séu til sannanir um að fyrirtækin séu að skola eiturefnum ofan í niðurföll – sem rúlla svo út í sjó.

Þorbergur Halldórsson, formaður húsfélagsins Súðarvogs 44-48, sendi bréfið en hann keypti á reitnum árið 2009. „Börnin sem þarna um ræðir fluttu í hverfið fyrir faraldurinn.




Systkinin fengu útbrot og ertingareinkenni vegna mengandi iðnaðar fyrir neðan íbúð þeirra. Heilbrigðiseftirlitið virkaði lítið þrátt fyrir leyfisleysi þeirra sem ollu útbrotunum.

Ég varð var við að það var verið að sprauta bíla á neðstu hæðinni hjá þeim í algjöru leyfisleysi. Það tók allt of langan tíma að stoppa það þrátt fyrir að verkstæðið væri ekki með nein leyfi. Heilbrigðiseftirlitið virkaði engan veginn því loksins þegar eitthvað var gert voru börnin komin með útbrot,“ segir Þorbergur.

Hann segir að töluvert sé komið af löglegum íbúðum í hverfinu en einnig er að finna þar einhverjar ólöglegar. Þá sé allur iðnaður sem þarna sé að finna slíkur að hann geti ekki uppfyllt neinar nútímakröfur um mengunarvarnir. „Það lyktar upp úr klósettum hjá mér því það er allt sett í niðurföllin. Heilu plönin, þó þau séu full af olíu eða glussa, eru spúluð niður í niðurföllin sem hafa enga olíusíu eða neitt sem nútíminn gerir kröfu um.“

Þorbergur hefur verið í samskiptum við borgina fyrir hönd íbúa í nokkur ár en kemur alls staðar að lokuðum dyrum. „Við erum að fara fram á að það verði klárað að deiliskipuleggja og ef það á að vera einhver svona iðnaður hér áfram þá þarf að laga það húsnæði þannig það sé ekki allt sett ofan í ræsi.

Þetta er frábært framtíðarsvæði og þess vegna skil ég ekki borgina að láta þetta fara svona. Hér er allt stopp því það veit enginn hvað má og hvað ekki. Verður þetta áfram iðnaðarpláss eða breytast bilin í íbúapláss? Það er ótrúlegt að þetta fái að viðgangast árið 2022,“ segir Þorbergur.

Sjálfur þarf hann að loka gluggum þegar sprautuverkstæði fyrir neðan hann opnar. „Þá er ólíft vegna lyktar. Það er engin loftræsting á verkstæðinu önnur en hurðin til að aka bílum inn og út. Það finnst heilbrigðiseftirlitinu í lagi og er látið viðgangast.

> ”
> **Systkinin hafa fengið ertingareinkenni í húð og slímhúð, sem hefur verið sett í samband við mikla lykt af terpentínu og asetoni sem berst frá bílaverkstæði á jarðhæð hússins sem þau búa í.**
>
> Barnalæknir í vottorði fyrir íbúa í Vogabyggð

Við erum búin að vera þolinmóð og sýna mikla þolinmæði en þetta er komið út fyrir eitthvað sem er skiljanlegt,“ segir Þorbergur, en íbúaráð Laugardals bókaði þakkir fyrir kynninguna og beindi því til skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits að svara erindinu. ■




# Ráðgjafi stjórnvalda nú sá sami og í hruninu

ggunnars@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Breski fjármálaráðgjafinn Michael Ridley, sem var Seðlabanka Íslands til aðstoðar þegar bankarnir féllu í byrjun október 2008, hefur verið fjármálaráðherra og stjórnvöldum til ráðgjafar við sölumeðferð ríkisins á Íslandsbanka.

Ridley, sem starfaði lengi hjá fjárfestingabankanum J.P. Morgan, fór fyrir fjögurra manna teymi sem fundaði með ríkisstjórninni um miðja nótt í aðdraganda efnahagshrunsins. Í kjölfar þess fundar var tekin ákvörðun um neyðarlög.



Michael Ridley, fjármálaráðgjafi

Ridley lét síðar hafa eftir sér að hans hlutverk á fundinum með ráðamönnum hefði verið að sannfæra ríkisstjórnina um að ekki væri unnt að bjarga íslenska bankakerfinu.

Árið 2018 var Ridley kallaður til landsins á ný. Í þetta skiptið til að leggja mat á forkaupsrétt á hlutabréfum Kaupþings í Arion banka.

Ári síðar, eða árið 2019, leituðu íslensk stjórnvöld enn og aftur til Bretans en hann sat þá fund með ráðamönnum vegna stöðu flugfélagsins WOW air.

Michael Ridley hefur því veitt stjórnvöldum ráðgjöf í fjórum af stærstu álitamálum íslensks viðskiptalífs á undanförnum fjórtán árum.

Fréttablaðið hefur sent fjármálaráðuneytinu formlega fyrirspurn um aðkomu Michaels Ridley að sölunni á hlut ríkisins í Íslandsbanka í síðasta mánuði

Þá er einnig beðið svara um heildarkostnað ráðuneytisins í tengslum við ráðgjöf breska sérfræðingsins. ■

> »
> **Ridley hefur veitt stjórnvöldum ráðgjöf í fjórum af stærstu álitamálum íslensks viðskiptalífs frá aldamótum.**

# TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FYRIR SUMARIÐ

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Þú finnur úrval bíla frá öllum helstu framleiðendum á notadir.is




MERCEDES-BENZ
**B-Class 200**
Árgerð 2020, ekinn 13 þús. km, bensín, 1332 cc, 164 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 293321 Staðsetning: Krókháls 7
Verð áður 5.290.000 kr.
**4.750.000 kr.**




MERCEDES-BENZ
**E-Class 300 de PHEV**
Árgerð 2020, ekinn 47 þús. km, dísil/rafmagn, 1950 cc, 195 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
Raðnúmer: 392437 Staðsetning: Krókháls 7
Verð áður 8.850.000 kr.
**7.990.000 kr.**



KIA
**XCeed Urban**
Árgerð 2021, ekinn 7 þús. km, bensín, 1353 cc, 140 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 451389 Staðsetning: Krókháls 7
Verð áður 4.590.000 kr.
**4.290.000 kr.**



HONDA
**Civic Elegance**
Árgerð 2020, ekinn 21 þús. km, bensín, 988 cc, 127 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 995868 Staðsetning: Krókháls 7
**3.590.000 kr.**




MERCEDES-BENZ
**GLC 350 e 4MATIC PHEV**
Árgerð 2018, ekinn 52 þús. km, bensín/rafmagn, 1991 cc, 211 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 996332 Staðsetning: Krókháls 7
Verð áður 7.990.000 kr.
**7.490.000 kr.**



TOYOTA
**Land Cruiser 150 VX**
Árgerð 2019, ekinn 73 þús. km, dísil, 2755 cc, 177 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 451398 Staðsetning: Krókháls 7
Verð áður 11.490.000 kr.
**10.990.000 kr.**



HONDA
**e Advanced**
Árgerð 2020, ekinn 10 þús. km, rafmagn, 210 km drægi, 154 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
Raðnúmer: 996636 Staðsetning: Krókháls 7
**4.190.000 kr.**



KIA
**SPORTAGE MHEV Black Edt**
Árgerð 2021, ekinn 14 þús. km, dísil, 1598 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 996425 Staðsetning: Krókháls 7
**6.290.000 kr.**



MERCEDES-BENZ
**Sprinter 319**
Árgerð 2013, ekinn 97 þús. km, dísil, 2987 cc, 191 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
Raðnúmer: 995082 Staðsetning: Krókháls 7
Verð áður 5.550.000 kr.
**4.890.000 kr.**



HONDA
**CR-V Hybrid Lifestyle**
Árgerð 2021, ekinn 14 þús. km, bensín/rafmagn, 1993 cc, 146 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 996753 Staðsetning: Krókháls 7
**6.390.000 kr.**



NISSAN
**Qashqai Tekna**
Árgerð 2019, ekinn 31 þús. km, bensín, 1332 cc, 160 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 996582 Staðsetning: Krókháls 7
Verð áður 4.390.000 kr.
**3.990.000 kr.**



SKODA
**Superb Ambition**
Árgerð 2019, ekinn 66 þús. km, bensín, 1395 cc, 150 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 996484 Staðsetning: Krókháls 7
Verð áður 5.190.000 kr.
**4.890.000 kr.**

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd. **Tveggja ára ábyrgð og þjónusta innifalin með viðurkenndum Mercedes-Benz.




ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Krókhálsi 7, 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • notadir.is
Opið: Mán-fim 9-18 • fös 9-17 • lau 12-16

Fylgdu okkur á Instagram
instagram.com/askjanotadirbilar

Fylgdu okkur á Facebook
facebook.com/askjanotadirbilar

/Augljos

Fríar forskoðanir
fyrir laseraðgerðir
út apríl

Tímapantanir 414 7000

## Auglýsing um framlagningu kjörskrár vegna kosningar til kirkjuþings

Kosning til kirkjuþings fer fram frá kl. 12:00 hinn 12. maí 2022 til kl. 12:00 hinn 17. maí s.á. Kosningin verður rafræn.

Á kirkjuþingi eiga sæti 29 þjóðkirkjumenn kjörnir til fjögurra ára í senn. Eru 12 þeirra úr hópi vígðra manna, þ.e. presta og djákna og 17 leikmenn.

Kjörstjórn hefur, á grundvelli 9. gr. **starfsreglna nr. 8/2021 um kjör til kirkjuþings,** samþykkt kjörskrá vegna kosninganna. Á kjörskrá eru þeir sem uppfylltu skilyrði kosningarréttar hinn 1. apríl 2022, sbr. 3.-6. gr. starfsreglnanna.

Kjósandi getur kannað á þar til gerðu vefsetri **kirkjan.is/kirkjuþing/kjörskrá** hvort nafn hans sé á kjörskrá. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarþjónusta, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill. Kjörskrá liggur enn fremur frammi á pappír, kjósendum til sýnis, á Biskupsstofu og skrifstofum prófasta, sbr. 4. og 5. mgr. 9. gr. starfsreglnanna.

Athugasemdir vegna kjörskrár skulu berast kjörstjórn eigi síðar en þremur sólarhringum áður en kosning hefst. Athugasemdir skulu sendar á netfangið kirkjan@kirkjan.is

*Reykjavík, 20. apríl 2022*
*f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar*
*Anna M. Karlsdóttir, formaður.*

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut



Að rannsókninni kemur stór hópur vísindamanna víða um Evrópu og í Ástralíu. Rannsóknin hófst árið 1990 meðal fólks sem þá var á aldrinum 20-44 ára. Þátttakendur eru tugir þúsunda karla og kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Einstaklingsbreytileikinn meiri en áður var talið

**Rannsóknarhópur á vegum Háskóla Íslands og Landspítala hefur rannsakað áhrif umhverfis, lífsstíls, svefns og heilsu á öndunarfæri þjóðarinnar í yfir þrjátíu ár. Nú hefst nýr áfangi rannsóknarinnar.**

birnadrofn@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Markmið þessarar rannsóknar er að finna þætti sem gera okkur áhættumat auðveldara þannig að það megi meðhöndla áhættu áður en hún er orðin að sjúkdómi,“ segir Þórarinn Gíslason, prófessor við Háskóla Íslands og fyrrverandi yfirlæknir lungna- og svefndeildar Landspítala.

Þórarinn fer ásamt Bryndísi Benediktsdóttur, prófessor og heimilislækni, fyrir rannsóknarhópi fyrir hönd HÍ og Landspítala sem hefur rannsakað áhrif umhverfis, lífsstíls, svefns og heilsu á öndunarfæri þjóðarinnar í yfir þrjátíu ár.

Rannsóknin heitir Evrópurannsóknin Lungu og heilsa (ECRHS) og að henni kemur stór hópur vísindamanna víða um Evrópu og í Ástralíu. Rannsóknin hófst árið 1990 meðal fólks sem þá var á aldrinum 20-44 ára, meðal annars sem viðbragð við fjölgun astmatilfella í heiminum, en vísbendingar voru um að umhverfisþættir ættu þar hlut að máli. Þátttakendur eru tugir þúsunda karla og kvenna.

Þórarinn segir styrkinn í rannsókn eins og Lungu og heilsu felast í því að með endurteknum rannsóknum sé hægt að greina orsakasambönd og draga áreiðanlegri niðurstöður, frekar en í rannsóknum sem framkvæmdar eru á einum tímapunkti.

> Afkomendur þátttakenda hafa verið rannsakaðir á sama hátt og upplýsingum um foreldra þeirra hefur verið safnað.



Þórarinn Gíslason, prófessor

Unninn hefur verið fjöldi fræðigreina úr niðurstöðum rannsóknarinnar. Segir Þórarinn þær meðal annars sýna að ekki sé hægt að draga ályktanir um hópa eins menn freistuðust meira til að gera áður.

„Einstaklingsbreytileikinn er meiri en áður var talið,“ segir Þórarinn. „Það er ekki lengur talað um karla á þessum aldri eða konur á þessum aldri, það er meiri munur á milli hvers og eins,“ bætir hann við.

„Annað sem gerir rannsóknina áhugaverða er að afkomendur þátttakenda hafa verið rannsakaðir á sama hátt og upplýsingum um foreldra þeirra hefur verið safnað. Þannig getum við séð hvernig lífsstíll og umhverfi foreldra hefur áhrif á heilsu næstu kynslóða,“ segir Þórarinn.

Niðurstöður hafa til dæmis leitt í ljós að ef faðir reykir fyrir getnað barns, einkum ef hann byrjaði að reykja fyrir 15 ára aldur, eru afkomendur hans mun líklegri til að glíma við minnkaða lungnastarfsemi, astma og ofnæmi. Þetta gildir jafnvel þótt faðirinn hefði hætt að reykja fimm árum fyrir getnað.

Einn af þeim þáttum sem íslenski hópurinn hefur skoðað er svefn. Þegar allir þátttakendur voru skimaðir fyrir kæfisvefni í þriðja fasa rannsóknarinnar fyrir um tíu árum kom í ljós að hann reyndist mun algengari en áður var talið. Fimmtán prósent reyndust vera með með kæfisvefn á meðal- eða háu stigi.

Þórarinn segir að nú sé stórt tækifæri í því að fylgja þátttakendum eftir. Niðurstöðurnar verði verðmætar. „Þær gætu til dæmis hjálpað okkur að draga ályktun um það hvort að ástæða sé til þess að skima fyrir kæfisvefni,“ segir hann.

„Í sannleika sagt eru ekki margir aðrir staðir í heiminum sem ná að fylgja svona rannsóknum þetta vel eftir, Íslendingar eru áhugasamir að leggja þessu lið og við fáum sérstaklega góða svörun,“ segir Þórarinn. ■

Komum sterk inn í sumarið

Það sem þátttakendur uppskera:
- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun
- Kveikja eldmóð og sýna seiglu



Námskeið hefjast:
9 til 12 ára Leiðtogabúðir 20. júní 8.45-17.00 4 dagar í röð
10 til 12 ára 13. júní 9.00-13.00 átta virka dagar í röð
13 til 15 ára 13. júní 13.30-17.00 átta virka dagar í röð
16 til 19 ára 3. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 30. maí 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk

Dale Carnegie

*Hægt er að nota frístundastyrki bæjarfélaga sem greiðslu - Youth_Ad_040722


ÞAÐ ER STUTT
Í GUÐLAUGU
AKRANES.IS
AKRANES



Tekjur borgarinnar voru mun hærri en áætlað var. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Afkoman reyndist yfir væntingum

olafur@frettabladid.is

**REYKJAVÍKURBORG** Afkoma Reykjavíkurborgar á síðasta ári var betri en reiknað var með. Heildarrekstrartekjur A- og B-hluta námu 202,6 milljörðum, sem er 7,4 milljörðum yfir áætlun.

Rekstrarstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 20,8 milljarða, 11,9 milljörðum yfir áætlun.

Auknar rekstrartekjur, breytingar hjá Félagsbústöðum og í raforkusamningum Orkuveitunnar, skýra hina bættu afkomu.

Heildareignir borgarinnar námu 790,6 milljörðum í árslok 2021 og heildarskuldir og skuldbindingar námu 407,3 milljörðum. Eigið fé nam því 282,3 milljörðum og eiginfjárhlutfallið var 48,5 prósent um áramót og hækkaði milli ára.

» Tap upp á 3,8 milljarða varð á rekstri A-hluta í fyrra. Þetta er 8,1 milljarði betri útkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Tap upp á 3,8 milljarða varð á rekstri A-hluta í fyrra. Þetta er 8,1 milljarði betri útkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir. Stafar það einkum af hærri staðgreiðslu útsvars og betri ávöxtun eigna lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar. Launakostnaður jókst hins vegar og má að hluta rekja það til Covid aðgerða í skólum og velferðarþjónustu og kjarasamningshækkana.

Covid setti strik í reikninginn í rekstri borgarinnar 2020 og 2021 en tekjuöflun virðist vera að rétta hratt úr kútnum nú þegar faraldurinn er að mestu að baki. ■

# Seldi íbúð sína fyrir draumabílinn sem aldrei hefur borist til landsins

Forkólfar bílasölunnar Bensinlaus.is sitja undir ásökunum um óheiðarlega viðskiptahætti, en jafnt viðskiptavinir og fyrrverandi starfsmenn bera þá þungum sökum fyrir samningssvik.

ser@frettabladid.is



Innflutningur á notuðum bílum frá Evrópu og Bandaríkjunum hefur aukist mikið á síðustu árum eftir að Alþingi breytti lögum um bílasölu hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**VIÐSKIPTI** Sölusamningurinn sem framkvæmdastjóri Bensinlaus.is gerði við Jóhannes Þór Jóhannesson, ellilífeyrisþega, um kaup á Ford Mustang bifreið frá Bandaríkjunum í upphafi ársins var handskrifaður. Ekkert verksmiðjunúmer á bílnum kom fram á samningnum, en þar var hann skráður nýr, með ábyrgð umboðsaðila á Íslandi, en hvorugt reyndist rétt.

Forsíðufrétt blaðsins frá því í gær um ásakanir fyrrverandi starfsmanna bílasölunnar Bensinlaus.is um að núverandi forkólfar hennar seldu notaða rafbíla sem eru ekki til, hefur vakið athygli, en þar var rætt við Jóhannes Þór, sem hefur hvorki séð tangur né tetur af tæplega átta milljóna króna bíl sem hann greiddi Ívari Mána Garðarssyni, framkvæmdastjóra sölunnar í tveimur greiðslum dagana 11. og 15. janúar í byrjun árs.

Fjórir fyrrverandi starfsmenn sölunnar gengu nýverið á dyr vegna óbeitar á vinnubrögðum framkvæmdastjórans, að eigin sögn, en tveir þeirra hafa lýst því yfir að framkvæmdastjórinn hafi ítrekað veifað fölskum verksmiðjunúmerum bifreiða framan í grunlausa kaupendur á borð við Jóhannes Þór, sem vita enn ekki hvort þeir geti rift sölusamningnum og fengið greiðsluna til baka, ellegar fengið bílinn í sínar hendur. Málið er komið í hendur lögreglu.

Jóhannes Þór kveðst hafa selt íbúð sína erlendis til að láta draum sinn rætast á gamals aldri um að festa kaup á draumabílnum. „Ég lifi það sennilega af að tapa þessum tæplega sjö milljónum króna, en ég vil vekja athygli á svona sölumennsku sem hefur ekkert með heiðarleika að gera,“ segir hann í samtali við blaðið.

Lögmaður hans er með málið í vinnslu, en síðustu viðbrögð sem hann fékk frá framkvæmdastjóra Bensinlaus.is vegna vanefnda á afhendingu á Ford Mustang draumabíl Jóhannesar Þórs, bárust um miðjan febrúar, mánuði eftir undirritun kaupsamningsins, en þar stóð orðrétt í stuttum skilaboðum: „Bíllinn er tilbúinn til innflutnings. Því fyrr sem eftirstöðvar eru greiddar, því fyrr kemst bíllinn í flutningsferli.“ Rétt er að taka fram að þá þegar var andvirði bílsins fullgreitt, að sögn Jóhannesar Þórs. Starfsmenn Eimskips hafa staðfest að umræddur bíll hafi enn ekki skilað sér á hafnarbakkann í Ameríku, sem bílasalan tilgreindi.

Framkvæmdastjóri Bensinslaus.is hefur ekki svarað fyrirspurnum eftir að þessi orðsending barst frá honum. Hann hefur heldur ekki svarað ítrekuðum símtölum Fréttablaðsins síðustu daga. ■

### „Skrautlegasta plagg“

Alvarlegar athugasemdir voru gerðar við ársreikning Bensinlaus.is fyrir árið 2020, af hálfu löggilts endurskoðanda: „Þetta er hið skrautlegasta plagg. Félagið hefur selt bíla fyrir 15,6 mkr. en keypt þá fyrir 16.2 mkr., svo þeir eru seldir undir kostnaðarverði. Þá eiga þeir útistandandi 32,5 mkr. þó svo að ekki hafi verið selt meira en þetta, þ.e. helmingi meira en alla sölu ársins. Gæti hugsast að eitthvað af þessu séu í raun birgðir (ókomnar í hús) með tilliti til þeirrar fjárhæðar sem þeir eiga eftir að afhenda bíla fyrir sbr. hér að neðan. Innborganir á óafhenta bíla nema tæpum 39 mkr. 3,9 mkr. vantar upp á að félagið eigi fyrir skuldum skv. þessum ársreikningi. Eigendur skulda félaginu 575 þkr. sem bendir til þess að hlutaféð hafi aldrei verið innborgað.“

### FÍB varaði við svikahröppum

Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur sent frá sér tilkynningu vegna fréttar Fréttablaðsins um meint stórfelld svik bílasölunnar Bensinlaus.is og segir þar að ástæða sé til að rifja upp viðvörunarorð FÍB þegar Alþingi breytti lögum um bílasölu 5. mars 2020.

„Með lagabreytingunni voru skilyrði um leyfisveitingu og starfsábyrgðartryggingu fyrir sölu notaðra bíla felld niður. Fullyrt var að önnur lög um neytendavernd veittu betri tryggingu. Fullyrt var að við sölu notaðra bíla væri ekki um verulegar fjárhæðir að ræða.

FÍB og Bílgreinasambandið vöruðu Alþingi sterklega við afnámi þessara skilyrða. Bent var á að kröfurnar hefðu skapað aðhald að sölufyrirtækjunum og stuðlað að almennu trausti í viðskiptum með notuð ökutæki. Þá væru skilyrðin síður en svo íþyngjandi fyrir bílasölur. Bent var á að árleg velta í viðskiptum með notuð ökutæki væri á bilinu 60-80 milljarðar króna og því um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða.

Sérstaklega bentu FÍB og Bílgreinasambandið á að með brottfalli þessara skilyrða væri opnað upp á gátt fyrir svikahrappa, líkt og þekktist víða erlendis.“




Parket

Parki INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnsþolnu harðparketi og vínylparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14.**

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf

**Dalvegi 10-14,** 201 Kópavogi • 595 0570

Finndu okkur á **Facebook!** facebook.com/Parki.interiors

Menntadagur atvinnulífsins 2022

# Stafræn hæfni í íslensku menntakerfi og atvinnulífi.

## 25. apríl

## Silfurberg í Hörpu, kl. 9

Menntadagur atvinnulífsins fer nú loksins fram í raunheimum eftir langt tímabil streymisviðburða. Þetta verður í níunda skipti sem dagurinn er haldinn hátíðlegur.

Við hlökkum til að hittast til að ræða menntamálin og heyra frá ráðherrum málaflokksins, sem nú heyrir undir þrjú mismunandi ráðuneyti.

Skráning á **sa.is** — öll velkomin



**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**
vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



**Ásmundur Einar Daðason**
mennta- og barnamálaráðherra



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra



**Guðni Th. Jóhannesson**
afhendir menntaverðlaun atvinnulífsins

DAGSKRÁ

**9:00 – 10:30** →
**Opnunarávarp** – Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

**Að efla tæknilæsi og tækniáhuga**
– Eyjólfur Brynjar Eyjólfsson, deildarstjóri í nýsköpun og frumkvöðlamennt hjá Háskóla Íslands.

**Námsgagnatorgið. Stafræn bylting í starfsumhverfi kennara** – Kristrún Lind Birgisdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Ásgarðs í skýjunum.

**Hverju breytir stafræn þróun fyrir atvinnulífið?**
– Íris Ösp Bergþórsdóttir, mannauðsstjóri Elkem.

**Pallborð**: Einar Þór Bjarnason, frkv.stjóri Intellecta, Inga Björg Hjaltadóttir, frkv.stjóri Attentus, Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi Hagvangi. Stjórnandi: Ágústa Björg Bjarnadóttir, mannauðsstjóri Sjóvá.

**Pallborð**: Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra. Stjórnandi: Sigríður Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri Landsbankans.

**Frá IQ til EQ að DQ**: Stafræn færni og tilfinningagreind, þjálfun lykilfærni leiðtoga á þekkingaröld – Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri Franklin Covery á Íslandi.

**Menntaverðlaun atvinnulífsins**. Forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson afhendir menntaverðlaun atvinnulífsins 2022.

**10:30 – 11:00** → Menntatorg og netagerð

**11:00 – 12:00** → Málstofur

SAF SFF SAMORKA SVÞ SI




Aðgerðin var vandasamt verk sem krafðist mikils undirbúnings. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# TF-ABB hífð upp úr Þingvallavatni

Eftir meira en tveggja mánaða bið var loks hægt að hífa flak flugvélarinnar TF-ABB upp úr Þingvallavatni.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**FLUGSLYS** Flak Cessna flugvélarinnar TF-ABB, sem fjórir menn fórust með í Þingvallavatni í febrúar, var híft upp úr Þingvallavatni í gærkvöldi. Vegna íss var ekki hægt að hífa vélina upp fyrr. Mikill undirbúningur var fyrir aðgerðina sem gera þurfti varlega.

Fyrst var rafeindabúnaður vélarinnar fjarlægður úr henni og hífður sérstaklega upp. Huga þurfti að því að hann myndi ekki þorna, rannsóknarhagsmuna vegna. Það er Rannsóknarnefnd samgönguslysa sem tekur við flakinu og öllum gögnum úr því.

Um klukkutíma seinna, um klukkan 20, var byrjað að hífa sjálft flakið upp. En samkvæmt köfurum sem farið höfðu niður að því, virtist það vera nokkuð heillegt.

Gerð var vettvangsrannsókn á flakinu á staðnum áður en það var flutt til Reykjavíkur í frekari skoðun Rannsóknarnefndarinnar. Ekki er vitað hversu langan tíma rannsóknin mun taka. ■















Verðum við ekki úti í vor?

Er ekki kominn tími til að kíkja á Strikið, borða smurbrauð og skemmta sér konunglega á krá við Nýhöfn? Eða kannski fara með fjölskyldu og vinum í Tívolí? Sama hvað þú gerir þá er góð stemning í Köben að vori.

Finndu þína draumaferð til Kaupmannahafnar.



# LÝKUR Á MÁNUDAG

# Danskir DAGAR

**DC 3600**
Fallegur 2 sæta sófi með mjúku savoy/split leðri. Svart eða koníakslitað. 143 x 80 x 80 cm. **191.992 kr.** ~~239.990 kr.~~

**DC 3600**
Fallegur 3 sæta sófi með mjúku savoy/split leðri. Svart eða koníakslitað. 202 x 80 x 80 cm. **239.992 kr.** ~~299.990 kr.~~

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM*

**20% AFSLÁTTUR AF SMÁVÖRU FRÁ**

BROSTE COPENHAGEN · NORDAL · Bitz · eva solo · ester & erik · Verti COPENHAGEN · Sommer · ZONE DENMARK · KAY BOJESEN DENMARK · bodum



**SÖDAHL**
Rúmteppi. Ash eða Nude litur.
240 x 260 cm. **17.592 kr.** ~~21.990 kr.~~
150 x 260 cm. **9.592 kr.** ~~11.990 kr.~~







**NORDAL CARNA**
Blómapottur
Ø15,5 x 15,5 cm.
Nú 5.192 kr. ~~6.490 kr.~~
Ø22 x 24 cm.
Nú 11.992 kr. ~~14.990 kr.~~




**Reykjavík** Bildshöfði 20 — **11 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri Dalbraut 1** — **11 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



## GAIN
Hægindastóll. Ýmsir litir. Sléttflauel.
**43.992 kr.** ~~54.990 kr.~~

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN



## ALBA
Hægindastóll. Svart eða ljósgrátt leður
**95.992 kr.** ~~119.990 kr.~~



## RETINA
Skammel með geymslu. Ýmsir litir.
Ø60 x 35 cm. **15.992 kr.** ~~19.990 kr.~~



## ARCH
Borðstofustóll, Bouclé grár.
**Nú 47.992 kr.** ~~59.990 kr.~~



## CLEVELAND
Hornsófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga. 308 x 203 x 81 cm.
**159.992 kr.** ~~199.990 kr.~~ *Hnakkapúðar seldir sér.*



## ALISMA
Sófaborð. Svört glerplata, svört járngrind. 80 x 80 cm.
**23.992 kr.** ~~29.990 kr.~~



## BRAY
Borðstofustóll. Velvet Mustard eða grátt sléttflauel.
**Nú 15.992 kr.** ~~19.990 kr.~~



## MARIBO
Hornsófi í fallegur Hampton dökkgráu áklæði. Hægri eða vinstri tunga. 236 x 208 x 78 cm.
**151.992 kr.** ~~189.990 kr.~~



## NAPOLI
Barstóll, retro grár. H95 cm.
**Nú 22.392 kr.** ~~27.990 kr.~~



## CHARLIETOWN
Fallegur 3ja sæta sófi. Vic Dusty Rose sléttflauel. 219 x 88 x 78 cm.
**135.992 kr.** ~~169.990 kr.~~




**Þú finnur bæklinginn husgagnahollin.is eða með því að skanna QR kóðann**

** Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.*

HÚSGAGNA HÖLLIN



**Gildi-lífeyrissjóður**
*Ársfundur 2022*

*Grand Hótel Reykjavík,*
*fimmtudaginn 28. apríl kl. 17:00*

**Dagskrá:**
- Hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
- Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

Við bjóðum sjóðfélaga velkomna á fundinn.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI
Lífeyrissjóður www.gildi.is

**Frjálsi** lífeyrissjóðurinn



Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa verður haldinn mánudaginn 23. maí 2022 kl. 17:15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Allir sjóðfélagar eru velkomnir á fundinn en einnig verður hægt að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á vef sjóðsins, frjalsi.is, tveimur vikum fyrir ársfund.

Boðið verður upp á rafræna og skriflega kosningu aðalmanna og varamanna í stjórn. Fyrirkomulag kosninganna má finna á vef sjóðsins.

Á fundinum verða kjörnir þrír aðalmenn til þriggja ára og þrír varamenn. Einn varamaður verður kosinn til eins árs, einn til tveggja ára og einn til þriggja ára.

Framboð til stjórnar þarf að liggja fyrir eigi síðar en 14 dögum fyrir ársfund, þ.e. 9. maí 2022. Senda skal tilkynningu um framboð auk nauðsynlegra gagna á netfangið arsfundur@frjalsi.is.

Nánari upplýsingar um fundinn, reglur um framkvæmd ársfundar og rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar og þau gögn sem frambjóðendur þurfa að skila inn til að staðfesta framboð sitt má finna á vef sjóðsins. Ársreikning 2021 og meginniðurstöður hans er einnig að finna á vef sjóðsins frjalsi.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**





Sambönd hermanna hafa verið bönnuð hingað til. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Samkynhneigðir vinna áfangasigur í Suður-Kóreu

Dregið hefur til tíðinda í réttindabaráttu hinsegin fólks í Suður-Kóreu, en nýverið féll dómur í máli tveggja hermanna sem höfðu áður verið ásakaðir um samkynhneigð.

ragnarjon@frettabladid.is

**SUÐUR-KÓREA** Hæstiréttur Suður-Kóreu hefur kveðið upp dóm gegn áratuga gömlu banni suður-kóreska hersins við sambandi samkynhneigðra. Þannig féll úr gildi dómur í máli tveggja hermanna sem höfðu verið ásakaðir um að eiga í ástarsambandi á meðan þeir dvöldu utan herstöðvar sinnar.

Með þessu tekur hæstiréttur landsins afstöðu gegn ströngum lögum heryfirvalda sem spila stórt hlutverk í samfélagi Suður-Kóreu.

Viðurlög við sambandi tveggja hermanna af sama kyni voru áður allt að tveggja ára fangelsi og skipti ekki máli hvort sambandið átti sér stað á meðan einstaklingar sinntu herþjónustu eða ekki.

Mennirnir tveir voru ásakaðir um að hafa stundað kynmök í heimahúsi árið 2016 og voru fyrst dæmdir í þriggja og fjögurra mánaða langt fangelsi fyrir athæfið. Handtökurnar voru partur af skipulögðum aðgerðum hersins árið 2017 gegn samkynhneigðum.

» Viðurlög við sambandi hermanna af sama kyni voru áður allt að tveggja ára fangelsi. Hæstiréttur Suður-Kóreu telur bannið ekki standast lög.

Herinn hefur áður haldið því fram að aðgerðirnar hafi verið settar af stað til að vernda heilsu hermanna, en stofnunin telur meðal annars að kynlíf samkynhneigðra karlmanna stuðli að útbreiðslu alnæmis.

Í yfirlýsingu frá Hæstarétti Suður-Kóreu kemur fram að réttur þeirra til „kynferðislegs sjálfræðis og jafnréttis hafi verið brotinn, sem og réttur þeirra til mannlegrar virðingar og leitar að hamingju“.

Jafnréttissamtök víða um heim hafa kallað úrskurðinn sigur fyrir hinsegin fólk og réttindabaráttu þess. Réttindabarátta samkynhneigðra í Suður-Kóreu er þó stutt á veg komin en meðal annars er hjónaband samkynhneigðra einstaklinga ekki leyfilegt. ■

## Fimm íslenskar gönguleiðir á lista þeirra vinsælustu og Skógafoss efstur

kristinnhaukur@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fimm íslenskar gönguleiðir eru á lista þeirra 20 vinsælustu, samkvæmt nýrri en óvísindalegri greiningu fyrirtækisins OnBuy, sem sérhæfir sig í vörum tengdum göngu. Fyrirtækið taldi hversu oft gönguleiðir heimsins voru merktar með myllumerki á samfélagssíðunni Instagram.

Greiningin var gerð í tilefni af Jarðardeginum, sem haldinn var í gær.

Af íslensku leiðunum er Skógafoss efstur með nærri 281 þúsund merkingar og í fimmta sæti listans. Í sjötta sæti er annar íslenskur foss, Gullfoss, með tæplega 275 þúsund merkingar. Sá þriðji, Seljalandsfoss, er í níunda sæti með 184 þúsund.

» Skógafoss hefur 281 þúsund merkingar.

Í sextánda sæti kemur svo Laugavegurinn með 81 þúsund merkingar og í átjánda er leiðin frá Arnarstapa að Hellnum með 74 þúsund.

Langefst á listanum er leiðin frá Vernazza til Monterosso í norðvesturhluta Ítalíu, með 2,5 milljónir merkinga. Auk ítalskra og íslenskra leiða voru margar gönguleiðir í Bretlandi ofarlega á listanum. ■

# Sérfræðingur segir NATO-umsóknir Finna og Svía á leiðinni

gar@frettabladid.is

**FINNLAND** „Ég á von á að það berist umsókn frá Finnum um aðild að NATO í lok maí eða í síðasta lagi í júní,“ hefur vefútgáfa norska blaðsins Verdens Gang eftir Mikael Wigell, rannsóknarforstjóra hjá utanríkismálastofnun Finnlands.

Kveðst Wigell jafnframt vænta þess að Svíar fylgi fordæmi Finna og óski eftir aðild að NATO um leið eða strax í kjölfarið. Wigell kom til Noregs til að ræða við starfsfélaga sína um öryggismál á Norðurlöndum eftir innrás Rússa í Úkraínu.

„Þrýstingur frá Rússum og tilraun til að hafa áhrif mun ekki breyta skoðun Finna eða hinu stjórnmálalega ferli,“ fullyrti Wigell við VG. Hins vegar hafi hann áhyggjur af þrýstingi Rússa á hin þrjátíu núverandi NATO-löndin sem þurfa að samþykkja umsóknir Finna og Svía.

Verdens Gang segir að aðeins Vinstriflokkurinn í Finnlandi hafi fallið frá fyrirvara sínum um að ganga úr stjórnarsamstarfinu verði Finnland meðlimur í NATO.


Finnsk orrustuþota hefur sig á loft. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í Svíþjóð er gert ráð fyrir að hinn ráðandi Sósíaldemókrataflokkur lýsi sýn sinni á umsókn um NATO-aðild í lok næsta mánaðar.

„Svíþjóð stendur frammi fyrir einni af stærstu ákvörðunum sínum í tvö hundruð ár,“ hefur VG eftir Björn Fägersten, sem leiðir starf sænsku utanríkismálastofnunarinnar gagnvart samstarfinu í Evrópu. ■



Frakkar ganga til kosninga á morgun.

## Macron forseti enn með forystu

birnadrofn@frettabladid.is

**FRAKKLAND** Samkvæmt nýjustu könnunum hefur Emanuel Macron, sitjandi forseti Frakklands, um 10-14 prósenta forskot á Marine Le Pen í forsetakosningunum sem fram fara í Frakklandi á morgun.

Nærri þriðjungur franskra kjósenda segist ekki ætla nýta atkvæði sitt í komandi kosningum eða hefur ekki gert upp hug sinn. Samkvæmt fréttastofu Reuters gæti sú staðreynd haft áhrif á atkvæðafjölda Le Pen og niðurstöðurnar þannig komið á óvart líkt og gerðist þegar kosið var um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu og þegar Donald Trump var kosinn forseti Bandaríkjanna.

Kannanir sýna að kosningaþátttaka í forsetakosningunum gæti orðið á bilinu 72-74 prósent. Fari svo er það minnsta þátttaka í kosningu um forseta í Frakklandi síðan árið 1969. ■

## Carbfix tvöfaldur sigurvegari

erlamaria@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** „Við erum mjög stolt af því að hljóta svo afgerandi viðurkenningu í þessari virtu alþjóðlegu keppni þar sem samkeppnin var hörð,“ segir Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix, en fyrirtækið vann til tvenna verðlauna í fyrri umferð XPRIZE Carbon Removal keppninnar í gær.


Edda Sif Pind Aradóttir er framkvæmdastýra Carbfix.

Það er ekki ómerkari maður en auðjöfurinn og athafnarmaðurinn Elon Musk ásamt Musk Foundation sem efndi til verðlaunanna, en þeim er ætlað að veita hundrað milljónum Bandaríkjadollara til verkefna sem þykja líklegust til að ná árangri við föngun og förgun kolefnis. Í þessari fyrri umferð hlutu fimmtán lið hvert um sig eina milljón Bandaríkjadala í verðlaunafé, en rúmlega ellefu hundruð umsóknir bárust í keppnina. ■

SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

MÁLÞING

**Framtíð velferðarþjónustunnar**

26. apríl 2022
Kl. 14:30-16:00

Hrafnista Sléttuvegi
Sléttuvegi 27

*Fundarstjóri er **Gísli Einarsson***

**DAGSKRÁ**

**Björn Bjarki Þorsteinsson, formaður SFV, opnar fund**

**Ávarp: Willum Þór Þórsson**
*heilbrigðisráðherra*

***Þrjú stutt erindi um framtíð velferðarþjónustunnar***

- **María Fjóla Harðardóttir,** *forstjóri Hrafnistuheimilanna*
- **Sandra Bryndísardóttir Franks,** *formaður Sjúkraliðafélags Íslands*
- **Vilborg Gunnarsdóttir,** *framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna*

**Pallborðsumræður,**
*leiddar af fundarstjóra*

*– Léttar veitingar í framhaldi af fundi*

# Útvaldir



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Ætli það hafi ekki verið á upphafstíma fyrstu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar fyrir rétt rífum þrjátíu árum sem stjórnvöld afréðu upp á eigin spýtur að lækka vexti á ríkisvíxlum sem einhverra hluta vegna skyldi taka gildi á hádegi daginn eftir, en ekki samdægurs og ákvörðunin var tekin.

Að morgni dags voru góð ráð dýr. Þeir sem vissu af vaxtalækkuninni í innsta hring stjórnvalda notuðu tímann fram að hádegi til að láta vildarvini sína vita af því sem var í kortunum svo þeir gætu hagnast auðveldlega.

Og góðvinavæðingin sannaði auðvitað gildi sitt. Útvalda fólkið fékk sitt, en almenningur sat eftir og hafði ekki hugmynd um dýrmæta vitneskju fámennrar klíku með fúlgur nýfengins fjár.

Svona gerist þetta á Íslandi. Ekki einu sinni. Og ekki tvisvar. Heldur alltaf.

Í aðdraganda efnahagshrunsins fengu útvaldir líka að vita af því með fyrirvara hvað biði þjóðarinnar í október 2008. Forsætisráðherra bað guð að blessa þjóðina á mánudegi, en föstudaginn þar á undan gátu margir efnuðustu Íslendingarnir selt hlutabréf sín í viðskiptabönkunum sem þá voru komnir í þrot. Og svo var einnig um sjóðina mörgu sem valinkunnir gátu komið sér út úr í tíma, þökk sé rétta fólkinu sem hringdi í vin.

Hafi menn haldið, að eftir hátimbraða skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir hrunsins, sem birtist í fjölda binda á árunum eftir efnahagsósköpin, hafi allt komist í lag í þessu samfélagi við ysta haf, mega þeir hinir sömu bíta í tunguna á sér. Og það nokkuð hraustlega svo undan svíði.

Íslandsbankasalan á dögunum er enn eitt dæmið um góðvinavæðingu þar sem innherjaupplýsingar rata til sinna. Kaupendur voru handvaldir. Klíkan var látin vita.

Á stundum er sagt að þessi íslenski plagsiður, að blanda saman pólitík og viðskiptum svo réttu mennirnir hagnist án þess að hafa endilega svo mikið fyrir því, sé kominn til sakir fámennis í landinu. En það er ekki rétt. Það er einföldun.

Hér á landi hefur skapast stjórnmálamenning allt frá miðri síðustu öld sem gerir út á heljartök á samfélaginu. Sömu ráðstjórnarflokkarnir hafa meira og minna verið að völdum á þessum tíma sem hafa raðað sínu fólki í embættismannastöður svo að tímabundnar valdatökur annarra afla hafi sem minnst áhrif.

Þetta er það sem þjóðin lifir við. Og þetta er það sem þjóðin kýs. ■

> ” Íslandsbankasalan á dögunum er enn eitt dæmið um góðvinavæðingu þar sem innherjaupplýsingar rata til sinna. Kaupendur voru handvaldir. Klíkan var látin vita.





## Gunnar





## Mín skoðun

# Fimm stjörnu fúsk



**Sif Sigmarsdóttir**

Vandræði Orlando Figes, eins þekktasta sagnfræðings Bretlands, hófust með bókardómi á Amazon. Gagnrýnandinn, sem gekk undir dulnefninu Sagnfræðingurinn, gaf bók Figes um Stalín fimm stjörnur og sagðist vona að höfundurinn héldi áfram að skrifa bækur um „alla eilífð“.

Ekki hlutu þó allir náð fyrir augum gagnrýnandans. Bækur helstu keppinauta Figes fengu aðeins eina stjörnu. „Maður veltir fyrir sér hvort nokkuð hefði átt að skrifa þessa bók,“ sagði gagnrýnandinn um verk Rússlands-sérfræðingsins Rachel Polonsky. „Illa skrifuð og leiðinleg bók,“ sagði hann um rit sagnfræðingsins Robert Service.

Polonsky og Service grunaði strax að maðkur væri í mysunni. Eftir stutta eftirgrennslan töldu þau víst að gagnrýnandinn væri enginn annar en sjálfur Orlando Figes.

Figes brást ókvæða við ásökuninni. Hann réði sér lögfræðing og hótaði þeim kollegum og blaðamönnum meiðyrðamáli sem vændu hann um að vera Sagnfræðinginn.

Ekki leið þó á löngu uns spilaborgin féll. Með nokkrum músarsmellum á Amazon tókst Polonsky og Service að sýna fram á svo ekki varð um villst að dularfulli bókagagnrýnandinn væri tengdur notandareikningi Orlando Figes. Figes brá á það ráð að kenna eiginkonu sinni um skrifin. Fáir trúðu undanbrögðunum og nokkrum dögum síðar játaði Figes sig sekan.

Frá því að Orlando Figes skrifaði gervidóm um sjálfan sig árið 2008 hefur vefverslun í Bretlandi þrefaldast. Ný könnun sýnir að 97 prósent þeirra sem versla á netinu reiða sig á gagnrýni annarra við val á vörum. Slíkt getur þó reynst þrautin þyngri.

Undanfarin ár hefur gervidómum snarfjölgað á vefsíðum eins og Amazon. Gerðist það í kjölfar þess að hægt varð að kaupa góðan dóm um vöru eða þjónustu fyrir aðeins 2.500 krónur. Bresk stjórnvöld kynntu í vikunni nýtt lagafrumvarp sem ætlað er að vernda neytendur. Verður það senn ólöglegt að kaupa slíka gagnrýni.

Gervidómar eru samfélagsmein sem ekki aðeins hrjá vefverslun. Könnun Fréttablaðsins í vikunni sýndi að 83 prósent landsmanna eru óánægð með fyrirkomulag sölu Íslandsbanka sem fram fór í mars. En þrátt fyrir að þjóðin hafi gefið sölunni falleinkunn má víða lesa um hana fimm stjörnu dóma.

„Útboð ríkisins á 22,5 prósenta hlut í Íslandsbanka á dögunum var vel heppnað“ (Fréttablaðið, 30. mars). „Útboðið afar vel heppnað“ (Mbl.is, 6. apríl). „Að öllu leyti vel heppnað útboð“ (Hringbraut, 13. apríl). „Segir að salan hafi í heildina heppnast vel“ (Ruv.is, 19. apríl).

Breska fréttaveitan BBC fjallar um gervidóma á Amazon og leiðbeinir neytendum um hvernig megi greina þá frá alvöru umfjöllun. Eitt helsta viðvörunarmerkið er sagt svipað orðalag.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og ábyrgðarmaður sölu eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka, er eins og Orlando Figes. Hann gefur sjálfum sér fimm stjörnur og segir að ef horft sé á heildarniðurstöðuna hafi þetta „allt heppnast mjög vel“. Að sama skapi gefur hann kollegum sínum í stjórnarandstöðunni aðeins eina stjörnu og segir að málflutningur hennar sé „beinlínis rangur“.

Stjórnvöld í Bretlandi reyna nú að koma í veg fyrir að breskir neytendur kaupi köttinn í sekknum. Á sama tíma reyna stjórnvöld á Íslandi að selja almenningi fimm stjörnu dóm um bankasölu sem fór í hund og kött.

Bretar vinna að því að laga ágalla í kerfinu, Amazon-svindlurum til armæðu. Íslensk stjórnvöld þylja upp gervidóma í stað þess að draga lærdóma. Háværr krafa er hins vegar komin fram um að Alþingi setji á fót rannsóknarnefnd um bankasöluna sem nýta megi til að bæta ferlið. Aðeins þeir sem hafa hag af fimm stjörnu fúski setja sig upp á móti slíkri ráðstöfun. ■

> ” Gervidómar eru samfélagsmein sem ekki aðeins háir vefverslun.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



# Hugmyndafundur ungs fólks
# OKKAR LÍF – OKKAR SÝN
## 29. apríl · á Grand Hótel

Skólakerfið · Íþróttir og tómstundir · Aðgengi · Samfélag og þátttaka · Fræðsla

## Hverjir geta tekið þátt ?

Ungt fatlað fólk, systkini þeirra og þau sem eiga fatlaða foreldra.
Aldur þátttakenda: 13 til 18 ára.

## Hvenær og hvar ?

Föstudaginn, 29. apríl 2022 kl. 10-15 á Grand Hótel, Sigtúni 38, Reykjavík.

## Hvað kostar ?

Frítt er á viðburðinn og ÖBÍ býður upp á hádegismat og aðrar veitingar.
Komið verður til móts við ferðakostnað ungmenna af landsbyggðinni.

## Hvar skrái ég mig ?

Á heimasíðu ÖBÍ, www.obi.is · Nánari upplýsingar veitir Þórdís Viborg hjá ÖBÍ. Netfang: thordis@obi.is · Sími: 530 6700

ÖBÍ ***- Ekkert um okkur án okkar!***

## Ársfundur 2022

**Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar** verður haldinn miðvikudaginn 11. maí kl. 12.00 í húsakynnum Brúar lífeyrissjóðs, Sigtúni 42, Reykjavík.

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2021
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingastefna sjóðsins kynnt
5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna
6. Kynning á breytingum samþykkta sjóðsins
7. Önnur mál

Allir sjóðfélagar sem og fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarfélaga eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn en óskað er eftir að þeir tilkynni mætingu til sjóðsins á netfangið **lifbru@lifbru.is** eða í síma **síma 5400 700.**

*Reykjavík, 4. apríl 2022*
*Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar*

**Yfirlit yfir afkomu ársins 2021**

| Breyting á hreinni eign | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 2.648 | 3.325 |
| Lífeyrir | -6.197 | -5.720 |
| Hreinar fjárfestingatekjur | 9.108 | 6.792 |
| Rekstrarkostnaður | -192 | -188 |
| Breyting á hreinni eign | 5.367 | 4.209 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 87.083 | 82.874 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **92.450** | **87.083** |
| **Efnahagsreikningur** | | |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 24.628 | 16.148 |
| Skuldabréf | 66.778 | 68.167 |
| Kröfur | 249 | 326 |
| Handbært fé | 1.114 | 2.970 |
| Ýmsar skuldir | -319 | -528 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **92.450** | **87.083** |
| **Kennitölur** | | |
| Nafnávöxtun | 10,5% | 8,1% |
| Raunávöxtun | 5,3% | 4,4% |
| Raunávöxtun 5 ára meðaltal | 4,4% | 3,6% |
| Raunávöxtun 10 ára meðaltal | 4,2% | 4,0% |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 11,7% | 8,9% |
| Virkir sjóðfélagar | 218 | 250 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 3.684 | 3.599 |
| Sjóðfélagar í árslok | 15.925 | 16.070 |

Allar fjárhæðir í milljónum króna.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Á árinu 2021 greiddu að meðaltali 218 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og námu heildariðgjöld ársins 2.648 m.kr. með aukaframlagi launagreiðenda. Að meðaltali fengu 3.684 einstaklingar greiddan lífeyri frá sjóðnum og nam hann 6.197 m.kr. Rekstrarkostnaður ársins var 192 m.kr. Hreinar fjárfestingatekjur ársins voru 9.108 m.kr. Nafnávöxtun sjóðsins var 10,5% en raunávöxtun 5,3%. Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 5.367 m.kr. á árinu og nam 92.450 m.kr. í árslok. Tryggingafræðileg athugun sjóðsins sýnir að heildareignir sjóðsins umfram skuldbindingar eru um 14.483 m.kr. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum en Brú lífeyrissjóður hefur annast rekstur sjóðsins frá 1998.

**Í stjórn sjóðsins sitja:**
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður stjórnar,
Ása Clausen, Janus Arn Guðmundsson,
Rannveig Ernudóttir og Þorgrímur Hallgrímsson

**Framkvæmdastjóri:** Gerður Guðjónsdóttir

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar




Laugardalshöll er að nálgast sextíu ár sem þjóðarhöll og stenst ekki alþjóðlegar kröfur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Skotin fljúga annars staðar en inni á keppnisvellinum

Áratugalöng störukeppni ríkis og borgar í aðstöðuleysi íþróttastarfs hér á landi heldur áfram. Fjármálaráðherra furðar sig á getuleysi Reykjavíkurborgar en borgarstjóri veltir fyrir sér hvort málið sé farið að skapa ágreining innan ríkisstjórnarinnar.

sport@frettabladid.is

**LAUGARDALSHÖLL** Bjarni Benediktsson furðar sig á viðleitni Reykjavíkurborgar þegar kemur að því að reisa nýja þjóðarhöll á sama tíma og önnur sveitarfélög hafa lýst yfir áhuga á verkefninu. Dagur B. Eggertsson kveðst hissa að heyra skoðun Bjarna en Ásmundur Einar Daðason ítrekaði að ríkisstjórnin væri ákveðin í að finna lausn sem fyrst og neitaði að málið væri að valda ágreiningi hjá ríkisstjórninni.

Reykjavíkurborg er að gefa frá sér forræði og forystu yfir byggingu þjóðarleikvanga, að mati Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, en Fréttablaðið ræddi við Bjarna um fjármögnun þjóðarleikvanga að loknum ríkisstjórnarfundi í gær. Bjarni segir að ríkið geti með myndarlegum hætti tekið þátt í því að reisa þjóðarhallir en að það þurfi ekkert endilega að vera í samstarfi við Reykjavíkurborg ef hún treysti sér ekki til þess að taka þátt í því.

„Einu sinni var Reykjavík stór og sterk og gat reist Laugardalshöll af eigin rammleik. Eignaðist hana, byggði hana og átti hana. Nú virðist tíðin önnur. Nú þarf Reykjavík að horfa til ríkisins," sagði Bjarni og bætti við að honum sýndist sem svo að Reykjavíkurborg væri að gefa frá sér forræði og forystu yfir byggingu þjóðarhalla og leikvanga.

„Það stendur hvergi í lögum að ríkið eigi að reisa þjóðarleikvangana. Þannig var það ekki með Laugardalsvöll og þannig var það ekki með Laugardalshöll þó að ríkið hafi, eftir atvikum, stutt við umbætur og endurbætur á þessum mannvirkjum. Þá hafa mannvirkin verið á forræði og forsendum Reykjavíkurborgar. Mér sýnist að borgin sé að gefa það frá sér núna, það forræði og þá forystu sem borgin hafði á sínum tíma."

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, segir hægt að skilja orð Bjarna á þá leið að hann vilji setja verkefnið á einhvers konar byrjunarreit. Hann spyr hvort málið sé orðið að rifrildisefni innan ríkisstjórnarinnar og segir Reykjavíkurborg ekki geta beðið eftir því að ríkisstjórnin verði samstíga.

„Ég á erfitt með að átta mig á þessum orðum fjármálaráðherra, nema þau séu til marks um það að málefni þjóðarleikvanga séu orðin að rifrildisefni innan ríkisstjórnarinnar," segir í skriflegu svari Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra Reykjavíkur, við fyrirspurn Fréttablaðsins. „Ef fjármálaráðherra er að segja að borgin eigi að greiða þjóðarleikvanga ein þá er ég að heyra það í fyrsta skipti, og finnst það út í hött."

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, segir ekki rétt að málið sé orðið að deilumáli innan ríkisstjórnarinnar og vonast til að geta tilkynnt ný áform um þjóðarhöll á næstunni.

„Þetta hefur tekið aðeins lengri tíma en við gerðum ráð fyrir en við erum að takast á við verkefni sem hefur verið í vendingum á milli aðila í langan tíma og um leið að reyna að láta hlutina gerast í raun og veru. Við vinnum með íþróttahreyfingunni sem vill að þessi mannvirki séu í höfuðborginni. Þess vegna höfum við átt mörg samtöl við Reykjavíkurborg og ég á von á því að við förum að sjá niðurstöður á næstunni, hvort að okkur takist að semja um kostnaðarskiptingu og skipulag þessara verkefna. Ef það gengur ekki, þá er ánægjulegt að sjá að önnur sveitarfélög virðast tilbúin í viðræður því við ætlum að koma þessu í framkvæmdarfasa," segir Ásmundur Einar, aðspurður út í nýjustu vendingar í málinu.

„Það eru allir að huga að pólitíkinni. Það er verið að kasta ásökunum á milli en ég hef ekki fundið annað en að það séu allir samhuga í þessu, meðal annars fjármálaráðherra. Þetta eru auðvitað gríðarlegar framkvæmdir og dýr fjárfesting og það þarf að greina kostnað og nýtingarmöguleika vel. Ef það næst samkomulag við Reykjavík á þeim grundvelli að allir séu ánægðir, þá er það fyrsti valkostur okkar. Ef ekki, þá eru fleiri sveitarfélög búin að lýsa yfir áhuga. " ■

> **Ef fjármálaráðherra er að segja að borgin eigi að greiða þjóðarleikvanga ein þá er ég að heyra það í fyrsta skipti.**



Dagur B. Eggertsson

> **Mér sýnist að borgin sé að gefa frá sér núna það forræði og þá forystu sem borgin hafði á sínum tíma.**



Bjarni Benediktsson

> **Við vinnum með íþróttahreyfingunni sem vill að þessi mannvirki séu í höfuðborginni.**



Ásmundur Einar Daðason

# Sigur kemur Stelpunum okkar á sitt fyrsta stórmót í tíu ár

kristinnpall@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar í íslenska kvennalandsliðinu leika hreinan úrslitaleik gegn Serbíu í undankeppni Evrópumótsins 2022 í Zrenjanin síðdegis í dag. Íslenska liðið veit að allt annað en sigur þýðir að þær sitji eftir með sárt ennið, en um leið að sigur kemur liðinu á sitt fyrsta stórmót í tíu ár.

Ljóst er um leið að verkefnið verður erfitt, enda Serbar verið fastagestir á öllum stórmótum síðastliðinn áratug og afar erfiðir heim að sækja. Ísland vann tveggja marka sigur þegar liðin mættust fyrr í undankeppninni, sem var einn af bestu leikjum kvennalandsliðsins undanfarin ár. Stelpurnar okkar voru með frumkvæðið allan leikinn í 23-21 sigri á Ásvöllum.

Óvænt tap íslenska liðsins gegn Tyrkjum ytra ásamt sterkum sigri Serba á Svíþjóð á heimavelli fyrr í riðlakeppninni, gerir það hins vegar að verkum að Stelpurnar okkar verða að vinna leikinn í dag. ■



Rut Arnfjörð er leikjahæsti leikmaður liðsins í Serbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

»

Karen, Rut og Þórey Rósa eru einu leikmenn Íslands í dag sem voru með Íslandi á EM 2012 í Serbíu.

## Tímabilinu líklega lokið hjá Pogba

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Ralf Rangnick, þjálfari Manchester United, segist ekki vera viss hvort Paul Pogba nái öðrum leik það sem eftir er tímabilsins vegna meiðslanna sem hann varð fyrir gegn Liverpool. Pogba verður frá næstu fjórar vikurnar en samningur hans við félagið rennur út í lok tímabilsins. Manchester United greiddi á sínum tíma metfé fyrir Pogba en franski landsliðsmaðurinn hefur verið orðaður við Juventus og PSG.

Rangnick ýjaði að því að það væri ólíklegt að Pogba myndi ná síðustu fimm leikjum Manchester United á tímabilinu á blaðamannafundi í gær, eftir að hafa farið meiddur af velli í upphafi leiks gegn Liverpool á þriðjudaginn. Þjóðverjinn sagði að endurhæfingin ætti að taka að minnsta kosti fjórar vikur en lokaleikur tímabilsins er þann 22. maí næstkomandi.

Á sama tíma tilkynnti Rangnick að Cristiano Ronaldo væri byrjaður að æfa aftur og yrði í leikmannahópi liðsins gegn Arsenal á morgun, nokkrum dögum eftir að sonur hans lést í fæðingu þegar unnusta hans, Georgina Rodríguez, eignaðist tvíbura. ■



Björgvin gaf til kynna að Framarar virust skjóta viljandi í höfuð hans.

## Aganefnd skoðar ummæli Björgvins

kristinnpall@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Aganefnd Handboltasambands Íslands óskaði að beiðni framkvæmdastjóra sambandsins eftir útskýringum frá Val vegna ummæla Björgvins Páls Gústavssonar, markmanns Vals, í samtali við vefmiðilinn mbl.is eftir leik Vals og Fram í úrslitakeppni Íslandsmótsins í handbolta í vikunni. Björgvin gæti átt yfir höfði sér leikbann eða sekt verði hann dæmdur sekur vegna ummælanna.

Valur vann leikinn með tíu mörkum en í viðtali eftir leik gaf Björgvin til kynna að Framarar virtust vera að skjóta viljandi í hausinn á honum.

Valsmenn hafa til ellefu í dag til að skila inn umsögn. Ef Björgvin verður dæmdur í bann missir hann af seinni leik liðanna á sunnudaginn. ■





Opið hús vegna mats á umhverfisáhrifum

Fram undan er opið hús þar sem lagðar verða fram upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum vegna Blöndulínu 3, sem mun liggja milli Blöndustöðvar og Akureyrar.

Línuleiðin er innan fimm sveitarfélaga, Akureyrarbæjar, Hörgársveitar, Akrahrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps.

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta orkunýtingu, auka flutningsgetu og tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi. Framkvæmdin hefur einnig þýðingu fyrir flutningskerfi landsins í heild þar sem um er að ræða mikilvægan hlekk í styrkingu tengsla milli sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu og veikari hluta þess á Austurlandi.

Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðum Skipulagsstofnunar, Landsnets og Mannvits til 13. maí 2022. Að auki liggur umhverfismatsskýrslan frammi til kynningar á eftirtöldum stöðum:

Í ráðhúsi Akureyrarbæjar, á skrifstofum Hörgársveitar, Akrahrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps og hjá Skipulagsstofnun.

Öllum er velkomið að koma á framfæri umsögnum um umhverfismatið og skal senda þær til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, eða á skipulag@skipulag.is.

Hafðu áhrif – taktu þátt í samtalinu

Opinn fundur

Reykjavík, veitingastaðnum Nauthól
þriðjudaginn 26. apríl
16.00 – 18.30

Verið velkomin

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET



BJORK@FRETTABLADID.IS

# Hinn huldi heimur

Unglingsárin hafa verið Guðmundi Arnari Guðmundssyni yrkisefni í tveimur kvikmyndum, fyrst Hjartasteini og nú Berdreymi. Í skrifum sínum sækir Guðmundur í unglingsár sín og fjallar um tímabilið út frá sjónarhóli unglinganna, ekki eins og við fullorðna fólkið sjáum þau.

Guðmundur segir fullorðna fólkið ekki hafa þekkt heiminn sem hann og vinir hans lifðu og hrærðust í á sínum tíma. Heim sem einkenndist bæði af ofbeldi og einelti en einnig ríkri samstöðu og hollustukerfi innan hópsins.

Það er gangur lífsins að börn þroskist frá foreldrum sínum og sennilega myndu einhverjar viðvörunarbjöllur fara af stað ef fréttist af unglingi sem þætti foreldrar sínir alltaf toppurinn. En á tímum umbreytinga og umróts, freistinga og aukins frelsis, er mikilvægara en nokkurn tíma að fylgjast með lífi barnsins sem er að berjast við að vera ekki lengur barn.

Ekki bara spyrja hvað unglingurinn er að gera eða klukkan hvað hann kemur heim, heldur aðallega hvernig líður honum – í alvörunni. ■

» Guðmundur segir fullorðna fólkið ekki hafa þekkt heiminn sem hann og vinir hans lifðu og hrærðust í á sínum tíma.

## Við mælum með

**Skjálfta í bíó**
Kvikmyndin Skjálfti sem byggð er á sögu Auðar Jónsdóttur, Stóra skjálfta, hefur slegið í gegn hérlendis og erlendis. Ekki er að undra enda um að ræða átakanlega fjölskyldusögu sem á erindi við alla og er haldið uppi af frábærum leikurum í fallegum heildarramma. Upplifunin að sjá slíkt verk í kvikmyndahúsi með alvöru hljóðgæðum er auðvitað einstök og því um að gera að drífa sig í bíó á meðan enn gefst færi á.






**Góðum sólgleraugum**
Nú þegar sumarið er gengið í garð og sólin að hækka á lofti mælum við sérstaklega með því að allir séu með góð sólgleraugu. Sólarljós getur haft skaðleg áhrif á augun líkt og húðina og því er mikilvægt að velja sólgleraugun vel og að hafa í þeim góða vörn gegn UV-útfjólubláum geislum. Hægt er að fá hjálp við valið í gleraugnaverslunum en lággæða sólgleraugu geta jafnvel valdið meiri skaða en það að ganga ekki með sólgleraugu. ■




Emmy Winks hér ásamt Sigurði Snorrasyni, eiganda RVK Brewing Company, sem stendur að Bruggstofunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vínylplötumarkaður á nýjum hverfisstað

Við Snorrabrautina er að finna Bruggstofuna, nýjan stað á gömlum grunni, þar sem ætlunin er að vera með ýmiss konar viðburði og er riðið á vaðið með vínylplötumarkaði í dag í tilefni af alþjóðlega hljómplötuverslanadeginum.

bjork@frettabladid.is

Emmy Winks er umsjónarmaður Bruggstofunnar en á þeim níu árum sem hún hefur búið á landinu hefur hún farið fyrir fjölmörgum börum, nú síðast BrewDog og ætti því að kunna til verka.

Aðspurð hvað hafi dregið hana til landsins stendur ekki á svari hjá Emmy: „Heitu pottarnir og hitaveitan. Hvað get ég sagt? Ég er í fiskamerkinu og elska vatn,“ segir hún og hlær.

Eftir að hafa búið í Hlíðunum um árabil rann henni blóðið til skyldunnar þegar henni bauðst að taka þátt í uppbyggingu fjölskylduvæns staðar í hverfinu. „Þegar ég bjó í Hlíðunum var ekki einu sinni kaffihús þar, hvað þá bar, það var enginn staður í hverfinu fyrir fólk að sækja. Það er alveg hundleiðinlegt.“

» Þegar ég bjó í Hlíðunum var ekki einu sinni kaffihús þar, hvað þá bar, það var enginn staður í hverfinu fyrir fólk að sækja. Það er alveg hundleiðinlegt.

**Barn- og hundavænn staður**
Emmy segir staðinn sérstaklega hugsaðan fyrir íbúa Norðurmýrar og Hlíða en bendir jafnframt á nálægðina við miðborgina og Sundhöll Reykjavíkur, því sé tilvalið að líta við eftir sundsprett. „Staðurinn er bæði barn- og hundavænn enda höfum við fengið töluvert af heimsóknum fólks á göngu með hundana sína,“ segir Emmy og bendir á að búið sé að koma upp bjórgarði við staðinn þar sem sólin skíni allan daginn á góðviðrisdögum.

Það var fyrir fjórum vikum að staðnum Honkýtonk var breytt í Bruggstofuna. „Þetta er svona allsherjar hverfisstaður í dag,“ segir Emmy. „Við erum með gott kaffi innan um fallega hönnun. Hér verður pop-up veitingastaður og erum við þessa stundina í samstarfi við ástralska fyrirtækið Arctic Pies sem framleiðir bragðmiklar bökur í bæði kjöt- og vegan útgáfum."

**Íslendingar elska tónlist**
Í dag laugardag er alþjóðlegur hljómplötuverslanadagur, Record Store Day og segir Emmy þau hafa viljað fagna því. „Við erum með plötuspilara á barnum og elskum tónlist. Okkur langaði að bjóða fólki að taka þátt í vínylplötumarkaði og verðum með á bilinu 10 til 15 bása. Fólk er að selja það sem gengur af í safni þeirra. Íslendingar elska tónlist.“

Emmy segir alla tegund tónlistar verða í boði á markaðnum. „Allt frá teknói að gamalli íslenskri tónlist.“ Talið berst að auknum vinsældum vínylplötunnar og nefnir Emmy að kærasti hennar sé í pönkhljómsveit og tekið hafi sjö mánuði fyrir bandið að fá vínylplötu, úr framleiðslu og til landsins. „Markaðurinn er orðinn svo stór. Í tilefni plötuverslanadagsins er vanalega pressað nýtt upplag af klassískum plötum eins og til dæmis með Bítlunum en vegna anna var það illmögulegt í ár.“

**Pop-up brönsseðill**
Emmy segir hlustunarstöðvar verða á staðnum í dag og plötusnúður, en einnig sé í bígerð aðstaða fyrir lifandi tónlist. „Fyrstu tónleikarnir verða 13. maí næstkomandi og svo er ætlunin að vera reglulega með viðburði á staðnum.“

Í dag verður pop-up brönsseðill á Bruggstofunni á milli klukkan 12 og 15. „Við ætlum að bjóða upp á egg benedict með avókadó, huevos ranchos og fleira. Það er því tilvalið að fá sér í gogginn og kaupa sér svo plötur.“ ■

## ■ Í vikulokin

# Þjóðþrifamáli klúðrað með sleifarlagi



Ólafur Arnarson

Ekki sér fyrir endann á klúðrinu í kringum Íslandsbankaútboðið.

Forysta ríkisstjórnarinnar reynir nú allt hvað af tekur að firra sig ábyrgð á klúðrinu. Um páskana lágu þau undir feldi og leituðu í ofboði að bakara til að hengja fyrir smið.

Í ljós hefur komið að bakarinn er Bankasýsla ríkisins. Hún skal bera ábyrgðina og verður lögð niður.

Formenn ríkisstjórnarflokkanna geta hins vegar ekki vikist undan því að ábyrgðin er þeirra.

Áður en endalok Bankasýslunnar voru tilkynnt var henni ætlað að ljúka sölu á öllum hlut ríkisins í Íslandsbanka fyrir árslok 2023.

Markvisst þarf að draga úr umsvifum ríkisins á íslenskum fjármálamarkaði. Nú hefur sleifarlag stefnt því markmiði í voða.

Aðeins 1 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna og 5 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins eru ánægð með söluna.

Næstum helmingur Sjálfstæðismanna er óánægður með söluna og innan við 1/3 þeirra er ánægður!

Bankasala fjármálaráðherra fær þannig falleinkunn í hans eigin flokki.

Fjórir af hverjum fimm Íslendingum vilja sérstaka rannsóknarnefnd Alþingis til að rannsaka bankasöluna. Nær 40 prósent Sjálfstæðismanna vilja rannsóknarnefnd. Þessu hafnar ríkisstjórnin.

Ljóst að traust almennings á framkvæmd bankasölunnar er ekki til staðar. Einnig er ljóst að yfirklór ríkisstjórnarinnar mun ekki endurreisa það traust sem til þarf.

» Bakarinn er Bankasýsla ríkisins.

Fjármálaráðherra og ríkisstjórnin njóta ekki trausts til að selja eignir ríkisins.

Fyrir vikið lítur út fyrir að umsvif íslenska ríkisins á fjármálamarkaði verði áfram þau mestu á Vesturlöndum á versta tíma. Reynslan sýnir að hönd ríkisins er nábleik er hún kemur nálægt rekstri fjármálafyrirtækja, eða kannski nábláð? ■


ÞESSA HELGI
ALLT Á AÐ SELJAST
ENNÞÁ MEIRI VERÐLÆKKUN Á ÖLLUM LAGERNUM
VERÐ SEM HEFUR ÖRUGGLEGA ALDREI SÉST Á ÍSLANDI
Opið í dag laugardag kl. 10-22 og á morgun sunnudag kl. 12-22
Cromwell Rugs® ehf.
Víkurhvarf 2 • Sími 835 70 70

# Fullorðnir vissu lítið um okkar heim



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

**Guðmundur Arnar Guðmundsson veigrar sér ekki við að taka á viðkvæmum málum í nýrri kvikmynd sinni, Berdreymi. Sjálfur segist hann vera að þjálfa sig í að tala um tilfinningar, en fer um víðan völl í spjalli við blaðamann um skólakerfi sem þrengi að skapandi hugsun, innsæi, andleg málefni og eitraða karlmennsku.**




Guðmundur leitar töluvert í eigin reynslu í handritsskrifunum en tekur þó skýrt fram að sagan sjálf sé skáldskapur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðmundur Arnar leitar töluvert í eigin reynslu í handritsskrifum og eru unglingsárin í Árbænum innblástur í nýjasta verki hans sem frumsýnt var í gær.

„Það er þó mikilvægt að taka skýrt fram að þó sagan sé innblásin af unglingsárum mínum í Árbænum, þá er hún skáldskapur, í myndinni gerast hlutir sem gerðust ekki í alvörunni,“ segir Guðmundur, sem vill ekki að fólk líti yfir vinahóp hans frá unglingsárunum og hugsi með sér að atburðir myndarinnar hafi komið fyrir þennan eða hinn.

Guðmundur fæddist árið 1982 og sleit barns- og unglingsskóm sínum að mestu í Árbænum. „Ég fékk frjálst uppeldi hjá ungum foreldrum sem lögðu mikið upp úr því að rækta skapandi hugsun hjá okkur systkinunum. Álfatrú, galdrar og ævintýri var allt eitthvað sem var raunverulegt í okkar barnæsku. Þetta breyttist þegar skólagangan hófst því þá var ég kominn inn í kerfi sem var formfastara og oft var verið að leiðrétta hvað væri rétt og hvað ekki.“

Fyrstu árin gekk hann í Ártúnsskóla og upplifði fljótlega að skólinn og kerfið þrengdi að honum. „Ég var með ógreinda lesblindu og átti oft erfitt með að halda einbeitingu og vera vakandi í tímum. Að sitja kyrr í stól hálfu og heilu dagana er ekki eðlilegt fyrir krakka og eina leiðin fyrir mig til að fylgjast með kennslustundum var að loka augunum og vera hálfsofandi eða í slökun. Þannig hlustaði ég á kennarann, eða með því að teikna á borðið og gera eitthvað skapandi. En þar sem ég var alltaf með fínar einkunnir var það aldrei greint sem lesblinda eða eitthvað slíkt, bara hegðunarvandamál.“

### Upplausnarástand í grunnskóla

Guðmundur segir stundum hafa verið auðveldara að láta reka sig úr tíma til að fá smá frí og geta hlaupið um ganginn. „Fá þannig útrás í augnablik þrátt fyrir að enda síðan hjá skólastjóranum. Í sjöunda bekk var ég þó búinn að mála mig út í horn og þegar Árbæjarskóli var fram undan ákvað ég að það væri tækifæri til að snúa við blaðinu. Mig langaði að fá að vera í friði í skólanum og þá sérstaklega frá neikvæðri athygli.“ segir Guðmundur og bendir á hversu mótandi áhrif skólinn hafi, enda verji unglingar þar oft meiri tíma en innan veggja heimilisins.

En friðinn fann hann ekki í nýjum skóla. „Frá fyrsta tíma í Árbæjarskóla fann ég að fókus kennaranna var á mér og strákum í sömu stöðu og komst að því að okkur fylgdi umsögn frá fyrri skóla. Þetta væru vandræðastrákarnir. Við minnsta tilefni vorum við sendir til skólastjórans,“ rifjar hann upp og segir að viðtökurnar hafi orðið til þess að uppreisn drengjanna hafi orðið stærri.

„Nýr, ungur skólastjóri var að taka við á þessum tíma og ætlaði hann að taka hart á málum. Þá var einfaldlega tekið harðar á honum og skólanum sjálfum til baka. Þetta varð upplausnarástand. Það var rosalega mikil slagsmálamenning í skólanum og þó pottþétt bara um 20 til 30 prósent strákanna hafi tekið þátt í því, upplifði maður það sem normið. Það versta sem hægt var að gera var að sýna einhverja veikleika því þá gat maður orðið skotmark annarra. Maður þurfti að sýna að maður væri tilbúinn að slást, þótt maður vildi það ekki og væri dauðhræddur.“

> „Maður þurfti að sýna að maður væri tilbúinn að slást, þótt maður vildi það ekki og væri dauðhræddur.

### Mættu með hjálma og kylfur

Guðmundur rifjar upp þegar jafnaldri í unglingavinnunni ætlaði að taka hann fyrir.

„Ég vildi ekki að vinir mínir kæmust að því, enda vissi ég að þá myndu þeir mæta.“ Þeir komust þó að útistöðunum og sögðu Guðmundi að vera heima frá vinnu einn daginn og hann hlýddi.

„Þegar ég svo mætti aftur í vinnuna degi seinna, fann ég að þessi strákur var rosa sorrí og verkstjórarnir sem voru bara ungar konur voru augljóslega smeykar.“ Guðmundur komst þá að því að vinir hans höfðu mætt á vinnustaðinn þegar hann var heima.

„Þeir mættu á skellinöðrum með hjálma og kylfur og lömdu strákinn. Það héldu allir að þetta hefði verið ég og urðu hræddir við mig,“ segir Guðmundur, sem ákvað að leiðrétta ekki þann misskilning. „Menningin í Árbænum var oft svona.“

### Upplifa skömm seinna meir

Guðmundur segir flesta þá stráka sem hafi tekið þátt í þessari menningu upplifa skömm þegar þroskinn færist yfir. „Þá fattar maður hvernig maður er búinn að láta. Í kringum tvítugt hafði ég upp á þeim sem mér fannst ég hafa komið illa fram við, til að gangast við því.“ Guðmundur segir viðbrögðin hafa verið margvísleg, sumir þökkuðu honum, aðrir könnuðust ekki við að hann hefði gert þeim eitthvað og töldu það jafnvel á hinn veginn og enn aðrir voru ekki vissir um að þeir vildu fyrirgefa honum, sem hann bendir á að þeir eigi alveg rétt á.

Eftir að foreldrar Guðmundar skildu ólst hann upp hjá móður sinni, stjúpföður og tveimur eldri systrum. „Stjúpfaðir minn var sjómaður með stóíska ró og hjartahlýr en vegna vinnu var hann mikið í burtu og móðir mín gerði sitt besta með þrjá unglinga heimilinu.“

Það var fyrir fermingu að Guðmundur eignaðist umræddan, þá nýjan vinahóp, og segir móður sína hafa reynt að banna sér að umgangast ákveðna aðila.

„Hún sá að við ýttum ekki undir jákvæða hegðun hjá hver öðrum. En þegar ég horfi til baka á þennan hóp þá vorum við líka bara mjög ævintýragjarnir og skapandi. Það var það sem dró mig að þeim,“ rifjar hann upp.

„Á þeim tíma var krökkum skipt upp í tossa og þá sem gátu lært. Okkar hópur var blandaður, sumum gekk vel en aðrir voru álitnir tossar, strákar sem voru kannski rosa klárir en með ógreinda lesblindu og annað. Við sáum að þeir gátu fundið út úr hlutum sem aðrir gátu ekki.“

### Hollustukerfið í strákahópnum

„Í svona strákahóp myndast hollustukerfi og hluti af því er að styðja hvern annan. Það vantaði eflaust upp á stuðninginn heima hjá mörgum. Þó að móðir mín hafi gert allt sem hún gat þá vann hún mikið auk þess að vera í námi. Við urðum því svolítið stuðningur hver fyrir annan. Ef einhver lenti í vandræðum þá átti að bakka hann upp: Það var aldrei spurning um hvort maður yrði með í því. Við gerðum hluti sem við áttum ekki að gera, en ég vissi alltaf að ég gæti treyst á þessa stráka og þeir myndu vaða eld og brennistein fyrir mann, þó aðrir krakkar horfðu kannski á þá sem algjöra vitleysinga.“

Þegar Guðmundur lítur til baka segist hann sjá að hann hafi haft þörf fyrir að auka jafnvægið innan hópsins.

„Ég var alltaf að taka inn stráka sem áttu kannski enga vini eða voru lagðir í einelti. Stráka sem kunnu ekkert að slást né langaði og þá »



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

ER AÐALBAKHJARL STÓRA PLOKKDAGSINS

# STÓRI PLOKK-DAGURINN

## SUNNUDAGINN 24. APRÍL 2022

STÓRI PLOKK DAGURINN
#PLOKK2022

PLOKKUM Í GLÆRA POKA EÐA FJÖLNOTA SEKKI. VIÐ FÖGNUM FLOKKUÐU PLOKKI OG GÖNGUM KYRFILEGA FRÁ ÖLLU PLOKKI SVO ÞAÐ FJÚKI EKKI. MERKIÐ MYNDIR FRÁ DEGINUM MEÐ #EGPLOKKA

Reykjavík

REYKJAVÍKURBORG HVETUR ÍBÚA TIL AÐ FARA MEÐ AFRAKSTUR PLOKKSINS Í VEL LOKUÐUM, GLÆRUM POKUM Á ENDURVINNSLUSTÖÐVAR SORPU.

EINNIG MINNUM VIÐ Á ÁBENDINGAVEF REYKJAVÍKURBORGAR ABENDINGAR.REYKJAVIK.IS.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

HÚSASMIÐJAN

GÁMAR FRÁ ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGINU FYRIR PLOKK Í GLÆRUM POKUM VERÐA STAÐSETTIR VIÐ EFTIRFARANDI HÚSASMIÐJU VERSLANIR

- HÚSASMIÐJAN SKÚTUVOGI
- HÚSASMIÐJAN SELFOSSI
- HÚSASMIÐJAN AKUREYRI

KRÓNAN

GÁMAR FRÁ ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGINU FYRIR PLOKK Í GLÆRUM POKUM VERÐA STAÐSETTIR VIÐ EFTIRFARANDI KRÓNU VERSLANIR

- KRÓNAN BÍLDSHÖFÐA
- KRÓNAN FLATAHRAUNI
- KRÓNAN GRANDA
- KRÓNAN MOSFELLSBÆ
- KRÓNAN VALLAKÓR

ORKAN

GÁMAR FYRIR PLOKK Í GLÆRUM POKUM VERÐA STAÐSETTIR VIÐ EFTIRFARANDI ORKUSTÖÐVAR

- ORKAN DALVEGI
- ORKAN SUÐURFELLI
- ORKAN SUÐURSTRÖND
- ORKAN KLEPPSVEGI

WWW.PLOKK.IS
PLOKK Á ÍSLANDI
PLOKKISLAND
PLOKK_ICELAND

» myndaðist ákveðinn balans. Ég veit að hinir strákarnir höfðu líka þörf á því að það væri ekki bara þessi harðkjarnamenning heldur blönduð menning.“

„Það sem var skrítið við þennan hóp er að sá sem var sterkastur og mesti slagsmálahundurinn hafði líka mestu þörf fyrir nánd og var með minnstu hómófóbíuna af okkur öllum. Þetta er ekki svart og hvítt. Hann var mjög mjúkur og góður strákur líka.“

**Óhugsandi að halda áfram í skóla**

Guðmundur segir strákana að mörgu leyti hafa vantað stefnu.

„Tilhugsunin um að halda áfram í skólakerfinu langt fram eftir fullorðinsaldri var í raun óhugsandi þegar við höfðum upplifað í mörg ár að það kerfi væri ekki fyrir okkur.“

Listin heillaði Guðmund en lítið var um skapandi greinar í námsskránni.

„Ég man eftir að hafa sótt um í leiklistarvali, fann þörfina til þess að komast út úr hlutverkinu sem ég var í en fékk ekki pláss. Ég var góður að teikna og gat gleymt mér í að skrifa sögur en það var aldrei inni í myndinni að maður gæti lifað á því að vera listamaður eða kvikmyndagerðarmaður enda var kvikmyndaiðnaðurinn á Íslandi svo lítill.“

Annað var uppi á teningnum hjá systrum hans, sem Guðmundur horfði á úr fjarlægð skrifa ljóð og mála málverk og viðurkenndi ekki fyrir neinum að þetta væri það sem hugur hans kallaði eftir.

„Síðan um 18 ára aldurinn dró ég besta vin minn með mér inn á stofnfund áhugaleiklistarfélags í Iðnskólanum og þá var í raun ekki aftur snúið fyrir mig. Ég heillaðist af leiklist, ljósmyndun, skrifum og nánast öllum listformum. Frelsið og það að geta gleymt sér í ljóðrænum heimi var svo fallegt. Þegar ég svo horfði á mynd eftir kínverska leikstjórann Wong Kar Wai, Fallen Angel, áttaði ég mig á því að til var eitt listform sem sameinaði öll þau sem ég hefði áhuga á og það var kvikmyndaformið.“

**Neitað í kvikmyndaskóla**

Guðmundur fór í myndlist í Listaháskólanum og gerði tilraunakenndar stuttmyndir.

„Ég reyndi svo að komast í kvikmyndaskóla en fékk alltaf neitun.“

Guðmundur kynntist Rúnari Rúnarsyni leikstjóra sem tók hann í starfsnám og hvatti hann áfram.

„Rúnar sagði eitt sinn við mig setningu sem var rosalega sárt að heyra en þörf á þeim tíma. Eftir að hann hafði hitt mig margsinnis og ég var alltaf á leiðinni að fara gera mína fyrstu leiknu stuttmynd eftir handriti, sagði hann við mig að sumir töluðu um að gera stuttmyndir og aðrir gerðu þær. Það væri munurinn á þeim sem vildu og væru leikstjórar.“

Setningin stakk Guðmund og hann fann að hún átti við um hann.

„Ég ákvað þá að drífa mig af stað og gerði Hvalfjörð, sem var frumsýnd á Cannes og vann þar til verðlauna og opnaði möguleikann fyrir mig að gera mína fyrstu mynd í fullri lengd.“

**Fullorðnir vissu lítið um okkur**

*Árið 2016 kom út kvikmyndin Hjartasteinn eftir Guðmund, sem fjallar einnig um unglingsdrengi og vakti hún mikla athygli. En hvers vegna ætli þetta tímabil sé honum svo hugleikið?*

„Ég átti mjög litríka barnæsku og unglingsár og upplifði mig oft sem áhorfanda á vini mína og fullorðið fólk. Ég var mjög meðvitaður um hversu tvískiptur heimur unglinga og fullorðinna var. Í raun vissu fullorðnir mjög lítið um okkar heim. Ég man vel eftir því þegar heimur fullorðinna opnaðist fyrir mér og þau fóru að tala saman fyrir framan mig eins og þau gerðu þegar engin börn voru nærri. Ég var hissa á því að fullorðið fólk skyldi haga sér svona. Þegar ég fór að heyra fullorðna menn tala saman og hugsaði: „Þetta er bara eins og við tölum og ég er 16 ára og þeir fimmtugir.“




Guðmundur segir sig hafa dreymt fyrir skýrum hlutum og treystir innsæi sínu vel enda búinn að þjálfa það upp frá því í kringum tvítugt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Hegðunin mátti ekki smitast**

Þegar Guðmundur fór að skrifa leitaði hann ítrekað í fjársjóðskistu unglingsáranna.

„Maður þarf smá fjarlægð til að átta sig á því hversu mikill efniviður er í umhverfinu.“

Það var árið 2017 sem Guðmundur byrjaði að skrifa söguna á bak við Berdreymi og hefur ferlið frá fyrstu blaðsíðu að frumsýningu því verið fimm ár. Umfjöllun í Kastljósi RÚV í september 2020 um að ofbeldi unglinga á milli hefði aukist á árunum 2014 til 2018 varð til þess að Guðmundur fann fyrir auknu mikilvægi myndarinnar. „Þannig tengdist hún unglingum í dag enn frekar.“

Það eru fjórir ungir drengir sem bera myndina uppi ásamt fleiri aukaleikurum af báðum kynjum. Hópurinn fékk sex mánaða þjálfun og undirbúning svo ferlið hefur bæði verið langt og strangt.

„Þetta er heildarpakki, við erum að kenna þeim leiklist og viljum að þetta sé uppbyggilegt og skemmtilegt en þetta er líka vinna sem þarf að taka alvarlega. Við setjum stífar reglur um að allir þurfi að vera vinir og ef einhver virðir það ekki er hann látinn fara. Þetta er mikið agaferli og hentar betur krökkum sem hafa lært það, af til dæmis íþróttum, að undirbúningur skilar seinna árangrinum,“ segir hann.

„Þessir strákar sem leika í myndinni eru ólíkir karakterum sínum, enda myndu þessir karakterar aldrei mæta í prufu,“ segir hann í léttum tón. „En hegðun karakteranna mátti ekki smitast til leikaranna og um leið og kameran hætti að rúlla var mikilvægt að þeir væru orðnir þeir sjálfir. Það mátti ekki taka neitt á milli. Við erum með krakka á viðkvæmum aldri sem eru ekki leikarar og því þarf að kenna þeim og halda vel utan um þá.“

**Lengra í land hjá körlum**

Kynferðisofbeldi er tekið fyrir í myndinni og segist Guðmundur hafa viljað hafa það í handritinu enda sé það enn oft tabú fyrir stráka að ræða slíkt.

„Ég veit um stráka sem lentu í slíku án þess að það væri nokkurn tíma talað um það. Það er mannskemmandi og þeir þurftu að reka sig á veggi fullorðnir. Það er svo frábært að það sé farið að ræða þessa hluti og #MeToo er að breyta viðhorfum okkar. En ég held að enn sé skömmin meira farin hjá konum og enn sé lengra í land hjá körlum.“

> ”
> **Í svona strákahóp myndast hollustukerfi og hluti af því er að styðja hvern annan. Það vantaði eflaust upp á stuðninginn heima hjá mörgum.**

Talið berst að eitraðri karlmennsku, hugtaki sem hefur verið töluvert í umræðunni hér á landi og erlendis en Guðmundur vildi óska þess að til væri betra nafn yfir hugtakið.

„Mér finnst ekki rétt að setja orðið karlmennska við hlið orðsins eitrað því mörkin þar á milli verða oft mjög óljós í umræðunni og ekki alltaf á uppbyggilegan máta fyrir unga stráka. Kannski er það vegna þess að ég er alinn upp hjá mjög femíniskri móður og tveimur systrum, en það sem hefur stuðað mig í þessari umræðu er hvernig karlmennska og karlmenn almennt eru settir í neikvætt samhengi, eins og að eðli okkar sé neikvætt.

Eftir tíu ár er ég orðinn miðaldra hvítur karlmaður sem er orðið að níðyrði. Mér finnst það sjúkt fyrir samfélagið að það að vera miðaldra hvítur karlmaður sé eitthvað til að skammast sín fyrir. Mér finnst það ómannlegt.“

**Áttum ekki að sýna veikleika**

Að því sögðu bætir Guðmundur við að hann hafi alist upp í samfélagi sem var stútfullt af gildum sem falli undir hugtakið.

„Ekki síst þegar kom að því að ræða tilfinningar, samfélagslega áttum við sem strákar ekki að sýna veikleika. Ég þurfti alveg að venja mig á það í samböndum við fyrrverandi kærustur, og núna unnustu mína, að tala um tilfinningar án þess að upplifa að ég væri að gera eitthvað rangt. Ég á enn smá erfitt með að opna mig alveg, það kemur ekki alltaf náttúrlega og þarf stundum meðvitaða ákvörðun.“

Guðmundur á son á níunda ári, þriggja ára dóttur og fimmtán ára stjúpdóttur. Hann segist leggja sig fram við að ræða tilfinningar við börnin sín og sérstaklega son sinn. „Það kemur mér oft á óvart hversu góður hann er í þessu og það er móður hans sérstaklega að þakka.“

**Hefur dreymt fyrir hlutum**

Andleg málefni, berdreymi og innsæi eru ákveðið stef í myndinni og segir Guðmundur slíkt alltaf hafa fylgt sér. „Við systkinin erum alin upp við að draumar og innsæi væri mikilvægur hlutur að læra inn á og ég er gífurlega þakklátur fyrir það núna.“

Guðmundur bendir á að slík trú sé algengari en margir telji, eins og komið hafi fram í könnun félagsvísindasviðs Háskóla Íslands um málefnið árið 2008.

„Þar kemur fram að 40 prósent þjóðarinnar sögðust hafa upplifað það að vera berdreymin og 60 prósent þjóðar hafi skynjað hluti sem síðan gerðust. Ég held að blessunarlega séu Íslendingar tengdari þessum hluta af sér og það er afar jákvætt.“

„Mig hefur dreymt fyrir skýrum hlutum en það þýðir ekki að allir draumar hafi þýðingu. Skýrasta svona dæmið er líklega þegar ég var nýbúinn með Hjartastein og vaknaði upp klukkan fjögur um nótt með þessa sterku tilfinningu um að ég yrði að hringja í mömmu.“

Guðmundur segist hafa túlkað tilfinninguna sem órökrétta enda mið nótt og því hafi hann reynt að sofna bara aftur en ekki tekist.

„Þetta togaði í mig. Ég hringdi svo í mömmu sem svaraði ekki svo ég reyndi aftur að sofna án árangurs. Á endanum fór ég út í bíl og keyrði heim til hennar.“

Þegar Guðmundur kom að húsi móður sinnar um blánóttina sá hann hvernig rauk úr kjallaranum.

„Þá hafði hitavatnsrör sprungið og heitt vatn flætt um allt. Ég vakti þá mömmu sem var steinsofandi. Það hefði allt eyðilagst ef ég hefði ekki komið. Ég er ekki að vakna um miðja nótt og finna svona án ástæðu.“

Guðmundur trúir og treystir innsæinu sem hann segir okkur öll geta þjálfað.

„Til að tengjast innsæinu er mikilvægt að vera samkvæmur sjálfum sér. Hluti af því er að vera ekki í óreglu og passa til dæmis vel upp á svefninn.“

Guðmundur leitaði aftur í æskuár sín til að skapa sögu sinni vettvang og ramma en leyfði svo skáldskapnum að fylla í eyðurnar. Á tímum þar sem karlmennskan er í ákveðinni endurskilgreiningu og ungir strákar eiga oft erfitt með að fóta sig á mótum töffaraskapar og tilfinninga, er mikilvægasta stefið líklega vinátta, kærleikur og samstaða. ■

# KRÓNAN

# Plokkum saman ...

## Það er svo gaman!

STÓRI PLOKK DAGURINN
#PLOKK2022

**STÓRI PLOKKDAGURINN ER Á MORGUN, SUNNUDAGINN 24. APRÍL**

Við verðum með gáma og tökum glöð á móti plokkinu í glærum pokum við eftirfarandi verslanir:
**Bíldshöfða, Flatahrauni, Granda, Mosfellsbæ og Vallakór.**

**KRÓNAN ♥ UMHVERFIÐ!**





**Pssst ...**
**Mundu eftir glærum pokum og plokkpriki**

Afgreiðslutímar á www.kronan.is



Valdimar Guðmundsson lítur yfir áratug í tónlist og tvö ár til í Eldborgarsal Hörpu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI



Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

# Hunsaður á þorrablóti á Manhattan

**Stórsöngvarann Valdimar þarf vart að kynna, en á tólf ára ferli hefur hann átt hvern slagarann á fætur öðrum. Hann minnist hápunkta og lágpunkta á viðburðaríkum ferli, og er fluttur úr miðborginni í Hafnarfjörðinn, hálfa leið heim til Keflavíkur.**

Valdimar Guðmundsson tónlistarmaður slær upp heljarinnar afmælistónleikum í Eldborgarsal Hörpu í kvöld, þar sem hann lítur yfir áratug í tónlistinni. Raunar er áratugurinn orðinn tólf ár vegna frestana í heimsfaraldri.

**Kannski farið í kvikmyndagerð**

Aðspurður hvað hann væri að gera, ef tónlistin hefði ekki orðið ofan á, svarar Valdimar að hann væri sennilega bölvaður ónytjungur. „Ég var alltaf rosalega stefnulaus áður,“ segir hann. „Maður vissi ekkert hvað maður átti að gera. Ég prófaði að fara í ensku í háskólanum en fann mig ekki í því,“ segir Valdimar hugsi. „Ég hef áhuga á bíómyndum, kannski hefði ég skoðað það eitthvað og endað í kvikmyndagerð. En hæfileikar mínir liggja í tónlistinni, í þessu og engu öðru,“ segir hann og hlær.

**Þykir vænt um lætin**

Valdimar segist eiga nokkur eftirlætis lög frá ferlinum. „En mér þykir alltaf rosalega vænt um öll þessi lög, á sinn hátt. Yfirgefinn er lagið sem kom okkur á kortið á sínum tíma. Fólk fór að kalla á mig úti á götu: Læti! Mér þótti svolítið vænt um það,“ segir hann. Valdimar bætir við að Yfir borgina sé honum einnig mjög kært. „Það er vinsælasta lagið okkar og minnir mig á tímann þegar ég fór til Hollands að hitta Ásgeir, sem er stofnmeðlimur í hljómsveitinni. Við stofnuðum þetta band, Valdimar, og hann á mikið af þessum lagagrunnum. Þá fór ég til hans til Hollands, í tvö skipti, og við vorum allan daginn að pæla í lagahugmyndum og reyna að móta einhver lög,“ segir hann.

Valdimar segir að það sé svolítið fyndið að nefna tvö vinsælustu lögin sem uppáhaldslögin sín frá ferlinum, en það séu einfaldlega eftirlætislögin hans með hljómsveitinni. En svo minnist hann á Of seint, á nýjustu plötu sveitarinnar, sem eitt af þeirra bestu lögum. „Og lagið Ferðalag, sem Ásgeir samdi,“ bætir hann við.

**Birti yfir í Borgarfirðinum**

Aðspurður um eftirlætistónleikaupplifun sína frá ferlinum svarar hann að það sé skondið að hann sé nýbúinn að gera slíkan topp-tíu lista fyrir hlaðvarpið Listamenn, sem er eitt af hans hliðarverkefnum.

„Það var mómént, þegar manni fannst svona, hvernig á ég að orða það,“ segir Valdimar hikandi, og það er ljóst að hann vill velja orðin vel. „Þegar við hugsuðum: Við erum komnir með eitthvað hérna, á Bræðslunni árið 2011. Það voru tónleikar í félagsheimilinu í Fjarðarborg í Borgarfirðinum, en ekki á sjálfri Bræðsluhátíðinni,“ segir hann. „Við spiluðum gigg á föstudagskvöldinu og ég man hvað stemningin var rosaleg. Fólk var í svo miklu stuði og svo mikið til í lögin, og þekkti textana svo vel.“ Valdimar hlær. „Þau voru alveg: Já, þetta lag! Og já, þetta lag! Við fundum vel að eitthvað var í gangi,“ segir hann.

Einnig nefnir hann útgáfutónleika í Háskólabíói árið 2018, sem eina eftirminnilegustu tónleikana. Það voru stærstu tónleikar sem við höfðum haldið, þangað til við stígum á svið í Eldborg í kvöld. Ég geri ráð fyrir því að Eldborgartónleikarnir nái inn á þennan topp-tíu lista,“ segir hann.

Valdimar segist þó reglulega sinna rótunum í tónleikahaldi, sem meðal annars liggja inn á Paddy's í Keflavík. „Það er alltaf gaman að koma þangað og fara í sveitta stemningu.“

**Þorrablót í kirkju á Manhattan**

Þó hafa ekki allir tónleikar á ferlinum verið jafn ánægjulegir. „Árið 2010 var fyrsta platan okkar nýkomin út og Yfirgefinn ekki enn orðið hittari. Þá fórum við til New York og spiluðum fyrir Íslendingafélag í borginni. Það var mikil stemning þar, en fólkið þekkti ekkert lögin okkar og var ekki að mæta til að hlusta á okkur spila,“ segir hann. „Þetta var þorrablót í einhverri kirkju á Manhattan, rétt hjá Central Park. Fólkið var í brjáluðu stuði og vildi bara heyra Rabbabara Rúnu. Við vorum með nokkur þannig lög, og vorum að henda í nokkur lög með Valdimar. Við vorum ekki ballband og þannig ekkert sérstaklega góðir,“ segir Valdimar.

„Þetta var stór salur og allt fullt af borðum þarna inni. Það endaði á því að einhver gestur var farinn að spila á gítar úti í horni, á meðan við vorum að spila, og allt fólkið var komið þangað. Þetta var með verri giggum. Það var vont að tapa svona fyrir trúbador,“ segir hann og skellihlær.

> ”
> **Þetta var þorrablót í einhverri kirkju á Manhattan. Fólkið var í brjáluðu stuði og vildi bara heyra Rabbabara Rúnu.**
>
> Valdimar Guðmundsson

**Langt í næstu plötu**

Hvað framhaldið varðar segir Valdimar að ný plata sé í vinnslu, og ferlið hafi byrjað á Stöðvarfirði í fyrra. „Við fórum þangað með nýjar hugmyndir og það eru nokkur efnileg lög þaðan komin. En ég held að það sé ekki stutt í næstu plötu. Það eru allir mjög bissí. Ég held að það sé mjög bjartsýnt að ætla sér eitthvað fyrr en á næsta ári,“ segir hann.

Þessa dagana er Valdimar starfandi með kántrískotnu folk-tríói sem heitir Lón. Textar sveitarinnar eru á ensku og sveitina skipa Valdimar og Ásgeir auk Ómars Guðmundssonar. „Okkur langaði að prófa eitthvað í þessum dúr. Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi Bon Iver og Sufjan Stevens. Það er skemmtilegt að prófa að vera bara þrír saman. Það er meira „intimate“,“ útskýrir hann.

**Lón eftir jólatónleika**

„Þetta band var stofnað þegar Covid var að byrja. Ómar Guðmundsson var hljómsveitarstjóri á jólatónleikum sem ég hélt árið 2019. Við þrír gerðum jólalag úr því samstarfi, sem hljómar allt öðruvísi en Lón-lögin. En þá fór okkur að langa að gera svona akústíska folk-plötu. Allt datt niður í Covid, og engin gigg fram undan hjá okkur. Við fórum í bústað við Þingvallavatn til að gera músík,“ segir Valdimar.

Aðspurður hvers vegna þessi tónlistarstefna varð fyrir valinu, svarar hann að kannski sé fólk meira til í kántrí-skotna folk-tónlist en áður. „Eurovision-lagið er bullandi kántrí lag, og ég er að heyra mikið af skemmtilegu stöffi í útvarpinu núna, frá nýjum og gömlum, sem er meira kántrí-skotið en áður. Ég held að það sé alveg smá bylgja,“ segir hann.

**Lágstemmt eftir Covid**

Aðspurður hvort að þetta sé afturhvarf til ársins 2010, fæðingarárs banda á borð við Of Monsters and Men, þegar stórar folk-sveitir voru vinsælar, svarar Valdimar að þar hafi sándið verið stærra. „Það var svona kántrí-indí-rokk. Núna er þetta lágstemmdara og þægilegra.“ Hugsanlega séu þar Covid-áhrif að verki. „Fólk er búið að vera að róast heima hjá sér, var ekki á leið í einhver partí. Tónlistin sem er að koma út er samin í Covid,“ segir hann.

Valdimar segir að Covid-áhrifin í lagasmíðum eigi eftir að koma í ljós, hvort að eitthvað eigi eftir að breytast. „Ég ímynda mér að þetta hafi áhrif á listamenn, hvað þeir semja um. Að minnsta kosti fyrir mitt leyti, líðan og tilfinningar hafa auðvitað áhrif á það hvað maður semur og hvað maður vill gefa af sér.“ Hann bætir við að þrátt fyrir allt sé stúdíóvinna mikil einangrun í sjálfu sér. Kannski sé bara eðlilegt að semja músík í einangrun.

**Fluttur í Fjörðinn fagnandi**

Söngvarinn stendur í stórræðum þessa dagana. Hann fékk afhenta lykla að nýrri íbúð í gær, en hann er fluttur ástamt kærustu sinni og ungum syni þeirra í nýtt bæjarfélag. „Við vorum þarna í 101 í miðbænum og okkur leið vel þar, og líður enn mjög vel í Reykjavík. En íbúðin var orðin allt of lítil, þegar Lilli var mættur, og við urðum að stækka við okkur.“

Þannig hafi Hafnarfjörður verið góður kostur fyrir nýja heimilið. „Það er heimabær Önnu, unnustu minnar og barnsmóður. Allt mitt fólk er í Keflavík og við vildum helst vera á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ef við hefðum farið til Keflavíkur væri maður á götunni allan daginn.“

Valdimar kveðst hæstánægður með nýja heimilið. „Núna er bara hálftíma rúntur að kíkja til Keflavíkur. Og þetta er fín íbúð og stór.“

Hann segist vonast til að sjá sem flesta í Eldborgarsal í kvöld. „Það eru nokkrir miðar eftir!“ bætir hann við. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

UM VATNS DROP ANN

vatnsdropinn.is

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 23. apríl 2022



Grænertu- og basilíkupestó er fagurgrænt og sumarlegt og passar með ýmsum mat. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Sumarlegt og gott pestópasta

jme@frettabladid.is

Grænertu- og basilíkupestó er einstaklega gott út á pasta á björtu sumarkvöldi. Pestóið tekur enga stund með matvinnsluvél og hægt er að forsjóða grænerturnar í sigti ofan í sama potti og pastað sýður í.

### Pestópasta

- 150 g frosnar grænar baunir
- 2 hvítlauksgeirar
- 25 g ólífuolía
- 10 g smjör
- handfylli af basilíku (eða önnur fersk kryddjurt að eigin vali)
- 30 g Parmigiano Reggiano ostur
- 20 g Pecorino Romano ostur
- Salt og pipar og nýkreistur sítrónusafi eftir smekk

Öll innihaldsefni fara í blandara, fyrir utan helminginn af olíunni. Púlsið saman uns blandan verður að mauki. Á meðan blandarinn er í gangi skal afganginum af olíunni hellt rólega út í þar til pestóið verður að þykkri sósu.

Smakkið til með salti, pipar og sítrónusafa. Til að stytta sér leið má einnig mauka ertur og smá hvítlauk í mortéli og blanda út í uppáhaldspestóið úr búðinni. Blandið heitu soðnu pasta og pestói saman.

Geymið nokkra desílítra af pastavatni til bæta út í pastað ásamt parmesanosti. Grænertu- og basilíkupestó er einnig tilvalið ofan á brauð eða sem ídýfa. ■






Hafsteinn Valur Guðbjartsson sem rekur 4F klæðist úlpu úr sportvörulínunni sem nú er fáanleg í Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# 4F gæða sportfatnaður á miklu betra verði fæst nú í Smáralind

4F er alþjóðleg sportvöruverslun sem var opnuð í Smáralind 2. apríl. Verslunin býður upp á alhliða sport- og útivistarfatnað á mun lægra verði en áður hefur þekkst hér á landi fyrir vörur í sama gæðaflokki. 4F er með um 350 verslanir víðs vegar um Evrópu. 2




4F er á fyrstu hæð við hlið Vínbúðarinnar næst aðalinnganginum í Smáralind. Robert Lewandowski og kona hans, Anna Lewondowska, eru bæði með sína eigin fatalínu hjá 4F. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hafsteinn Valur Guðbjartsson ásamt Bjarna Jónssyni rekur verslunina í samstarfi við 4F í Póllandi, en þar var fyrirtækið stofnað árið 1995. Fyrirtækið er ört vaxandi enda hefur því verið vel tekið alls staðar þar sem verslanir hafa opnað. Ísland er fyrsta Norðurlandið þar sem 4F er í boði. „Eigendur 4F eru mjög spenntir að sjá viðbrögðin á Íslandi en þeir hyggjast opna verslanir á öllum Norðurlöndum,“ segir Hafsteinn, en hann hefur rekið verslanir Nordic Store sem hafa fyrst og fremst verið hannaðar fyrir erlenda ferðamenn og sérhæft sig í CANADA GOOSE fatnaði.

### Fyrirtæki í sókn

„4F hefur verið í gríðarlegri sókn með aukningu upp á 20% á ári og stefna á 70 nýjar verslanir á þessu ári. Um síðustu mánaðamót voru fjórar nýjar 4F verslanir opnaðar í Evrópu með þeirri í Smáralind. 4F býður upp á allar vörur sem tengjast sporti og hvers kyns útivist fyrir alla fjölskylduna. Þetta er gæðafatnaður sem er glæsilega hannaður en samt á frábæru verði,“ segir Hafsteinn.

Verslunin er með hvers kyns útivistar- og hlaupaskó, auk annars fatnaðar sem hentar fyrir hvers konar íþróttir eða útivist, þar með talið húfur, vettlinga og sokka. „Hvort sem er fatnaður fyrir skíði, sund, reiðhjóla-, fjalla- eða göngufólk – allt þetta fæst í 4F. Úrvalið á eftir að aukast mikið hjá okkur á næstunni en við tökum upp nýjar vörur í hverri viku. Siglingar milli Íslands og Póllands eru einstaklega góðar sem gerir flutningskostnaðinn ódýrari,“ segir Hafsteinn. „4F er breið gæða vörulína og verðin eiga eftir að koma Íslendingum skemmtilega á óvart.“

### Féllu fyrir vörunni

Hafsteinn sem hefur verið með smásölurekstur frá árinu 2009 segist lengi hafa leitað eftir heillandi vöru fyrir innlendan markað. „Þetta er spennandi markaður og allt öðruvísi en það sem við höfum verið að einblína á fyrir erlenda ferðamenn,“ segir hann. „Við erum búin að byggja upp reynslu og þekkingu sem nýtist okkur vel fyrir nýjan rekstur. Reyndar höfum við leitað eftir ýmsum tækifærum en það var ekki fyrr en okkur var sagt frá 4F sem áhugi okkar kviknaði fyrir alvöru. Í framhaldinu höfðum við samband við eigendurna sem buðu okkur að koma að skoða framleiðsluna. Við gjörsamlega heilluðumst af þessu vörumerki og öllu þessu flotta vöruúrvali. Þetta var eitthvað allt annað en við höfðum áður séð,“ bætir hann við.

Hafsteinn segir að mikið sé lagt upp úr upplifun viðskiptavinarins þegar hann gengur inn í búðina. Hún sé einstaklega smekklega upp sett með „lifandi“ myndböndum og fallegu umhverfi. „Ég hafði aldrei áður séð svona glæsilega verslun en allar nýjustu verslanirnar líta eins út,“ segir hann. „Útlitið hefur verið í þróun í mörg ár og að mínu viti eru þeir komnir á toppinn hvað varðar uppsetningu, vöruval, gæði og verð,“ segir hann.

### Síbreytilegt vöruúrval

Hugmyndin er að byrja í Smáralindinni þar sem verslunin er núna en færa síðan út kvíarnar þegar hentugt verslunarrými finnst, til dæmis í Kringlunni. „Við sjáum fyrir okkur að minnsta kosti þrjár verslanir 4F á Íslandi,“ segir Hafsteinn. „Við finnum fyrir því að Pólverjar sem eru búsettir á Íslandi þekkja merkið og hafa verið duglegir að koma í búðina. Þeir vita að 4F er gæðavara á lágu verði. Nú erum við að kynna merkið fyrir Íslendingum og vonumst til að því verði vel tekið hér eins og í öðrum löndum. Þar sem vörulínan er mjög stór reynum við að vera með árstíðabundnar vörur hverju sinni og fljótlega tökum við inn fatnað sem tengist útivist að sumri miðað við íslenskar aðstæður. Verslunin verður síbreytileg og alltaf með eitthvað nýtt.“

Hafsteinn segir að 4F verslanakeðjan geri stífar kröfur um að verslunin sé rekin á sama hátt og 4F í öðrum löndum. Þegar eru mjög góð viðbrögð við þessari nýjung í verslunarflórunni í Smáralind og margir sem nýta sér þetta góða verð á sportfatnaði.



Hafsteinn segir að nýjar vörur muni berast reglulega í verslunina þannig að fólk fær alltaf nýja upplifun við heimsóknina.



Gönguskór eru til í miklu úrvali og sömuleiðis hlaupaskór ásamt skóm fyrir hinar ýmsu íþróttir og útivist.




Verslunin sjálf er fallega hönnuð og það er skemmtileg upplifun að koma þar inn.




Hjá 4F er líka að finna ýmsan fatnað fyrir líkamsræktina.

### Netverslun með haustinu

Fyrirhugað er að opna netverslun á næstunni þannig að fólk geti keypt hvar sem það er statt á landinu. „Við stefnum á að netverslunin verði komin í fullan gang með haustinu,“ segir Hafsteinn, en slóðin er 4fstore.is og á fyrirtækið á heimsvísu er 4fstore.com en þar er hægt að skoða allar vörur. „Við getum ekki boðið upp á allt í einni verslun en verðum alltaf með það nýjasta. 4F eru líka með flott myndbönd á YouTube sem hægt er að skoða til að kynna sér vörurnar,“ segir hann.

„Það hefur verið strangur undirbúningur að opnun verslunarinnar en við höfum allan tímann verið mjög sannfærðir um að þetta sé frábær vara fyrir Íslendinga og höfum mikla trú á að sú verði raunin,“ segir Hafsteinn. ■

4F sport- og útivistarverslun er á fyrstu hæð í Smáralind, staðsett við hliðina á Vínbúðinni við aðalinnganginn. Opið er til kl. 19 alla virka daga í Smáralind, frá 11-18 á laugardögum og 12-17 á sunnudögum.

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.


Skoðið // www.hjahrafnhildi.is
NeroGiardini
MADE IN ITALY
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Fór að geta hreyft sig aftur með Protis Liðum

Protis sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu á lífvirku fiskprótíni úr villtum íslenskum þorski og öðru sjávarfangi. Lífsgæði Péturs Björnssonar gjörbreyttust eftir að hann byrjaði að taka Protis Liði.



Pétur segir að Protis Liðir hafi hentað honum frábærlega og gert honum kleift að fara aftur að hreyfa sig og hjóla, en áður voru allir „demparar“ farnir úr hnjánum. Hann fann mikinn mun á sér eftir fimm daga notkun og honum versnar fljótt ef hann sleppir því að taka Liði. MYNDIR/AÐSENDAR

Protis Liðir er náttúrulegt fæðubótarefni sem unnið úr kollagenríkum skrápi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofnu þorskprótíni, fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif. Pétur er búsettur á Sauðárkróki og starfar sem kerfisstjóri hjá tölvufyrirtækinu Fjölneti, sem hann á og rekur. Pétur hefur alla tíð stundað íþróttir enda segist hann vera keppnismaður. Ástæða þess að hann byrjaði að taka inn Protis Liði var ónýt hné.

**Áhrifin komu á óvart**

„Ætli ég hafi ekki byrjað að taka Protis Liði vegna verkja í hné. Það var fyrir um það bil sex árum. Annað hnéð er brjósklaust og klippa þurfti til liðþófa. Ég hef farið í tvær aðgerðir vegna þess. Þá hef ég einnig farið í aðgerð út af hinu hnénu. Þar hafa liðþófar einnig verið klipptir auk þess sem sprunga er í brjóski. Þegar ég reyndi að hreyfa mig urðu hnén stokkbólgin, líkt og handbolti að stærð. Þessu fylgdu miklir verkir, til dæmis þegar ég gekk upp tröppur. Mér fannst líka erfitt að sitja lengi í bíl eða flugvél. Það var virkilega erfitt fyrir mig að keyra frá Sauðárkróki til Reykjavíkur,“ útskýrir Pétur.

„Ég hafði ekki mikla trú á Protis Liðum í upphafi, en ákvað að prófa að taka inn fjórar töflur á dag með morgunmatnum. Um sama leyti hætti ég að gleypa Voltaren rapid, sem er bólgueyðandi lyf og fer ekki vel í maga. Það kom mér mikið á óvart að eftir stuttan tíma minnkuðu bólgurnar mikið og verkirnir eiginlega hurfu. Ég veit svo sem ekkert hvernig ég á að útskýra þetta, en það er eins og eitthvað læknist í hnénu með Protis Liðum. Ég gat allt í einu skokkað smávegis og hreyft mig. Áður voru allir „demparar“ farnir úr hnjánum,“ segir hann.




Sæbjúgu eru gjarnan kölluð „ginseng hafsins“ en þau innihalda lífvirka efnið sapónín sem er í Protis Liðum.

**Fór að geta hjólað**

Pétur er kyrrsetumaður þar sem hann starfar við tölvur og finnst því mikilvægt að hreyfa sig. „Ég hjóla mikið. Það gat ég illa gert fyrir sex árum. Það var í rauninni alveg magnað að strax á fimmta degi eftir að ég byrjaði á Liðum var ég farinn að finna mikinn mun á mér. Sömuleiðis versnaði mér fljótt þegar ég sleppti að taka inn Liði og fékk aftur vonda verki. Protis Liðir hafa hentað mér frábærlega og ég er ekkert að liggja á skoðunum mínum um að þetta gerir mér mjög gott. Ef ég myndi hætta alveg að taka Liði væri ekkert annað í stöðunni en að fara í hnjáliðaskipti. Á meðan þetta er í lagi er ég ekkert að hugsa um slíkt.“

Þegar Pétur er spurður hvort hann viti um ástæðu þess að hnén gáfu sig, svarar hann: „Ég slasaðist fyrir rúmum 28 árum þegar ég var að hlaupa utanvegar í Noregi þar sem ég var í námi. Steig illa niður og reif liðþófa, átti síðan að fara í aðgerð sem aldrei varð úr, þannig að fóturinn varð alltaf verri og verri. Ég fór að setja allan þungann

> Það kom mér mikið á óvart að eftir stuttan tíma minnkuðu bólgurnar mikið og verkirnir eiginlega hurfu.
>
> Pétur Björnsson

á hinn fótinn og skemmdi hann líka. Það má segja að þetta séu týpísk íþróttameiðsli. Ég hljóp mikið á þessum árum og tók þátt í hinum og þessum íþróttum. Þegar maður er vanur að hreyfa sig kemur upp eirðarleysi og pirringur ef það er ekki hægt af einhverjum orsökum. Ég hef reynt ýmislegt en á mjög erfitt með hlaup. Ég hef hins vegar fundið mig á reiðhjólinu enda gerir það mér gott að hjóla. Það er frábært að hjóla hér um sveitirnar, lítil umferð og fátt sem truflar,“ segir Pétur. „Ég fer því út að hjóla á hverjum degi.“

**Ginseng hafsins**

Skrápur sæbjúgna inniheldur lífvirka efnið kondroitín súlfat. Skrápur sæbjúgna inniheldur einnig hátt hlutfall af sinki, joði og járni og eru sæbjúgu gjarnan kölluð „ginseng hafsins“ en þau innihalda lífvirka efnið sapónín. Kollagenið sem unnið er úr sæbjúgum inniheldur hátt hlutfall af mikilvægum amínósýrum, sérstaklega tryptófan, auk mangans og nauðsynlegra vítamína fyrir heilbrigð bein, brjósk og liðvökva. ■

Nánar á protis.is.

Protis-vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða.

# Konur takast á í frisbígolfi

Á morgun sunnudag hefst kvennamótaröðin í frisbígolfi en fyrsta mótið fer fram í Guðmundarlundi í Kópavogi. Röðin er ætluð konum, jafnt byrjendum sem lengra komnum.

starri@frettabladid.is



Svandís Halldórsdóttir er í stjórn og mótanefnd Íslenska frisbígolfsambandsins. Hún hefur brennandi áhuga á að byggja upp sportið hér á landi og gefa sem flestum tækifæri á að prófa frisbígolf. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kvennamótaröðin í frisbígolfi hefst á morgun sunnudag, en hún var fyrst haldin árið 2017. Eins og nafnið gefur til kynna eru mótaröðin eingöngu ætluð konum, en henni er ætlað að skapa vettvang þar sem auðvelt er fyrir konur að koma og prófa að keppa í öruggum hópi með jafningjum sem hafa mikinn áhuga á frisbígolfi, segir Svandís Halldórsdóttir, sem situr í mótanefnd ásamt Berglindi Ásgeirsdóttur og Maríu Eldeyju Kristínardóttur. „Áhugasamar geta skráð sig til leiks með því að skrá „going“ á viðburðum sem heita Kvennamót ÍFS sem birtast á Facebook-síðum sem heita Frisbígolf og Frispíur. Keppt er í þremur flokkum: FA1 flokkur er fyrir þær sem eru vanar að keppa, FA2 er fyrir þær sem eru í góðri æfingu og klárar í keppni og FA3 er fyrir þær sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppni.“

Á mótunum eru spilaðir tveir hringir á 9-11 holu völlum. „Í upphafi hvers móts förum við yfir reglur og ein í hverjum ráshópi skráir skor um hvernig gengur eftir hverja holu í hringnum. Sigurvegarinn er sú sem fer hringinn í fæstum köstum.“

**Miklar framfarir**

Svandís starfar sem umsjónarkennari og íþróttakennari á yngsta stigi í Vatnsendaskóla í Kópavogi, þar sem hún sér meðal annars um frisbígolf-valáfanga á unglingastigi. „Ég er í stjórn og mótanefnd Íslenska frisbígolfsambandsins (ÍFS) og hef, ásamt þeim sem eru með mér í stjórn, brennandi áhuga á að byggja upp sportið hér á landi og gefa sem flestum tækifæri á að prófa frisbígolfið.“



Hægt er að stunda frisbígolf stærstan hluta ársins. MYND/BIRGIR ÓMARSSON

> Félagsskapurinn, samvinnan, útiveran og náttúrufegurðin var það sem kallaði okkur út á völl nánast daglega.

Sjálf hefur hún spilað frisbígolf oft í viku frá því í nóvember 2020 og áhugi hennar á sportinu hefur aukist með hverju skipti sem hún spilar og keppir. „Ég og Soffía vinkona mín byrjuðum að hittast eftir nánast hvern einasta vinnudag og allar helgar og spila saman frisbígolf með Texas scramble sniði í Grafarholti. Félagsskapurinn, samvinnan, útiveran og náttúrufegurðin var það sem kallaði okkur út á völl nánast daglega og var gaman að sjá miklar framfarir hjá okkur báðum á stuttum tíma. Maðurinn minn hefur alltaf hvatt mig áfram og við erum dugleg að gefa okkur tíma til að komast bæði út á völl að spila og keppa. Árið 2021 keppti ég 56 daga og tók mynd í hvert skipti af ráshópnum mínum og kynntist fjársjóði af fólki sem hefur sama áhugamál og ég.“

**Kjólaþema í lokin**

Fyrsta mótið í kvennaröðinni fer fram í Guðmundarlundi í Kópavogi á morgun sunnudag og hefst kl. 18. „Næsta mót er föstudaginn 13. maí á Vífilsstöðum, svo miðvikudaginn 1. júní á Háskólavellinum á Akureyri og þá mánudaginn 11. júlí í Laugardal. Frekari upplýsingar um næstu mót og mótaröðina í heild sinni má finna á folf.is undir keppnir. Hvert mót kostar 2.000 kr. en hægt er að greiða 8.000 kr. fyrir öll mótin.“

Í síðasta mótinu, sem verður í Grafarholti í september, verður kjólaþema og lokahóf eftir mót. „Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin eftir hvert mót í öllum flokkum í sumar auk þess sem verðlaun verða einnig veitt fyrir alla mótaröðina og gilda þrjú bestu mótin til að skera úr um sigurvegara í flokkunum.“ ■

Nánari upplýsingar á Facebook undir Frisbígolf og Frispíur.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

## Skipulagsfulltrúi

Dalabyggð

Dalabyggð óskar eftir að ráða skipulagsfulltrúa til starfa. Auk Dalabyggðar sinnir skipulagsfulltrúi verkefnum vegna skipulagsmála fyrir Árneshrepp, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð. Leitað er að drífandi einstaklingi sem hefur metnað og drifkraft til að halda áfram að þróa starfið og skipulagsmál sveitarfélaganna.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón með skipulagsmálum á svæðinu
- Ábyrgð á að framfylgja stefnu sveitarfélaganna í málaflokkum sem heyra undir skipulagsfulltrúa
- Framkvæmd skipulagsmála og ráðgjöf við m.a. íbúa, kjörna fulltrúa, hönnuði og verktaka um skipulagsmál
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar
- Undirbúningur og eftirfylgni funda nefnda sveitarfélaganna varðandi skipulagsmál
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar sem sinna verkefnum á sviði skipulagsmála

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði byggingarmála skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Þekking og reynsla á þeim málaflokkum sem falla undir skipulagsmál
- Þekking og reynsla af stjórnun og áætlanagerð er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Lipurð í samstarfi, sveigjanleiki og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar, frumkvæði og lausnamiðun í starfi
- Góð íslenskukunnátta og færni til að miðla upplýsingum

Umsóknarfrestur er til og með **10. maí 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á www.intellecta.is. Upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir




## Verkefnastjóri á fjármálasvið Festi

KRÓNAN N1 ELKO FESTI fasteignir BAKKINN vöruhótel

Við leitum að verkefnastjóra með brennandi áhuga á innleiðingu nýrra fjármálalausna í stórri fyrirtækjasamstæðu. Framundan eru viðamiklar innleiðingar fjármálalausna þar sem markmiðið er að koma öllum félögum samstæðunnar í sama fjárhagsumhverfið.

### Helstu verkefni:

- Þarfagreiningar, kostnaðarmat og fagleg samantekt á valkostum nýrra fjárhagslausna
- Ferlagreiningar og vinna við bestun fjármálaferla
- Fagleg stýring umfangsmikilla innleiðingaverkefna á fjármálasviði
- Framkvæmd verkfunda og stöðufunda með starfsmönnum og ytri þjónustuaðilum
- Eftirlit með framgangi innleiddra fjárhagslausna
- Framsetning og kynning á niðurstöðum verkefna

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í verkefnastjórnun eða viðamikil reynsla (5 ár) af verkefnastýringu
- Reynsla af verkefnastýringu á sviði fjármálalausna/-kerfa í meðalstórum og stórum fyrirtækjum
- Þekking á reikningshaldi og fjármálaferlum meðalstórra og stærri fyrirtækja er kostur
- Yfirsýn og geta til að vinna undir álagi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, kraftur og góð þjónustulund
- Menntun á sviði fjármála og/eða upplýsingatækni er kostur

Festi er móðurfélag N1, Krónunnar, ELKO, Festi fasteigna og Bakkans vöruhótels. Hjá Festi starfar öflugur hópur fagfólks á ýmsum sviðum sem þjónustar dótturfélögin í rekstri og framþróun.

Á fjármálasviði starfa um 30 manns fyrir öll félög samstæðunnar.

Umsóknarfrestur er til **2. maí 2022**. Umsóknir óskast fylltar út á festi.is/cc/atvinna

Nánari upplýsingar veitir Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, mki@festi.is.

SIÐFERÐISGÁTTIN

Festi starfrækir vottað jafnlaunakerfi og hefur skuldbundið sig til að greiða jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Starfsfólki er veittur sveigjanleiki í starfi og lögð er áhersla á jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Velferð starfsfólks er í fyrirrúmi og er ýmiss konar heilsueflandi þjónusta í boði í Velferðarpakka félagsins. Starfsfólk fær góð kjör á vörum og þjónustu hjá ELKO, Krónunni og N1.

FESTI




**Viltu vinna á líflegum vinnustað? Okkur vantar traust fólk á hálfar og heilar vaktir um allt land.**
***Sæktu um á starf.olis.is eða á næstu Olísstöð.***

**Hæfniskröfur:**
- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

Vinur við veginn

Landeldi
Icelandic Salmon farm

# Yfirmaður laxeldis Landeldis

*Landeldi er framsækið nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur að uppbyggingu laxeldis á landi, og nýtir til þess náttúruauðlindir Íslands á sjálfbæran hátt. Landeldi starfrækir þegar seiðaeldisstöð við Hveragerði og vinnur að uppbyggingu laxeldisstöðvar við Þorlákshöfn. Verkefnið nýtur afburða aðstæðna í Ölfusi þar sem gott aðgengi er að landrými, umhverfisvænni orku og ekki síst ferskvatni og sjóvatni við kjörhitastig fyrir laxeldi. Félagið hefur lokið umhverfismati og hefur öðlast öll leyfi til að ala árlega um 6.500 tonn af laxi á landi, en markmið félagsins er að framleiðslugeta félagsins verði á endanum 33.500 tonn á ári. Ársvelta Landeldis þegar fullri framleiðslugetu verður náð er áætluð um 25-30 milljarðar króna. Hjá Landeldi starfa nú um 30 starfsmenn en áætlað er að þeir verði á annað hundrað innan fárra ára. Hluthafar Landeldis eru um 50 talsins en stærsti hluthafinn er fjárfestingafélagið Stoðir hf.*

Landeldi leitar að öflugum yfirmanni eldismála.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Ábyrgð á lífmassa og daglegum rekstri stöðvar.
- Innra eftirlit, gæðastjórnun og smitvarnir stöðvar.
- Þátttaka í uppbyggingu stöðvar.
- Starfsmannahald og starfsþjálfun í samvinnu við mannauðsstjóra.
- Áætlanagerð, skráningar og skýrslugerð.

**Hæfniskröfur:**

- Nám í fiskeldisfræðum.
- Reynsla af sambærilegu starfi og bakgrunnur í fiskeldi.
- Stjórnunarreynsla er æskileg.
- Frumkvæði og drifkraftur.
- Metnaður fyrir sjálfbærni og umhverfisvernd.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. maí nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsjón með starfinu hefur**
**Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Fræðslustjóri

Framtíðin er spennandi í álframleiðslu á Íslandi og mun framþróun grænnar álframleiðslu hafa raunveruleg áhrif á útblástur gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

**Norðurál leitar að framsýnum og metnaðarfullum einstaklingi, sem hefur brennandi áhuga á fræðslumálum, til að sinna skemmtilegum verkefnum í umhverfi þar sem metnaður og fagmennska eru í fyrirrúmi. Fræðslustjóri er hluti af öflugu teymi á mannauðssviði.**

**Starfssvið og viðfangsefni:** Skipulag og stjórnun fræðslu og þjálfunar, þarfagreining, gerð fræðsluáætlana, innleiðing og eftirfylgni. Fræðslustjóri sinnir innleiðingu rafrænnar fræðslu, stöðugum umbótum á sviði fræðslumála og veitir starfsmönnum og stjórnendum ráðgjöf.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. maí næstkomandi.**
**Sótt er um á www.vinnvinn.is.**

Nánari upplýsingar, s.s. um menntunar- og hæfniskröfur, veita Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) í síma 552 1212. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Starfið hentar öllum kynjum. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Starfsstöð er á Grundartanga, en starfsfólki bjóðast ferðir til og frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu.

Jafnlaunaúttekt PwC 2020

**Hreint ál úr íslenskri orku | nordural.is**

NORÐURÁL





# Forstöðumaður - Íþróttamiðstöð Vestmannaeyjabæjar

Vestmannaeyjabær auglýsir stöðu forstöðumanns Íþróttamiðstöðvarinnar lausa til umsóknar. Starfið felur í sér stjórnun og rekstur íþróttahúss og sundlaugar sem og annarra íþróttamannvirkja s.s. Týsheimilis og knattspyrnuhúss. Um er að ræða fullt starf og er leitast eftir metnaðarfullum leiðtoga sem getur hafið störf fljótlega.

**Helstu verkefni:**

- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á starfsemi Íþróttamiðstöðvarinnar
- Rekstur og dagleg stjórnun s.s. starfsmannahald, skipulag vakta ofl.
- Gerð starfs- og fjárhagsáætlana
- Dagleg umsjón og eftirlit með framkvæmd viðhalds mannavirkja, tækja og búnaðar Íþróttamiðstöðvarinnar og annarra íþróttamannvirkja
- Annast innkaup til daglegs rekstrar, búnaðar og tækja
- Annast niðurröðun æfingatíma í íþróttasali og sundlaug, undirbúa kappleiki, útleigu og aðra viðburði í húsinu
- Náið samstarf við almenning, skólasamfélagið, íþróttafélög, stjórnendur bæjarins og aðra

Laun taka mið af starfsmati og kjarasamningum viðkomandi BSRB/ASÍ félaga við Samband íslenskra sveitarfélaga

**Umsóknarfrestur er til og með 9. maí 2022.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla og þekking á rekstri
- Haldgóð þekking á málaflokknum
- Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt frumkvæði í starfi og faglegum metnaði
- Góð tölvukunnátta
- Góð kunnátta á íslensku máli í ræðu og riti
- Þarf að standast hæfnispróf sundstaða, sundpróf og skyndihjálp
- Hreint sakarvottorð

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Með umsókn skal fylgja ferilskrá um fyrri störf og menntun, ásamt kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið, auk nafna tveggja umsagnaraðila.

Nánari upplýsingar um starfið veita Gyða Kristjánsdóttir, ráðgjafi Hagvangs, **gyda@hagvangur.is** og Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi Hagvangs, **geirlaug@hagvangur.is**.

Hvatning er til allra áhugasamra einstaklinga, óháð kyni, að sækja um starfið skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lögum um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðningu er lokið.

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Skólastjórnendur í nýsameinuðu sveitarfélagi Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar

Sameining Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps var samþykkt í íbúakosningu í febrúar sl. Nýtt sameinað sveitarfélag hefur göngu sína að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí nk. Vegna sameiningar er fyrirhugað að stofna annars vegar nýjan leikskóla og hins vegar nýjan grunnskóla. Við leitum að skólastjórnendum til að leiða uppbyggingu þessara skóla.
Um spennandi tækifæri er að ræða fyrir skólastjórnendur sem hafa áhuga á skólaþróun.

## Skólastjóri

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróun skólastarfs
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans, áætlanagerð og mannahaldi
- Ábyrgð á stefnumörkun skólans í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í nýju sameinuðu sveitarfélagi
- Samstarf við ýmsa aðila skólasamfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og kennslumála æskileg
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi í skólaumhverfi æskileg
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun
- Rík samskipta- og skipulagshæfni
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta

## Aðstoðarskólastjóri

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Dagleg stjórnun og skipulagning skólastarfs í samstarfi við skólastjóra
- Staðgengill skólastjóra
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í nýju sameinuðu sveitarfélagi
- Samstarf við ýmsa aðila skólasamfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og kennslumála æskileg
- Reynsla af stjórnun og þróunarstarfi í skólaumhverfi æskileg
- Rík samskipta- og skipulagshæfni
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta

## Leikskólastjóri

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróun skólastarfs
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri, áætlanagerð og mannahaldi
- Ábyrgð á stefnumörkun leikskólans í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í nýju sameinuðu sveitarfélagi
- Samstarf við ýmsa aðila skólasamfélagsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og kennslumála æskileg
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi í skólaumhverfi æskileg
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun
- Reynsla af vinnu með börnum
- Rík samskipta- og skipulagshæfni
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta

## Aðstoðarleikskólastjóri

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Dagleg stjórnun og skipulagning skólastarfsins með leikskólastjóra
- Staðgengill leikskólastjóra
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð leikskólans
- Samskipti og samvinna við foreldra í samráði við leikskólastjóra
- Uppeldi og menntun leikskólabarna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara
- Reynsla af stjórnun er æskileg, t.d. deildarstjórn á leikskóla
- Fagleg forysta og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni, lipurð, umburðarlyndi og heiðarleiki í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðhorf, frumkvæði og samstarfsvilji
- Skipulagshæfni og sjálfstæði
- Góð tölvukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda leikskóla.
**Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2022.**

Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is** og Gyða Kristjánsdóttir, **gyda@hagvangur.is**

Nánari upplýsingar um sameininguna má finna á **hunvetningur.is**

**Sótt er um störfin á hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR



Benchmark®
Genetics Iceland

# Sölustjóri fyrir sölu á laxahrognum á Íslandi og Færeyjum

Benchmark Genetics Iceland hf. leitar að öflugum sölustjóra á Íslandi. Í boði er spennandi og fjölbreytt starf hjá alþjóðlegu fyrirtæki í örum vexti sem hefur að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki. Viðkomandi mun hafa umsjón með sölu á laxahrognum á Íslandi og Færeyjum auk þess að vinna náið með alþjóðlegu söluteymi Benchmark Genetics. Starfið heyrir beint undir sölustjóra Bechmark. Starfinu fylgja einhver ferðalög innanlands og erlendis. Það væri gott ef viðkomandi hefði bakgrunn í líffræði eða reynslu af fiskeldi.

Sölustjórinn er hluti af alþjóðlegu teymi og því geta verkefni átt sér stað annarsstaðar en á Íslandi eða í Færeyjum.

Staðsetning starfsins er í höfuðstöðvum Benchmark Genetics Iceland í Hafnarfirði.
Það væri mikill kostur ef að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni**
- Sala á laxahrognum til viðskiptavina á Íslandi og í Færeyjum.
- Sala á sláturlaxi fyrirtækisins.
- Tæknileg aðstoð við viðskiptavini.
- Tengiliður milli söluteymis og framleiðslu á Íslandi.
- Skipuleggja og fylgja eftir sendingum á hrognum til viðskiptavina.

**Hæfniskröfur**
- Tala góða ensku og helst einnig íslensku og eða annað norðurlandamál.
- Hafa góða samskiptahæfni og reynslu í að halda kynningar.
- Góð tölvukunnátta

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við Geir Olav Melingen, sölustjóra Benchmark Genetics (norska eða enska), sími: +47 92244511 eða Geir.Olav@bmkgenetics.com eða Jónas Jónasson, jonas.jonasson@bmkgenetics.com, framkvæmdarstjóri Benchmark Genetics Iceland sími: +354 6936306



# Verkefnastjóri sjóða

Sameyki leitar að kröftugri manneskju sem er tilbúin að taka þátt í uppbyggingarstarfi hjá stærsta stéttarfélagi opinberra starfsmanna á Íslandi. Starfið snýr m.a. að afgreiðslu umsókna í sjúkra- og styrktarsjóð félagsins og tilheyrir félagsdeild. Deildin er í framlínuþjónustu við félagsmenn og er oft fyrsta snerting þeirra í heimsóknum, símhringingum og netsamskiptum. Unnið er í teymi í þjónustudeild þó starfsmenn hennar sinni auk þess tilteknum verkefnum þvert á deildir.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Utanumhald umsókna, útreikninga og greiðsla vegna styrkja úr styrktar- og sjúkrasjóði
- Greining og vinnsla tölfræðilegra gagna
- Almenn afgreiðsla, svörun fyrirspurna og önnur almenn þjónusta við félagsmenn

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Framhaldsskólanám, fagnám á sviði skrifstofu- eða viðskiptabrautar og/eða mikil reynsla og þekking sem nýtist í starfinu
- Reynsla af starfsemi stéttarfélaga og þekking á vinnumarkaðsmálum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af vinnu við gagnagrunna og framsetningu gagna
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu er stærsta stéttarfélagið á opinberum vinnumarkaði. Félagið þjónar rúmlega 12500 félagsfólki um land allt. Hjá félaginu starfar jákvætt starfsfólk með mikla þekkingu og reynslu. Á skrifstofu félagsins starfa 20 starfsmenn.
Sjá nánar á **sameyki.is**

**Umsóknarfrestur er til 2. maí nk**. Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veita Gunnsteinn R. Ómarsson, skrifstofustjóri á netfangið gunnsteinn@sameyki.is og Jakobína Þórðardóttir, deildarstjóri félagsdeildar á netfangið jakobina@sameyki.is.

KRÓNAN

# Pssst ...

# Við leitum að brakandi ferskum markaðsstjóra!



**Krónan auglýsir eftir markaðsstjóra sem hefur ástríðu fyrir mat, umhverfismálum, stafrænum lausnum og daglegu búðafjöri! Við leitum að öflugri markaðsmanneskju sem er til í að stíga inn í og móta Krónuheiminn með okkur áfram til framtíðar.**

Markaðsstjóri Krónunnar annast þróun, stjórnun, ábyrgð og framkvæmd á markaðsmálum Krónunnar – í raunheimum – en ekki síður hinum stafræna heimi.

**STARFSSVIÐ:**

- Mótar stefnu og markmiðasetningu markaðsdeildar
- Ber ábyrgð á framkvæmd, útfærslu og eftirfylgni markaðsáætlunar
- Sér um samræmingu aðgerða við önnur svið Krónunnar í tengslum við markaðssetningu
- Ber ábyrgð á samskiptum og samningum við samstarfsaðila
- Sér um daglegan rekstur og stjórnun markaðsdeildar

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræða
- Starfsreynsla af markaðsmálum
- Þekking á samspili stafrænna og hefðbundinna miðla
- Sköpunargleði, metnaður og frumkvæði
- Skipulagshæfni og vönduð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti

**Hjá Krónunni starfa um þúsund Krónusnillingar í 24 verslunum auk Snjallverslunar, við eigum ánægðustu viðskiptavinina 5. árið í röð og erum með jafnlaunavottun VR.**

Krónan leggur áherslu á lágt vöruverð samhliða bestu mögulegum gæðum og ferskleika vöruframboðs svo og umhverfisvænum lausnum á sem flestum sviðum. Markmið okkar er að einfalda viðskiptavinum okkar lífið í daglegum innkaupum.

**Tekið er á móti umsóknum á www.kronan.is/atvinna**
**Umsóknarfrestur er til og með 3. maí.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Erla María Sigurðardóttir** mannauðsstjóri Krónunnar í síma **897-8298** eða **erla@kronan.is**.

www.kronan.is

# Skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness



**Leitað er að metnaðarfullum leiðtoga með víðtæka þekkingu og skýra framtíðarsýn á starfsemi grunnskóla til að leiða nemendur, starfsfólk og foreldra í öflugu skólastarfi.**

## Virðing – Ábyrgð – Vellíðan

Seltjarnarnesbær auglýsir lausa stöðu skólastjóra við Grunnskóla Seltjarnarness. Í skólanum eru um 580 nemendur, en hann er rekinn á tveimur starfsstöðvum, í Mýrarhúsaskóla (1.-6. bekkur) og Valhúsaskóla (7.-10. bekkur). Við skólann starfa um 100 manns og hefur skólinn á að skipa reynslumiklu og hæfu starfsfólki. Einkunnarorð skólans eru virðing – ábyrgð – vellíðan og er lögð áhersla á að þau einkenni skólastarfið. Skólinn er í miklu samstarfi við Frístundamiðstöð Seltjarnarness um lengda viðveru barna í 1.- 4. bekk og félagsmiðstöðina Selið, Tónlistarskóla Seltjarnarness og íþróttafélagið Gróttu.

## Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar á skólastarfi í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Seltjarnarnesbæjar.
- Stjórnun og ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi.
- Ábyrgð á starfsmannamálum.
- Ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

## Menntunar og hæfniskröfur

- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af faglegri forystu í kennslu og/eða þróunar í skólastarfi.
- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Menntun á sviði stjórnunar.
- Kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla í starfsmannastjórnun og rekstri.

Umsókn um starfið skal fylgja leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari og gögn sem staðfesta frekari menntun, ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og SÍ.

Öllum umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar - undir **seltjarnarnes.is –Störf í boði**. Þar má einnig finna ítarlegri kynningu á starfinu og Grunnskóla Seltjarnarness.

Ráðið verður í stöðuna f.o.m. 1. ágúst 2022. **Umsóknarfrestur er t.o.m. 2. maí 2022.**

Upplýsingar um starfið veitir Baldur Pálsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Setjarnarnesbæjar, **baldur@seltjarnarnes.is**

*Spennandi tímar eru framundan í skólamálum á Seltjarnarnesi, þar sem menntastefna sveitarfélagsins er nú til endurskoðunar og íbúaþing um skólamál verður haldið 2. apríl nk.*

*Á Seltjarnarnesi er lögð áhersla á að reka skóla í fremstu röð þar sem boðið er upp á metnaðarfullt og framsækið skólastarf, sem byggir á góðu starfsumhverfi. Áhersla er lögð á að mæta þörfum nemenda, ýta undir hæfileika þeirra og auka trú á eigin getu. Góð samskipti og samstarf starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila er forsenda þess að vel takist til við að byggja upp gott og mannvænt samfélag. Lögð er áhersla á samvinnu milli skólanna, samfelldan skóladag nemenda og öruggt umhverfi þar sem góð líðan er í fyrirrúmi.*

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

# Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra hjúkrunar á Reykjalundi endurhæfingu ehf. Um er að ræða 100% starf. Allt að 50% hluti starfsins er þátttaka í klínískum verkefnum.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar situr í framkvæmdastjórn Reykjalundar og heyrir undir forstjóra. Hann ber ábyrgð á hjúkrunarþjónustu starfseminnar á báðum meðferðarsviðum Reykjalundar. Jafnframt er hann sviðsstjóri á meðferðarsviði 2. Hann skipuleggur og samhæfir faglegt meðferðarstarf í samvinnu við aðra framkvæmdastjóra. Hann tryggir mönnun hjúkrunarfræðinga í teymum og vinnur að framgangi markmiða, stefnu og sýn Reykjalundar.

**Hæfnis- og menntunarkröfur**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi skv. lögum 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn.
- Klínísk framhaldsmenntun og/eða starfsreynsla á sviði endurhæfingar og/eða stjórnunar.
- Þekking á rekstri heilbrigðisstofnana.
- Þekking og reynsla af þverfaglegri teymisvinnu.
- Leiðtogahæfileikar og stjórnunarreynsla.
- Þekking og reynsla af mannauðsmálum.
- Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður í starfi.

**Umsóknarfrestur er til 2. maí 2022.**

Umsækjendum er bent á að ráðið er í þetta starf, sem og öll störf í framkvæmdastjórn Reykjalundar, til 5 ára í senn með möguleika á framlengingu til 5 ára í hvert sinn.

**Upplýsingar um starfið veita**
**Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri**
gudbjorg@reykjalundur.is – sími 585 2143
**Pétur Magnússon forstjóri**
petur@reykjalundur.is – sími 585-2140.

Umsókn skal skilað til Guðbjargar Gunnarsdóttur mannauðsstjóra Reykjalundar - gudbjorg@reykjalundur.is

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á www.reykjalundur.is

*Reykjalundur endurhæfing ehf. Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is*

# Okkur vantar gott fólk við spennandi byggingarverkefni á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

## VIÐ LEITUM AÐ

- Byggingarstjórum
- Trésmiðum
- Trésmíðanemum
- Verkafólki

Við óskum eftir öflugu fólki með tæknimenntun sem nýtist í starfi og reynslu af byggingarframkvæmdum. Einnig leitum við að faglærðum trésmiðum, trésmíðanemum og duglegu verkafólki til ýmissa starfa á verkstöðum okkar. Mikil vinna fram undan við fjölbreytt verkefni.

Vinsamlega sendið fyrirspurnir og ferilskrár á netfangið **postur@skjanni.is**

J.E.SKJANNI VIÐ BYGGJUM TIL FRAMTÍÐAR BYGGINGAVERKTAKAR





**J.E. Skjanni byggingaverktakar** eru alhliða verktakafyrirtæki sem hefur víðtæka reynslu af hvers lags verkefnum á sviði nýbygginga, viðhalds, byggingar- og verkefnastjórnunar og samþættingar verkþátta þar sem margir verktakar koma að málum. Auk þess að byggja íbúðir og atvinnuhúsnæði sinnir J.E. Skjanni verktöku fyrir aðra.

**Markmið J.E. Skjanna** er að skila ávallt vönduðu verki. Mörg spennandi verkefni eru í framkvæmd og undirbúningi. Má nefna íbúðar- og hótelbyggingu við Pollinn á Akureyri, kennileitishús í Urriðaholti auk nútímalegs fjölbýlishúss við Áshamar í Hafnarfirði.





# Sérfræðingar í ráðningum

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is




# TÆKNISTÖRF Á LANDS-BYGGÐINNI

**Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við okkur öflugu starfsfólki í útibúin okkar á landsbyggðinni.**

Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum sem hafa metnað, sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi og eiga auðvelt með að vinna með öðrum.

Störfin fela í sér að sinna hönnunarverkefnum á breiðu sviði innan mannvirkjagerðar, fjölbreyttri alhliða ráðgjöf ásamt eftirliti með verkframkvæmdum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

– Verkfræðingur / tæknifræðingur / byggingafræðingur

– Reynsla af hönnun og ráðgjöf

– Kunnátta í teikniforritum t.d. AutoCad, Revit eða Civil 3D

Nánari upplýsingar veita Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, egs@verkis.is og Ari Guðmundsson sviðsstjóri starfsstöðvasviðs, arg@verkis.is

**Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2022.**
**Sótt er um á www.verkis.is**

## VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Yfir 330 manns starfa hjá fyrirtækinu að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis.

Verkís er með útibú í öllum landshlutum og er það metnaður stofnunnar að veita staðbundna þjónustu sem víðast á landinu með stuðningi annarra sérfræðinga Verkís.

VERKÍS 90 1932/2022

# Deildarforseti félagsvísindadeildar

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST



## Háskólinn á Bifröst auglýsir lausa til umsóknar stöðu deildarforseta félagsvísindadeildar háskólans

Deildarforseti leiðir akademískt starf og stefnumótun deildarinnar, hefur umsjón með námi innan hennar og situr í framkvæmdastjórn skólans.

Við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst er fjölbreytt námsframboð og námsbrautir í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði; menningarstjórnun; miðlun og almannatengslum; opinberri stjórnsýslu; skapandi greinum; og áfallastjórnun. Við leitum að einstaklingi með faglegan styrk, forystu í rannsóknum, reynslu af skólamálum á háskólastigi og metnað og áhuga á að taka virkan þátt í starfsemi og uppbyggingu öflugs og framsækins háskólastarfs.

Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á samþættingu fræða og framkvæmdar og er leiðandi í uppbyggingu hagnýts fjarnáms á háskólastigi hér á landi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Stýring, skipulag og ábyrgð á faglegum störfum á sviði kennslu og rannsókna og inntöku nemenda.
- Leiðir þróunar- og gæðastarf deildar og ber ábyrgð á starfsmannamálum.
- Fjárhagsleg ábyrgð innan ramma fjárhagsáætlunar deildar.
- Tekur þátt í nefndarstarfi utan og innan skólans eftir atvikum.
- Kemur að kennslu og rannsóknum samkvæmt samkomulagi við rektor.
- Samstarf við stoðsvið.
- Samskipti við nemendur um akademísk málefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Doktorspróf tengt fræðasviðum deildarinnar.
- Haldgóð leiðtoga- og stjórnunarreynsla.
- Þekking og reynsla af stjórnun og/eða kennslu á háskólastigi er mikilvæg.
- Þekking og reynsla úr atvinnulífinu er kostur.
- Skipulags-, samskipta- og samráðsfærni.
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, í ræðu og riti.

Með umsókn skulu fylgja skrár og staðfestingar yfir nám, starfsferil og rannsóknir og kynningarbréf þar sem kemur fram m.a. lýsing á hugmyndum umsækjanda um uppbyggingu og þróun náms í félagsvísindum við Háskólann á Bifröst. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Starfsaðstaða er á Bifröst og á skrifstofum skólans í Reykjavík**

**Nánari upplýsingar** veita Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor, á rektor@bifrost.is eða Hulda Dóra Styrmisdóttir, mannauðsstjóri, á mannaudsstjori@bifrost.is. Tekið er við umsóknum á atvinnumiðlunarvefnum Alfreð á alfred.is

Háskólinn á Bifröst vinnur samkvæmt jafnréttisáætlun háskólans og hvetur alla óháð kyni til að sækja um.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Menntaskólinn í Kópavogi er framhaldsskóli sem kennir samkvæmt áfangakerfi og býður upp á kennslu til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, einnig kennslu á iðn- og verknámsbrautum á matvælasviði og í leiðsögn. Um 100 starfsmenn starfa við skólann og nemendur eru um 900.

## Aðstoðarskólameistari Menntaskólans í Kópavogi

**Menntskólinn í Kópavogi auglýsir eftir aðstoðarskólmeistara frá og með 1. ágúst 2022.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
Aðstoðarskólameistari aðstoðar við daglegan rekstur skólans skv. starfslýsingu og er skólameistara til fulltingis í mannauðsmálum. Hann gætir að því að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

**Hæfnikröfur**
- Viðkomandi skal hafa starfsheitið kennari
- Menntun og/eða reynsla við stjórnun er kostur
- Þekking á fjármálum, rekstri og áætlanagerð er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun og stefnumótunarvinnu er kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Frekari upplýsingar um starfið veitir **Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari**

Laun aðstoðarskólameistara fara skv. kjarasamningi Kennarasambands Íslands

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF
S 771-3800
HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN
FLÍSALAGNIR
o.m.fl.
40 ára reynsla í utanhússviðhaldi
Tilboð þér að kostnaðarlausu
https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 135377

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

## Keypt & Selt

### Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is
Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

mýranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 788 1590**

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Heilsa

### Heilsuvörur

gott cbd.is

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

Óska eftir herbergi eða einstaklingsíbúð höfuðborgarsvæðinu S. 8937144

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**
Only 1-4 students per course ! Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese. Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Víetnama og Kinverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heilbrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personel. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 18/4, 2/5, 16/5, 30/5, 13/6, 27/6, 4/7, 18/7, 8/8, 15/8, 12/9. * 4 weeks/vikur x 5 workdays or/eða * 10 weeks/vikur x Sat/Sun/ lau/sun. AM & PM/f.h & e.h. Price/ verð: 49.500. Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélög endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is . ff@icetrans. is - facebook.com/icetrans. IceSchool- Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**
Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is
FYRIR EFTIR
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**
- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

gott cbd.is

**Ferðaþjónustuhús**
Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

# STEINSMIÐJA AKUREYRAR

*Eitt mesta úrval landsins af legsteinum*
*Uppsetning á Norðurlandi og höfuðborgarsvæðinu*
*Frí sending um allt land*
*Allar upplýsingar á heimasíðu okkar*

























**VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR ÚR GRANÍT**

*Hægt að grafa skrift í bak og sæti*
*130 cm breiðir*
*ca 140 kg*
*3 litir*

**MIKIÐ ÚRVAL AF SALTLÖMPUM**

*Fást einnig í:*
*Betra Líf - Kringlunni*
*Skipavík - Stykkishólmi*
*Klassík - Egilsstöðum*
*Martölvan - Höfn*



**s: 466 2800 / 899 9370**
*sala@minnismerki.is*
*steinsmidjaakureyrar.is*





Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

# Sjálfkvæni æ vinsælla

Sologamy, sem gæti útlagst á íslensku sem sjálfkvæni, er notað um sjálfsbrúðkaup, táknræna athöfn þar sem brúðurin skuldbindur sig til að viðhalda merkingarbæru, djúpu og ástríku sambandi við sjálfa sig.

Ég segi brúðurin, því það eru nánast alfarið konur sem ákveða að giftast sjálfum sér. Um er að ræða djarfa yfirlýsingu um að þú sért nóg og þú sért heil. Það má vera að þú sért tilbúin að deila lífi þínu með annarri manneskju en þú þarft ekki á „betri helmingi“ að halda til að vera hamingjusöm.

En þó um sé að ræða skuldbindingu við sjálfa sig skal ekki rugla því við skírlífi eða að viðkomandi þurfi að vera einhleypur. Það er ekkert að því að henda í sjálfsbrúðkaup hvort sem þú ert hamingjusamlega einhleyp/ur, í leit að maka eða nú þegar í sambandi.

En um hvað snýst þetta þá? Er pælingin að halda gott partí og fá svolitla athygli, jafnvel gjafir? Eða er um að ræða fallega ástarjátningu gagnvart sjálfum sér? Er ekki sífellt verið að tala um að til þess að elska aðra sé mikilvægt að sannarlega elska sjálfan sig? Í raun er frítt spil þegar kemur að útfærslunni, á meðan einhverjir hafa sett upp hringinn einir með sjálfum sér heima við hafa aðrir haldið risaveislur og tekið á móti gjöfum – og svo allt þar á milli. ■

» Um er að ræða djarfa yfirlýsingu um að þú sért nóg og þú sért heil.

### Vinsælt í Japan

Sjálfkvæni-trendið hefur þróast undanfarna rúma tvo áratugi víða um heim, til að mynda í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og Ítalíu. Heimildarmyndastreymisveitan BBC Select fjallaði um auknar vinsældir sjálfsbrúðkaupa í Japan í nýútkominni heimildarmynd: A Japanese Solo Wedding. Segir í umsögninni að sífellt fleiri ungar japanskar konur velji að fagna æsku sinni og sjálfstæði með því að giftast sjálfum sér á meðan hefðbundnum brúðkaupum fækki í landinu.

Sjálfkvæni er ein leið til að segja umheiminum að það megi vera að þú sért tilbúin að deila lífi þínu með annarri manneskju en þú þurfir ekki á „betri helmingi“ að halda til að vera hamingjusöm. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Verð sjálf alltaf í fyrsta sæti

Brasilíska undirfatafyrirsætan, Cris Galêra vakti athygli þegar hún, undir lok síðasta árs, gekk að eiga sjálfa sig fyrir framan kaþólska kirkju í stórborginni São Paulo, í heimalandi sínu.

Sjálf sagðist fyrirsætan hafa ákveðið að láta verða af þessu sem ákveðna staðfestingu á sjálfsást. Í samtali við New York Post sagði hún frá því að reynsla hennar af samböndum við karlmenn hefði ýtt undir ákvörðunina enda hefðu þeir oft verið henni ótrúir. Eftir að hún birti myndir af brúðkaupinu á Instagram-reikningi sínum höfðu fjölmargir vonbiðlar samband en Cris afþakkaði bónorðin pent. Hún bætti þó við að ef ný ást birtist myndi hún ekki afneita henni. „Ég myndi þá setja þá manneskju í annað sæti, sjálf verð ég alltaf í fyrsta sæti.“

Einhverjir miðlar birtu reyndar fréttir af því að 90 dögum eftir brúðkaupið hefði fyrirsætan fundið ástina í öðrum aðila en ef hún hefur staðið við orð sín hefur hún varla sagt skilið við sjálfa sig.



Brasilíska undirfatafyrirsætan Cris Galêra segir reynslu sína af karlmönnum hafa ýtt undir þá ákvörðun að giftast sjálfri sér.



Victoria Secret-fyrirsætan Adriana Lima tilkynnti á Instagram-reikningi sínum árið 2017 að hún hefði gifst sjálfri sér. MYND/INSTAGRAM

**Skuldbundin sjálfri mér**

Nokkrum árum áður, eða 2017, hafði samlanda hennar, Victoria Secret-fyrirsætan Adriana Lima tilkynnt á Instagram-reikningi sínum að hún hefði gert það sama – gifst sjálfri sér. Adriana birti mynd þar sem forkunnar demantshringur er í forgrunni og við myndina skrifaði fyrirsætan: „Hvað er með hringinn? Hann er táknrænn, ég er skuldbundin sjálfri mér og minni eigin hamingju – ég er gift sjálfri mér. Stelpur, elskið sjálfar ykkur. Og já, ég er einhleyp.“ ■




# Það er mikið undir

Undir yfirborðinu liggja lífæðar sem halda orkustigi hverfisins uppi. Skoðaðu lagnateikningar áður en þú stingur niður skóflu. Þannig er hægt að koma í veg fyrir óþarfa óþægindi sem geta haft áhrif á fjölmarga í nágrenninu.

Upplýsingar um hvernig nálgast má teikningar er að finna á **veitur.is/mikid-undir.**

**Höldum sambandinu órofnu**

veitur.is • **S. 516 6000**

VEITUR

# Í raun ekkert skrítið

Berglind Guðmundsdóttir matarbloggari með meiru giftist sjálfri sér á eyjunni Salina á Ítalíu árið 2019.

Berglind fór ein til Sikileyjar árið 2019 og einn áfangastaðurinn var eyjan Salina.

„Þetta er lágstemmd og falleg eyja með dásamlegu fólki. Um leið og ég steig á eyjuna hugsaði ég: „Hér væri yndislegt að gifta sig!“ Það var bara eitthvað við hana sem öskraði á brúðkaup. Ég hafði gantast aðeins við börnin mín fyrr um árið þegar þau voru að spyrja hvort ég ætlaði aldrei að giftast aftur, að kannski myndi ég bara giftast sjálfri mér,“ segir Berglind í léttum tón og segist hafa hugsað með sér að kannski myndi hún bara láta verða af því núna.

„En svo var það bara of skrítið til að láta verða af því. Ég var þarna í nokkra daga og missti af ferjunni síðasta daginn og þá hugsaði ég með mér: „Ég á ekki að fara héðan fyrr en ég giftist sjálfri mér. Svo ég bara kýldi á það.“

**Fannst ég verða að gera þetta**

Berglind segist hafa verið að vinna í sjálfri sér frá skilnaði árið 2015 og upplifði að hún væri að komast á góðan stað. „Á stað þar sem maður upplifir innri ró og er sáttur í sjálfum sér. Ég get nú ekki sagt að ég mig hafi á þeim tímapunkti langað að vera konan sem giftist sjálfri sér en þetta var hugmynd sem kviknaði og mér fannst ég bara verða að gera þetta. Ég hef alltaf staðið með þessari ákvörðun því það er í raun ekkert skrítið við að giftast sjálfum sér. Í því felst bara að þú lofir að hugsa vel um þig, tala fallega til þín, elska þig og standa með þér í gegnum súrt og sætt. Ég held að daginn sem þú ert tilbúinn að giftast sjálfum þér þá sértu tilbúinn í hjónaband með öðrum.“

Berglind tók þetta alla leið þó hún bendi á að eina sem þurfi sé hugsunin um að maður elski sjálfan sig.

**Kjóll og fimm evru hringur**

„Ég fór og fann hvítan kjól, keypti mér fimm evru hring og meira að segja morgungjöf frá mér til mín,“ segir hún í léttum tón. „Svo ætlaði ég að fara inn í fallegu kirkjuna þarna á Salina en hún var lokuð. Ég settist þá bara á torgið fyrir framan kirkjuna og játaðist sjálfri mér. Það kom mér á óvart hversu falleg stund þetta var og svei mér þá ef það komu ekki nokkur tár. Bara yndisleg stund. Svo fagnaði ég með góðum mat og Prosecco. Daginn eftir fór ég svo með ferjunni til Palermo – gift sjálfri mér.“

**Annarra álit skiptir engu**

Fjölmargir fylgjendur Berglindar á Instagram sendu henni hamingjuóskir þegar hún tilkynnti um brúðkaupið.

„Vinkona mín spurði samt hissa hvort það væri hægt að giftast sjálfum sér, sem ég skil vel. Svo var gert skemmtilegt grín að þessu í áramótaskaupinu sem ég hafði mjög gaman af. Auðvitað fannst fólki þetta skrítið enda er allt skrítið sem er öðruvísi en hið hefðbundna. Ég fékk eina skilaboð sem voru eitthvað á þá leið: „Ef þú ert svona frábær, af hverju þarftu þá að giftast sjálfri þér?“ En ég held að þetta hafi verið það eina neikvæða sem ég heyrði – og fannst það bara fyndið – því ef maður elskar sig og er með báða fætur á jörðinni þá skiptir álit annarra engu máli. Ég fer mínar leiðir burtséð frá því hvað öðrum finnst. Það er besta leiðin til að lifa,“ segir hún kát að lokum. ■



Berglind Guðmundsdóttir matarbloggari með meiru giftist sjálfri sér á eyjunni Salina á Ítalíu árið 2019. MYND/AÐSEND

» Ég held að daginn sem þú ert tilbúinn að giftast sjálfum þér þá sértu tilbúinn í hjónaband með öðrum.

## Staðfesting á sjálfsást

Þó að sjálfsbrúðkaupin verði vinsælli eru þau þó hvergi í heiminum bindandi gagnvart lögum. Einfaldlega er um táknræna athöfn að ræða og oft er hún meira til gamans gerð.

Ekki er þó alltaf um létt grín að ræða því margar konur hafa lýst athöfninni sem valdeflandi og sem ákveðinni staðfestingu á sjálfsást og tryggð. Þær lofa því þá að svíkja ekki sjálfar sig og hefur loforðið líklega ákveðna merkingu í huga hverrar og einnar.

Sjálfsbrúðkaupin eru frábrugðin hefðbundnum brúðkaupum þó oftar en ekki sé um að ræða brúðarkjól, köku og einhvers konar veislu. Hið augljósa er að enginn er brúðguminn en eins þarf sá sem stjórnar athöfninni engin réttindi, enda brúðkaupið ekki lagalega bindandi – það þýðir jafnframt að halda má það hvar sem er í heiminum. Þeir sem giftast sjálfum sér þurfa svo auðvitað ekkert að skilja finni þeir sér annan maka.

» Þeir sem giftast sjálfum sér þurfa svo auðvitað ekkert að skilja finni þeir sér annan maka.




SAMFÉLAGSVERKEFNI

Viltu aðstoð frá góðum granna?

Unga fólkið í verkefninu Margar hendur vinna létt verk vill aðstoða ykkur í sumar.

Við hjá Landsvirkjun höfum árum saman starfrækt sumarvinnuflokka sem sinna uppbyggingu og fegrun starfsstöðva fyrirtækisins og nágrennis.
Jafnframt taka flokkarnir að sér ýmis samstarfsverkefni með nágrönnum okkar vítt og breitt um landið.

Við bjóðum fram vinnu sumarvinnuhópa og verkstjórn í verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum, ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. maí og má nálgast umsókn og allar nánari upplýsingar á landsvirkjun.is/margarhendur**

Hafðu samband ef þú ert nágranni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.

Landsvirkjun


## Markaðurinn tekur við sér

Þó svo að hinn risastóri brúðkaupsiðnaður sé ekki kominn með klærnar í þessi sóló brúðkaup eru þónokkur fyrirtæki víðs vegar um heiminn farin að sjá markað í hugmyndinni.

Lúxushótelið Rosewood Mayakoba við Riviera Maya ströndina í Mexíkó býður upp á fjögurra daga pakka sem kallast „Marry Oneself Journey.“ Slík brúðkaupsvegferð fer fram í Rosewood Spa hluta hótelsins sem er staðsett á lítilli eyju þar sem njóta má kyrrðar og allra mögulega lúxus-spameðferða auk heilunarserimónía, stjórnað af shaman.

Í þessum pakka er aðaláherslan heilun en samkvæmt heimasíðu hótelsins er markmiðið sjálfsskoðun í beinni tengingu við grunnfrumefnin vatn, vind, jörð og eld. Lokahnykkur meðferðarinnar er svo brúðkaupið sjálft þar sem skilyrðislausri ást og samþykki brúðarinnar á sjálfri sér er fagnað undir handleiðslu shamans.

Á vefsíðunni imarriedme.com má finna ýmsan varning fyrir þann sem er að skipuleggja brúðkaup með engum öðrum en sjálfum sér. Þar má til að mynda kaupa giftingarhringinn í sérmerktum kassa og stuttermaboli með áletrun í takti við stóra daginn.

» Lokahnykkur meðferðarinnar er svo brúðkaupið sjálft.



Sigrún Helga Lund, tölfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu, og Arndís Anna K. Gunnarsdóttir, þingmaður Pírata, gengu í hjónaband með sjálfum sér í fertugsafmælisveislu sinni á liðnu ári. MYND/AÐSEND

# Hétu að elska sig sjálfar

Sigrún Helga Lund, tölfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu, og Arndís Anna K. Gunnarsdóttir, þingmaður Pírata, gengu í hjónaband með sjálfum sér í fertugsafmælisveislu sinni á liðnu ári.

Vinkonurnar, sem eru fæddar sama dag, héldu upp á sameiginlegt fertugsafmæli með pompi og prakt og segir Sigrún að hugmyndin að athöfninni, sem Kamilla Einarsdóttir rithöfundur stjórnaði, hafi komið á fyrsta skipulagsfundi.

„Á fyrsta fundi sagði Arndís að hún ætlaði aldrei að gifta sig svo engu þyrfti að spara til fyrir atburð aldarinnar. Þar með var fræinu sáð.“

**Peppaði upp stemninguna**

Vinkonurnar höfðu báðar verið einhleypar lengi þegar kom að veislunni sem haldin var í upphafi síðasta árs í einni Covid-glufunni.

„Endalaus leiðindi í allt of langan tíma kölluðu á eitthvað extra. Allir okkar gleðipinnar og ömmur þeirra voru í þörfinni fyrir gott partí og Babies-ball í vændum,“ segir Sigrún og á þá auðvitað við hljómsveitina Babies. „Hvað væri betri leið til að peppa upp stemmningu fyrir besta ball ársins? Gleðin er gjöf sem gefur.“

**Amma fékk áfall**

Veislan fór fram í Iðnó þar sem fjölmenni var mætt til að fagna afmæli vinkvennanna. „Brúðkaupslaginu með Todmobile var blastað yfir allt Iðnó og mannfjöldinn myndaði gjá í gegnum dansgólfið eins og Móses hefði klofið mannhafið. Metsöluhöfundur sem minnti okkur á að tilfinningar væru fyrir aumingja lét okkur heita því að elska okkur sjálfar og virða ævidagana á enda,“ segir Sigrún, þegar hún er beðin að lýsa athöfninni.

„Eilífðarunglingurinn Sigrún klæddist kórkjól sem ég notaði sautján ára í Menntaskólakórnum við Hamrahlíð. Arndís reddaði sér í Gyllta kettinum þá um morguninn.“

Aðspurð um viðbrögðin svarar Sigrún: „Amma hennar Arndísar fékk taugaáfall. Restin trylltist úr púkaskap og gleði.“ ■


Allt fyrir vorverkin
ECO ENERGY
Lavor STM 160 ECO háþrýstidæla
3 stillingar á þrýsting (einkaleyfi)
Mótor: 2500W, Þrýstingur: 160 bör
Vatnsflæði: 510 l/kls
31.196 Áður 38.995 kr.
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
Stór aukahluta-pakki
WPS WASHING PROGRAMS SYSTEM
71.996
Áður 89.995 kr.
MOWER CJ20G
Sláttuvél m/drifi, Briggs&Stratton mótor, rúmtak 150CC, skurðarvídd 51cm 20" Safnpoki að aftan 65L, hliðarútskilun. Skurðhæð og staða 25-75mm/8
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
BIOkleen Trallvätt Decking Cleaner
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
Bio Kleen
Pallahreinsir
1 líter
796 Áður 995 kr.
5L 3.196 kr. Áður 3.995 kr.
Kaliber ferðagasgrill
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
23.996
Áður 29.995 kr.
Blákorn 7kg
3.455
Graskorn 5kg
2.155
BLÁKORN
GRASKORN
Garðskafa
1.390
Pretul greinaklippur
1.159
Grasklippur 330mm
1.795
Garðhanska Flower
195
Greinaklippur 180mm
695
Margnota Meister Ruslapoki PopUp 160litr
2.385
Truper garðverkefæri 4 í setti
1.995
Greinaklippur 480mm Ø=22mm
2.245
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
Hekkklippur
2.355
Sláttuorf Royal Garden FBC310
Sláttuorf: 1cylinder loftkældur mótor. 0,7 kW Rúmtak 31CC, Stærð bensíntanks 0,65 L
25.356
Áður 31.695 kr.
Strákústur 30cm
955
Hnjápúði fyrir garðinn EVA
895
Garðverkfærasett Klóra, skófla og greinaklippur
3.116
Áður 3.895 kr.
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
Truper bogasög
1.349
Laufhrífa PREMIUM
1.325
Öflugar hjólbörur 90 lítra
9.596
Áður 11.995 kr.
MÚRBÚÐIN
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
Stök garðverkfæri
Verð frá kr. 425
Malarskófla flöt
1.769
Kantskeri
2.190
Stungugaffall
2.995
Malarskófla 147cm
1.935
Malarskófla
1.765
Hrífa
2.255
Hjólbörur 80L
6.795
MÚRBÚÐIN
Stolpebeton
weber
Weber staurasteypa
Þyngd: 15kg
1.085
Truper Haki 5lbs tréskaft
2.629
Stunguskófla
2.995
Vörumyndir sýna ekki endilega lægsta verð
SENDUM UM LAND ALLT!
www.murbudin.is
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í 20 ár
2002 – 2022



Þær segja starf Öfga geta verið erfitt og krefjandi en það sé þó þess virði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fólk elskar að sjá konur falla

**Þær Ólöf Tara Harðardóttir, Þórhildur Gyða Arnarsdóttir og Ninna Karla Katrínardóttir sitja allar í stjórn Öfga og segja starfið erfitt en gefandi. Þær hafa síðustu vikur bent á ýmislegt sem má betur fara í umfjöllum um ofbeldismál í fjölmiðlum og vilja sjá breytingar þar.**



**Lovísa Arnardóttir**
lovisa
@frettabladid.is

Ólöf Tara, Þórhildur Gyða og Ninna Karla hafa síðustu vikur einbeitt sér að því að koma áleiðis leiðbeiningum um breytta umfjöllun fjölmiðla um þolendur og ofbeldismál. Þær segjast gera sér grein fyrir því að margt af því sem þarf að breytast er hreinlega út af ríkjandi kvenfyrirlitningu í samfélaginu og að það muni taka lengri tíma en einn dag að breyta því.

Þær birtu í mánuðinum þrjár greinar þar sem þær fjölluðu um ofbeldi af hálfu fjórða valdsins, fjölmiðla, afleiðingar þess, og birtu svo leiðbeiningar um hvernig væri hægt að koma í veg fyrir það.

Þær kalla eftir því að það séu gerðar þolendavænar leiðbeiningar sem fjölmiðlar og blaðamenn geta nýtt sér í umfjöllun um ofbeldi og þolendur og benda, til dæmis, á leiðbeiningar frá Embætti landlæknis frá 2019 um umfjöllun fjölmiðla um sjálfsvíg og kalla eftir einhverju svipuðu.

„Ég fékk þessa hugmynd þegar það birtist frétt um að ég væri með Covid og með fréttinni var mynd af mér og Kolbeini,“ segir Þórhildur Gyða sem steig fram í fyrra og lýsti meintu ofbeldi af hálfu knattspyrnumannsins Kolbeins Sigþórssonar. Hún segir að eftir það hafi hópurinn byrjað að velta þessu fyrir sér og hvernig væri mögulega hægt að hafa áhrif á að þessu væri breytt.

**Uppskrift gegn konum**

„Það er eins og þetta sé einhver uppskrift. Maður sér að það er svona fjallað um frægar konur til dæmis erlendis. Það eru notaðar ljótar myndir og þeim stillt illa upp. Þessi sama uppskrift er svo notuð fyrir konur sem eru þolendur eða aktívistar. Þetta hefur verið notað í fleiri ár en mann hefði grunað,“ segir Þórhildur Gyða og þær Ólöf Tara og Ninna Karla taka undir þetta.

Í greinaröð Öfga er ítarlega farið yfir þetta og tekin dæmi, til dæmis erlendis frá, um Monicu Lewinsky sem fékk mjög slæma útreið í fjölmiðlum á sínum tíma og svo femínistana Sóleyju Tómasdóttur og Hildi Lilliendahl.

„Við höfum alveg séð breytingar og að fjölmiðlar eru að taka við sér. Við höfum átt samtöl við þau en það er ekki nóg,“ segir Ninna Karla og bendir á nýlegt dæmi í íslenskum fjölmiðlum þar sem fjallað var um fjármál Eddu Falak í tengslum við hlaðvarp hennar Eigin konur.

„Það þarf ekki nema eitt feilspor og þá eru komnar smellibeitufréttir,“ segir hún og að oft sé það sem er fjallað um tekið úr samhengi, og þá sérstaklega þegar fréttaöflunin fer fram á samfélagsmiðlum eins og hún gerir oft í dag.

**Þolendur borga reikninginn**

Það sem Öfgar gera er fjölbreytt og að miklu leyti, að þeirra eigin sögn, bak við tjöldin. En þær vilja standa fyrir breytingu og því, sem dæmi, héldu þær í febrúar Masterclass þar sem þær fjölluðu um samtökin, vinnu þeirra og hvaða aðferðum þær beita.

„Á Masterclass-námskeiðinu okkar í febrúar báðum við fjölmiðla að líta á eigin kvenfyrirlitningu. Þetta er svo oft litað af henni. Að þjáningar þolenda eigi að borga reikninginn. Og gleymum því ekki að meirihluti þolenda eru konur,“ segir Ólöf Tara og að undanfarið hafi þær séð kvenkyns aktívista sérstaklega tekna fyrir.

> **„Fólk elskar að sjá konur falla og gera mistök. Þeim finnst gott að taka okkur niður því við erum tala um ákveðinn standard og siðferðisþröskuld sem þeir elska að nota gegn okkur á einhvern hátt.**
>
> Ólöf Tara

„Fólk elskar að sjá konur falla og gera mistök. Þeim finnst gott að taka okkur niður því við erum tala um ákveðinn standard og siðferðisþröskuld sem þeir elska að nota gegn okkur á einhvern hátt. Við finnum það alveg þegar við erum komnar með aðferðafræði sem er óþægileg, að það er erfitt fyrir feðraveldið að vernda sig gegn því og þeir reyna að nota það gegn okkur með því að leggja saman það að beita einhvern kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi eða að eiga í erfiðum samskiptum við einhvern. Allt sem við gerum er blásið upp,“ segir Ólöf Tara og heldur svo áfram:

„Ef ég myndi kalla vinkonu mína tussu þá fengi ég svoleiðis að heyra það. Þannig að það eru ekki sömu reglur. “

Hún segir að með pistlunum vilji þær fá fólk til að hugsa um það hvaðan þörfin kemur að slá konum upp með þessum hætti og hvort að það sé hægt að endurskoða það.

„Við viljum að það sé verið að vinna með baráttunni en ekki gegn henni. Það er hægt að fjalla um þessi mál á hlutlausan hátt, eins og fjölmiðlar eiga að gera, en það er samt svo oft sem umfjöllunin er það ekki,“ bætir Ólöf Tara við.

Þórhildur Gyða tekur undir þetta og segir að innan Öfga sé fullur skilningur á því að fjölmiðlar þurfi að fjalla um mál og að þau þurfi að vera hlutlaus, en kallar þó eftir því að það sé gert án þess að það sé á kostnað þolenda.

„Það þarf ekki að stilla þolanda upp á neikvæðan hátt eða að taka afstöðu,“ segir hún og að henni finnist að óþarflega oft sé tekin afstaða með geranda.

**Þörf á að byggja upp traust**

Í síðasta pistlinum sem Öfgar birtu um málið er að finna leiðbeiningar að þolendavænni orðræðu fjórða valdsins og þar er til dæmis lagt til að nota orðið þolandi í stað fórnarlambs, ekki taka fram í hvaða ástandi þolandi var við árás eða hverju hann klæddist, ekki að nota samsettar myndir af þolanda og geranda og að skrifa ekki upp sögur þolenda án þess að hafa samband við þau.

„Ekki nota gildishlaðin orð í fyrirsögn, eins og hrottaleg eða eitthvað slíkt. Þetta er eitthvað hræðilegt sem kom fyrir einhvern og það á ekki að nýta það í smellur. Sögur þolenda eiga ekki að vera krassandi. Annað er að birta ekki eitthvað í leyfisleysi. Það er betra að hafa samband og ef þolandi biður um að eitthvað sé ekki birt að gera það þá ekki. Annars er svo augljóst að tilgangurinn er einhver annar en að leyfa frásögn þolanda að fá vægi og pláss. Þannig að það sé ekki verið að græða á þeim,“ segir Þórhildur Gyða.

Þær benda á að slíkt bætt verklag sé líklegt til að byggja upp traust hjá þolendum til fjölmiðla, sem þær telja nú standa ótraustum fótum.

„Ég held að í grunninn sé það þannig að fjölmiðlar hafa byggt upp orðspor hjá þolendum sem er ekki byggt á trausti. Traustið er til staðar gagnvart okkur því við höfum gert okkar allra besta í að fara faglega og vel fram með þeirra frásögn,

> **”**
> Ég held að í grunninn sé það þannig að fjölmiðlar hafa byggt upp orðspor hjá þolendum sem er ekki byggt trausti.
>
> Ólöf Tara

og á þeirra forsendum. Þess vegna vantar að byggja upp traustið. Það er grundvallaratriði núna fyrir fjölmiðla. Þannig að þolendur treysti sér til að tala við þá,“ segir Ólöf Tara.

Ninna Karla tekur undir það og segir að það geti til dæmis verið ástæðan fyrir því að þolendur hafi í meira mæli leitað í hlaðvörp með sínar sögur.

**Eitt skref áfram og tvö aftur á bak**

Spurðar hvort þær sjái samt sem áður breytingar í samfélaginu segir Ninna Karla að oft sé um að ræða eitt skref áfram og svo fylgi tvö aftur á bak.

„Það hefur verið þannig lengi og verður líklega þannig áfram.“

„Mér finnst samfélagið bregðast frekar við af kapítalískum ástæðum, ekki siðferðislegum, eins og maður myndi vilja hafa. En það segir okkur samt að það er einhver siðferðisþröskuldur í samfélaginu sem er að breytast, samhliða því að það hefur fjárhagslegar afleiðingar að bregðast ekki við,“ segir Ólöf Tara.

**Hlaðvarp um réttarkerfið**

Næst á dagskrá hjá þeim eru hlaðvarpsseríur, fræðsluþættir um kynbundið ofbeldi, þar sem hver sería mun leggja áherslu á mismunandi málefni.

„Það er handrit og í hverri seríu verða viðmælendur sem tengjast því þema sem er í seríunni,“ segir Ninna Karla og að þema fyrstu seríunnar verði réttarkerfið og staða þolenda innan réttarkerfisins.

Þær eru að vinna að því að fjármagna seríuna og stefna á að fyrsti þátturinn verði tekinn upp í næsta mánuði.

„Það verður einn þáttur á viku og fyrsta serían er sjö þættir. Síðasti þátturinn er umræðuþáttur þar sem sérfræðingar koma saman og ræða hana.“

Þær gera ráð fyrir að þættirnir verði í opinni dagskrá en eiga eftir að meta hversu mikil vinnan er og hvert umfangið er.

**Erfitt en gefandi**

Þær segja sjálfar að vinnan við það að vera í Öfgum geti verið erfið en furða sig oft á því hversu stutt er í raun frá því að samtökin voru stofnuð. Það er ekki nema tæpt ár síðan þær stofnuðu samtökin. Síðan þá hafa þær beitt sér í ýmsum málum er snerta ofbeldi innan, til dæmis, knattspyrnuhreyfingarinnar.

„Mér finnst eins og ég hafi verið í Öfgum í svona tíu ár,“ segir Ninna Karla og þær hlæja allar.

*Er þetta mikil vinna? Andlega líka?*

„Já, þetta er mjög erfitt andlega. Og auðvitað er þetta skrítin vinna. Við vinnum ekki undir eðlilegum kringumstæðum en á sama tíma er þetta mjög gefandi. Við ætluðum sem dæmi að taka okkur frí í mars, en þá var svakalega mikið að gera,“ segir Ólöf Tara.

„Svo er þetta ekkert 8 til 4. Það er enginn fastur vinnutími og við stimplum okkur ekkert út,“ bætir Ninna Karla við.

Þórhildur Gyða segir að frá stofnun hafi þær samt fundið leiðir til að vera skipulagðari og koma því í fast form sem hægt er að hafa í föstu formi. Eins og hvenær þær funda.

„Það eru engir fundir um helgar lengur, nema það séu krísufundir. Við erum svo búnar að setja okkur verklagsreglur og reynum að halda þannig utan um þetta.“

Þær segja að mikið af því sem þær gera felist í því að funda, þær saman og svo með öðrum.

„Þetta snýr ekki næstum allt að málum sem snerta þolendur. Það eru meira boltar sem þarf að grípa þegar þeir koma. En það sem við gerum dags daglega er að ýta á það sem er að gerast hverju sinni í samfélagsumræðunni,“ segir Ólöf Tara og að eins reyni þær að setja það sem gerist hverju sinni í stærra samhengi.

Hægt er að fylgjast með starfi Öfga á Twitter, Intsagram og TikTok. ■



Öfgar berjast nú fyrir þolendavænni umræðu um ofbeldismál í fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK





Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þorbjörg Laufey Þorbjörnsdóttir**

**Bobba í Uppkoti, Akranesi,**

andaðist á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, sunnudaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju, föstudaginn 29. apríl kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær yndislegt starfsfólk hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða fyrir hlýhug og góða umönnun. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfða. Athöfninni verður streymt á vef Akraneskirkju: www.akraneskirkja.is.

**Anna Mýrdal Helgadóttir** **Hafsteinn Guðjónsson**
**Lúðvík Ibsen Helgason** **Þórný Guðnadóttir**
**Þorbjörg Helgadóttir** **Guðberg Heiðar Sveinsson**
**Björgvin Ibsen Helgason** **Vigdís Linda Jack**
**Helgi Helgason** **Þóra Þórðardóttir**
**Kristján Helgason** **Hjördís Frímann**
**barnabörn og langömmubörn.**


FALLEGIR LEGSTEINAR



ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Bergsteinar legsteinagerð

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað


Sverrir Einarsson
S: 896 8242


Jóhanna Eiríksdóttir


Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*


**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353


**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**


# Laxnessganga í Mosfellsdal á stórafmæli Nóbelskáldsins

Haldið verður í gönguferð um Mosfellsdal í dag í tilefni af því að 120 ár eru liðin frá fæðingardegi Halldórs Laxness.

arnartomas@frettabladid.is



Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness um hálfrar aldar skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR/ARI

Í dag eru liðin 120 ár frá fæðingardegi Halldórs Laxness. Í tilefni þess verður efnt til dagskrár í Mosfellsdal sem hefst á svokallaðri Laxnessgöngu við Mosfellskirkju.

„Við munum fara inn í kirkjuna þar sem ég mun fræða gesti aðeins um Innansveitarkroniku, sem tengist talsvert Mosfellskirkju,“ segir Bjarki Bjarnason rithöfundur og leiðsögumaður, sem leiðir gönguna. „Síðan göngum við inn dalinn og skoðum staði sem tengjast ýmsu sem hann skrifaði um í Í túninu heima áður en við stefnum á að vera komin upp að Gljúfrasteini um hádegisbilið.“

Bjarki mun á vel völdum stöðum stansa og lesa upp úr ofangreindum verkum Halldórs.

„Þær bækur tengjast svo mikið dalnum þar sem við verðum að ganga,“ segir hann. „Í Gljúfrasteini verður svo dagskrá yfir daginn og þar verður opnuð sýning til heiðurs Sölku Völku sem er víst orðin níræð, sú unga stúlka.“

Aðspurður um hvaða verk Halldórs sé í uppáhaldi verður Bjarki hugsi.

„Ég hef búið hér mjög lengi og haft mikið dálæti á honum, en ég held að ég, eins og svo margir, verði að segja Sjálfstætt fólk. Það er öflug skáldsaga sem ég kenndi um töluverðan tíma í menntaskólum. Hún stendur alla tíma og byltingar af sér.“

**Salka Valka 90**

Salka Valka kom út í tveimur hlutum á árunum 1931-1932 og var fyrsta skáldsaga Halldórs sem þýdd var á erlent tungumál. Sýningin á Gljúfrasteini, Salka Valka 90, er hönnuð af Ragnari Helga Ólafssyni, rithöfundi og myndlistarmanni.

„Af tilefni 90 ára afmælis Sölku Völku ætlum við að lyfta þeirri sögu aðeins upp með þessari sýningu í móttökunni hjá okkur,“ segir Guðný Dóra Gestsdóttir, safnstjóri á Gljúfrasteini. „Við erum með einar fimmtíu bókarkápur en Salka Valka hefur verið gefin út á yfir fimmtíu tungumálum og í mörgum mismunandi útgáfum.“

Samhliða því verða einnig til sýnis samtímamyndir frá sögusviði bókarinnar. Þá stendur einnig til að vera með ýmsa viðburði tengda verkinu á árinu enda eru margar hliðar á bókinni. Ein þeirra er kvikmynd eftir bókinni sem gerð var 1954 af sænskum kvikmyndagerðarmönnum.

„Það eru ótal andlit á Sölku,“ segir Guðný Dóra. „Halldór sjálfur átti þann draum áður en hann lauk við að skrifa bókina að úr yrði kvikmynd. Hann fór til Hollywood og hafði með sér handrit sem bar nafnið Woman in Pants eða Kona í buxum. Þótt ekki hafi orðið úr Hollywood-draumunum þá varð þó úr kvikmynd.“

Þá bendir Guðný Dóra einnig á að út sé komin splunkuný þýðing á Sölku Völku yfir á ensku.

„Það eru góðar fréttir en gamla þýðingin var komin til ára sinna og var ekki beint frá íslensku.“

Laxnessgangan hefst klukkan 10 frá Mosfellskirkju í dag. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðu Gljúfrasteins. ■



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**Guðmundar Kristinssonar**

**rithöfundar og fyrrverandi aðalféhirðis Landsbanka Íslands, Bankavegi 2, Selfossi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Fossheima fyrir kærleiksríka umönnun og hlýtt viðmót.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigfús Kristinsson**



Þökkum sýnda samúð, virðingu og hlýhug, við andlát og útför

**Guðrúnar Helgadóttur**

**fyrrv. Alþingismanns og rithöfundar.**

Sérstakar þakkir fá félagar í SÍUNG, samtökum barna- og unglingabókahöfunda og starfsfólk og íbúar á hjúkrunarheimilinu Mörk. Minningin um einstaka konu lifir.

**Fjölskylda Guðrúnar**



Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hólmfríður Ágústsdóttir**

**frá Mávahlíð,**

lést sunnudaginn 17. apríl á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Breiðholti. Útför verður auglýst síðar.

**Ágúst Guðmundsson** **Hafdís Viggósdóttir**
**Þorsteinn Guðmundsson** **Björk Birgisdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



Elsku pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

**Haukur Margeirsson**

**verkfræðingur,**

lést á Landspítalanum föstudaginn 22. apríl. Útför fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 29. apríl klukkan 13.00.

**Jón Baldur Hauksson** **Parastou Roshan**
**Sandra Hauksdóttir** **Sigurgísli Bjarnason**
**Helga Hauksdóttir** **Sigurður Davíð Stefánsson**
**Ásta Ragnheiður Hauksdóttir**
**barnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Páll Friðriksson**

lést þriðjudaginn 12. apríl á Landspítalanum Fossvogi. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju, mánudaginn 25. apríl klukkan 13.

**Jóhanna Pálsdóttir** **Jón Arnar Baldurs**
**Unnar Friðrik Pálsson** **Auður Þorgeirsdóttir**
**Ása Karen, Unnar Páll, Kristján Ingi, Aron, Arnar Páll, Ása Fanney og Bríet Mía**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Guðmundsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi Hafnarfirði, laugardaginn 16. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Inga Þóra Stefánsdóttir**
**Helga Björg Stefánsdóttir** **Rögnvaldur Guðmundsson**
**Elfa Stefánsdóttir** **Haraldur J. Baldursson**
**Viðir Stefánsson** **Elín Ragna Sigurðardóttir**
**Magnús Hjörleifsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Endurskapa fjögurra áratuga gamalt viðtal við Laxness

**Eitt eftirminnilegasta viðtal sem Illugi Jökulsson hefur tekið á löngum ferli birtist í tímaritinu Storð fyrir 39 árum. Nú lifnar spjallið við Halldór Laxness á ný í vinsælum útvarpsþætti Illuga.**

gar@frettabladid.is



Illugi Jökulsson og Pálmi Gestsson í hljóðveri með Halldór Laxness á milli sín. MYND/GEORG MAGNÚSSON

„Mér fannst þetta hlyti að vera skemmtilegra en að ég læsi þetta bara allt sjálfur,“ segir Illugi Jökulsson, sem lokið hefur upptökum á útvarpsþætti þar sem flutt verður viðtal sem hann átti við Halldór Laxness í Tímaritinu Storð árið 1983.

> **Hann er ekki beinlínis að herma eftir Halldóri en les þó með hans rödd og raddblæ í huga.**

Með Illuga í lestrinum verður leikarinn Pálmi Gestsson sem vitanlega les þátt Nóbelsskáldsins í viðtalinu og Illugi sinn hlut. „Hann er ekki beinlínis að herma eftir Halldóri en les þó með hans rödd og raddblæ í huga, skulum við segja,“ svarar Illugi, spurður hvort Pálmi sé að herma eftir Laxness.

Illugi segir frá því á Facebook-síðu sinni að viðtalið við Halldór Laxness sé eitt eftirminnilegasta verk sem hann hafi unnið á ferlinum. „Þetta er langt og mikið viðtal og mjög eftirminnilegt – fyrir mig!“ segir Illugi.




Sem ungum blaðamanni á Storð var Illuga Jökulssyni falið að ræða við Nóbelskáldið og tók hann viðtalið „einn sæmilegan veðurdag snemma í júlí“.

Í dag eru 120 ár frá fæðingu skáldsins og lagst var í verkefnið til að minnast þeirra tímamóta.

Spurður hvaðan hugmyndin um samlestur þeirra Pálma hafi komið segir Illugi að honum hafi einfaldlega sjálfum dottið þetta í hug. Hann játar að vel hafi til tekist. „Það er mjög fínn tónn hjá Pálma, enda er maðurinn séní,“ segir Illugi, sem verður ásamt Pálma Gestssyni og Halldóri Laxness í Frjálsum höndum í Ríkisútvarpinu á sunnudagskvöld. ■

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Sigríður Skarphéðinsdóttir**

fyrrverandi kennari,

lést á heimili sínu sunnudaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 28. apríl kl. 15.

**Helga Kristín Gunnarsdóttir Þorleifur Óskarsson**
**Vilhjálmur Gunnarsson Liming Dai**
**Ari Þór Vilhjálmsson**
**Gunnar Már Þorleifsson Birna Erlingsdóttir**
**Óskar Helgi Þorleifsson Sara Þöll Finnbogadóttir**
**Harpa Sigríður og Bergsteinn Gunnarsbörn.**

---



Yndislegi pabbi okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Ágústsson**

verkfræðingur, áður til heimilis í Suðurbyggð 7, Akureyri,

andaðist á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð að kvöldi miðvikudagsins 13. apríl sl. Útför hans verður frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 28. apríl klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög. Alúðarþakkir sendum við þeim sem hafa annast hann og sýnt honum og okkur kærleik og hlýju.

**Ágúst Jóel Magnússon Ásdís Arnardóttir**
**Gylfi Ívar Magnússon Helga Jóna Óðinsdóttir**
**Astrid Margrét Magnúsd. Heimir Arnar Sveinbjörnsson**
**Oddrún Halldóra Magnúsdóttir**
**Bryndís Pernille Magnúsd. Marco Pettinelli**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Hjörleifur Jónsson**

skólastjóri, prestur og söngstjóri, Hrafnistu Hafnarfirði, áður Lyngrima 15, Reykjavík,

lést að morgni 19. apríl. Útförin fer fram í Háteigskirkju mánudaginn 2. maí kl. 13. Athöfninni verður streymt. Upplýsingar um streymið birtast síðar.

**Sólveig Hjördís Jónsdóttir Stefán Stefánsson**
**Kristín Guðrún Jónsdóttir Jón Thoroddsen**
**Jón Árni Jónsson Linda Dís Guðbergsd.**
**Kolbrún Sif Jónsdóttir Muchiutti Ricardo Muchiutti**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, vinkona, amma og langamma,

**Edda Laufey Pálsdóttir**

Fróðengi 1, Reykjavík, áður til heimilis að Hafnarbergi 16, Þorlákshöfn,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 16. apríl. Útförin fer fram frá Þorlákskirkju þriðjudaginn 26. apríl kl. 13. Streymt verður frá útförinni á: laef.is/edda-laufey-palsdottir

**Laufey Elfa Svansdóttir Tor Ulset**
**Páll Kristján Svansson Kristín Berglind Kristjánsdóttir**
**Guðrún I. Svansdóttir Bjarni Jónsson**
**Árni Vilhjálmsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Davíð Scheving Thorsteinsson**

lést á Landspítalanum föstudaginn 8. apríl sl. Útför hans mun fara fram í Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 25. apríl klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Rauða krossinn á Íslandi.

**Stefanía Borg Thorsteinsson**
**Laura Sch. Thorsteinsson Magnús Pálsson**
**Hrund Sch. Thorsteinsson Gunnar Ingimundarson**
**Jón Sch. Thorsteinsson Ragnheiður Harðardóttir**
**Magnús Sch. Thorsteinsson Þórey Edda Heiðarsdóttir**
**Guðrún Sch. Thorsteinsson**
**Stefanía Sch. Thorsteinsson Jóhann Torfi Ólafsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma okkar,

**Eva Sóley Rögnvaldsdóttir**

kennari,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu Hömrum í Mosfellsbæ, miðvikudaginn 13. apríl. Útförin fer fram frá Bessastaðakirkju mánudaginn 25. apríl klukkan 12.

**Magnús Sveinsson**
**Cecilía Magnúsdóttir Örn Arnarson**
**Íris Magnúsdóttir**
**Sveinn Snorri Magnússon Elín Málmfríður Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðrúnar Eddu Júlíusdóttur**

Furugrund 38, Akranesi.

Sérstakar þakkir fær yndislegt starfsfólk hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða. Guð blessi ykkur öll.

**Björgvin Hólm Hagalínsson**
**Ásdís Emilía Björgvinsdóttir Pétur Pétursson**
**Lára Hagalín Björgvinsdóttir Garðar Jónsson**
**Júlíus Björgvinsson Bergdís Saga Gunnarsdóttir**
**Jónas Björgvinsson Guðfinna Helgadóttir**
**ömmubörnin og langömmubörnin.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

**Árni Jón Árnason**

húsgagnasmíðameistari, Sléttuvegi 31,

lést miðvikudaginn 13. apríl á hjúkrunarheimili Hrafnistu við Sléttuveg. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 29. apríl kl. 14.

**Edda Þorsteinsdóttir**
**Árni Jón Árnason Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Þorsteinn Árnason**
**Erna S. Árnadóttir Guðni Gunnarsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Kjartan Mogensen**

landslagsarkitekt, Norðurbrún 20, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 16. apríl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 2. maí kl. 15.

**Halldóra Ólafsdóttir**
**Erik Julius Mogensen Asbjørnsen Marit Strand Asbjørnsen**
**Helga Kristín Mogensen Gunnlaugur Úlfsson**
**Anna Ingeborg Pétursdóttir Mitchell Weverka**
**Snorre, Haakon, Úlfur, Kjartan Leó,**
**Jackson Ólafur og Audrey Anna**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðlaugur Ketill Ketilsson**

vélfræðingur, Þjóðbraut 1, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi miðvikudaginn 20. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Ingibjörg Rafnsdóttir**
**Erna Björg Guðlaugsdóttir Hörður Sigurbjarnason**
**Rafn Hafberg Guðlaugsson Lísa Sigríður Greipsson**
**Birkir Guðlaugsson Sif Davíðsdóttir**
**Katla Guðlaugsdóttir Ólafur Sævarsson**
**afabörnin og langafabörnin.**

---



Ástkær eiginkona og móðir,

**Kristín Jóhanna Kjartansdóttir**

Stína frá Bakka tækniteiknari, Fiskakvísl 28,

lést á GE11 Landspítala Hringbraut sunnudaginn 17. apríl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju 2. maí kl. 13.00.

**Stefán Hans Stephensen**
**Kjartan Á. Guðbergsson**

# Gleðilegt s

## Sýpris



20%

**Sýpris**
80-100 cm, pottur seldur sér.

**1.990kr**
~~2.490 kr~~

## Kartöfluútsæðið
er komið



**Kartöfluútsæði**
Gullauga, Premier, Helga og Rauðar, 5 kg í poka.

**1.990kr**

## Kryddplöntur



**Kryddplöntur**
Rósmarín, minta, sítrónumelissa, basilíka, graslaukur, oregano, kóriander, steinselja og timjan.

**790kr**

## Frábært ferðagrill
fyrir ferðalagið



weber

**Gasgrill** Q1200
Grillflötur: 32 x 42 cm, ryðfrír brennari 2,64 kW/h–8.500 BTU, rafstýrður kveikjurofi. 3000376

**39.990kr**
~~42.990 kr~~



15%

**Trampolín,**
12 ft Durasport
3,66 metrar, 6 fætur 72 gormar, öryggisnet fylgir, hámarksþyngd á trampolíni er 150 kg. 3900557

**39.990kr**
~~47.990 kr~~

# Trampólín tilboð
í garðinn fyrir sumarið

**Trampolín,** 14 ft Durasport
4,26 metrar, 6 fætur, öryggisnet fylgir. 3900586

**45.990kr**
~~54.990 kr~~



15%

OUTBACK

**Gasgrill**
Omega 200
Grillflötur: 50x36 cm, tvískiptur brennari, emeleruð grillgrind, hliðarborð, neista-kveikja, þrýstijafnari 6,2 Kw.

**29.740kr**
~~34.990 kr~~



15%

OUTBACK

**Gasgrill**
Graphite 3b
Grillflötur: 560x380 mm, með þremur ryðfríum brennurum og hliðarhellu, afköst 12,4 kW, hliðarhella 3,1 kW. 3000390

**42.490kr**
~~49.990 kr~~



weber

**Gasgrill**
Spirit II
Grillflötur: 60x44,5 cm, efri grind: 55,5x11,5 cm, 3 ryðfríir brennarar: 8,79 kW, pottjárns grillgrindur. 3000257

**89.990kr**



22%

**Nilfisk Háþrýstidæla**
100 bör, 1,3Kw, 440 ltr./klst., 5 metra slanga. 5254200

**13.995kr**
~~17.845 kr~~

## Rafmagnshjól
Umhverfisvænt, 250W, 25 km hraði, drægni 70 km



enox. enjoy life
ÞÝSKT GÆÐAMERKI

**Rafmagnsreiðhjól, 26"**
Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36V rafhlaða undir bögglabera, Bafang mótor að framan, hleðstutími 3-6 klst., ektro V bremsur. 3903103

**189.900kr**

## Reiðhjól fyrir alla fjölskylduna

20" reiðhjól



AUTHOR

**Reiðhjól, 20"**
Energy 20" silfur/rautt 10" stell, 2022 Author, 6 gírar. Hentar vel börnum frá 115 cm - 135 cm á hæð, þyngd 10,6 kg. 3901788

**39.890kr**

20" reiðhjól



AUTHOR

**Reiðhjól, 20"**
Melody 20" hvítt/bleikt 10" stell, 2022 Author, 6 gíra. Hentar vel börnum frá 115 cm - 135 cm á hæð, þyngd: 10,3 kg. 3901789

**42.890kr**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

umar

HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

STÓRI
**PLOKK**
DAGURINN
#PLOKK2022

## **Húsasmiðjan** er bakhjarl **Stóra plokksdagsins** 24. apríl

Gámar fyrir plokk í glærum pokum verða staðsettir í Skútuvogi, Selfossi og Akureyri



30%

**Flokkunarpokinn**
10 pokar á rúllu, 100% endurunninn glær plastpoki. 2600577
**1.102**kr
~~1.574 kr~~



**Ruslatína**
Green-it, klemma og krókur. 5083529
**995**kr

**Ruslatína**
Klemma, krókur og segull. 5083528
**1.195**kr

Nú er rétti tíminn til að klippa



20%

BLACK+DECKER

**Rafmagnshekkklippur**
500W, blað 50 cm, klippigeta 22 mm. 5083646
**14.395**kr
~~17.995 kr~~



20%

BLACK+DECKER

**Mosatætari**
600W, 32 cm breidd, 3 hæðastillingar, 40 ltr., safnari. 5083620
**18.395**kr
~~22.995 kr~~



25%

**Rafmagnsnuddpottar**
Nokkrar gerðir, 4-6 manna
Verð frá:
**89.990**kr
~~119.990 kr~~

Laugardag og sunnudag í Skútuvogi

## Er mosi í garðinum?



Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur, verður í Skútuvogi um helgina og veitir ráðgjöf við eyðingu mosa í grasflöt, trjáklippingar o.fl. kl. 13-17 alla helgina í Skútuvogi.



**Allir fá íspinna**
í Skútuvogi kl. 12-16
Meðan birgðir endast




Skoðaðu öll tilboðin

## Krossgáta



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt upp birtast skemmdarverk (13)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 28. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „23. apríl “.

Lausnarorð síðustu viku var

**PASSÍUSÁLMAR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| U | N | G | V | E | R | S | K | U | N | N | A | R | | M | | S | | Á | |
| L | | Ó | | Y | | Æ | | M | | Ý | | A | P | A | S | P | I | L | I |
| L | Ó | Ð | A | R | S | T | Ú | F | | S | | N | | N | | O | | E | |
| A | | V | | N | | U | | A | F | L | Ö | G | U | N | | R | | I | |
| R | E | I | M | A | S | K | Ó | R | | E | | Ö | | A | L | V | I | T | A |
| S | | Ð | | S | | E | | N | Á | G | Ó | L | U | M | | Í | | I | |
| O | F | R | A | U | N | I | N | A | | I | | U | | U | S | S | U | Ð | U |
| K | | I | | Ð | | M | | R | Á | Ð | A | M | A | N | N | | P | | P |
| K | A | S | S | A | R | I | T | | R | | F | | U | | J | | P | | P |
| U | | | Í | | E | | I | | A | F | T | U | R | G | Ö | N | G | U | M |
| R | A | S | S | K | I | N | N | U | M | | E | | F | | L | | A | | I |
| | F | | T | | Ð | | A | | Ó | S | N | J | A | L | L | | N | | G |
| Á | G | R | A | F | I | N | N | | T | | G | | R | | U | N | G | R | A |
| | R | | Ð | | N | | D | Ú | A | L | I | S | M | I | | E | | Ú | |
| M | E | R | A | D | A | L | I | R | | I | | T | | N | Ú | T | Í | M | I |
| | I | | | O | | Ý | | V | Í | Ð | L | E | N | D | | F | | F | |
| Æ | Ð | I | S | K | A | S | T | A | | Þ | | G | | Í | S | A | L | Ö | G |
| | S | | | K | | T | | L | J | Ó | S | G | R | Á | | N | | T | |
| S | L | A | G | A | R | A | | I | | F | | J | | N | E | G | L | I | Ð |
| | U | | | N | | R | Á | Ð | B | A | N | A | N | A | | A | | N | |

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**
**1** Tilfærsla snarls frá tungu til tungu (9)
**9** Tilvist matargata mun verða litlum Ford til trafala (4)
**11** Víst er meira líf í baga en bana (9)
**12** Nytsemi golunnar ræðst af þörfum þess sem hana brúkar (9)
**13** Fá að rölta um í friði í amerískri stórborg (4)
**14** Misstum af landsins gæðum (7)
**15** Vanrækja óhirt leiði slóða (9)
**16** Leggjast í hróp á hóp ef vessann vantar (6)
**17** Helga mér huga stúdents (7)
**18** Á að láta frelsarann gjalda fyrir brot hans fylginauta? (9)
**19** Ringlaður kaninn ber og svarið birtist (6)
**21** Þetta blað er slíkur gæðagripur að það kallar á ráðstefnu (7)
**23** Á að spila Eine kleine Nachtmusik um nótt? (8)
**27** Skip hraustmenna þolir ísrek (7)
**30** Teflir risastór stöng skinni í tvísýnu? (7)
**32** Stórbrotið kvæði um heljarinnar hæð (8)
**34** Bræðir bragðaref við frostpinna vegna kvennastúss (7)
**35** Staða þessa svæðis við botn Miðjarðarhafs er afar slæm (7)
**37** Vil að ný leiði þau sem virðast litlu eldri (6)
**38** Fólkið sem gerir mest flækist einhvern veginn á flesta staðina (7)
**39** Mikið ranglæti getur rekið góðan mann út í glæpsamlegan gjörning (9)
**41** Dátinn Ormur og allt hans stríðsbrölt (8)
**43** Sakna tíma tökupúka í Svartaskóla (7)
**47** Þykist vera vösk dýr og flestum fremri að snerpu (7)
**48** Öll nytjahræ eru næstum eins (7)
**49** Nú lagði hvít hvítina (7)
**50** Átök um stöðu fólks og sýslu alla (7)
**51** Kvalahljóð gutta gleðja eyru níðings (7)
**52** Lóa slapp úr klóm ránfugls en ekki veiðimanns (7)
**53** Sóttu málm í gjöfula gryfju (7)

**LÓÐRÉTT**
**1** Er rétt að kenna doktor Jónu og prófessor Ásu um þetta? (11)
**2** Tel messa of massamikinn – við þurfum að breyta því (9)
**3** Spyr um sæti fyrir langtímadvöl í eigin ranni (9)
**4** Hvíla meðal kroppanna í kjölfar ákveðinna rauna (9)
**5** Skiptinemasamtök krefjast smáræðis neitunar (8)
**6** Fleiprari fer yfir feril þekktra andlita (10)
**7** Fjörleg stemning getur virkað þannig að hún valdi sárindum (8)
**8** Arka út í eyju um leið og bardagi býðst (9)
**9** Gengi hinna konunglegu græðara (9)
**10** Sæki grænmeti fyrir afkvæmið (7)
**20** Sú sem ég rótaði í rétt áðan mun laska líffæri (9)
**22** Svík þú Bergþórubónda, orminn þann! (8)
**24** Allt um hlutina og stærðir þeirra allan hringinn (7)
**25** Hagstæð endalok ku anga af rósum (7)
**26** Væn eruð þið og viljug til velgjörða (8)
**28** Gleymdum lyklunum hjá ungviðinu! (7)
**29** Greina í fjarska fagran sjó með stjörnukíki (7)
**31** Snusa eins langt og beislið leyfir og blandaður asninn (11)
**33** Fag og aldur sálar ræður gengi iðjuhölds (10)
**36** Sé bláma á festingum og litum (9)
**40** Mun mér takast að afrugla þann er sat við kukl? (7)
**42** Getur orkukreppa verið lengri í annan endann? (6)
**44** Þræðum botn móðu með viljugum veiðimönnum (6)
**45** Hin kringda lausn linnulausra kosninga (6)
**46** Þessar garnir eru ekki í réttri röð (6)

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | | | | 9 | | | |
| 1 | 3 | 8 | | 4 | 7 | 2 | | |
| | 7 | | | | 1 | | 4 | |
| 6 | 4 | 1 | | | | 3 | | |
| | | 2 | | | | | | |
| 8 | | | | 2 | 5 | | 1 | |
| 7 | 8 | | | 1 | | | 9 | |
| | | | 9 | | | 8 | | |
| 9 | | 4 | 8 | | 2 | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 3 | 4 |
| 7 | | 6 | | | | 5 | 1 | |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| | 5 | 9 | 4 | | | | | 1 |
| | | | 9 | 3 | | 6 | | |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 9 | | 7 | 4 | 2 |
| | | 5 | | 6 | | 9 | | |
| 3 | | | 8 | | 7 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




**VEGLEG VERÐLAUN**




Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Stuldur, eftir Ann-Helén Laestadius** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Lovísa Ingibjörg Jarlsdóttir, Vestmannaeyjum.**


NIVEA
SUN
TREYSTU Á
SÓLAR-
VÖRN
NR.1*
UVA
UVA vörn sem
virkar lengi
UVB
UVB vörn sem
virkar strax
48h
48 tíma raki
Vatnsþolin
Virðir sjávarlíf
Vottað af
Húðlæknum
NIVEA
SUN
protect &
moisture
immediate protection
& 48h moisture
30
UVA UVB
HIGH
Skin Microbiome Balance
Water Resistant
Ocean Respect
* Source: Euromonitor International Limited; Beauty and Personal Care 2021 edition; NIVEA
as per umbrella brand name classification; all retail channels; retail value terms, 2020 data.

# Laugardagur

## Hringbraut

**18.30 Eimskip (e)** Eimskip í nútímanum er umfjöllunarefni tveggja þátta þar sem farið er m.a. í siglingu með Brúarfossi. Umsjón. Linda Blöndal og Börkur Gunnarsson.
**19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
**19.30 Veiðin með Gunnari Bender** Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
**20.00 Bíóbærinn (e)** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
**20.30 Eimskip (e)**
**21.00 Undir yfirborðið (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.05 Barnaefni**
**09.20 Frímó**
**09.45 Húllumhæ**
**10.00 Hvað getum við gert?** Gull og grænir skógar
**10.05 Gettu betur - Á bláþræði**
**11.10 Vikan með Gísla Marteini**
**12.00 Kastljós**
**12.15 Páll Óskar fimmtíu ára**
**14.05 Hvað hrjáir þig?**
**14.45 Hringfarinn - einn á hjóli í Afríku**
**15.40 EM stofan** Upphitun fyrir leik Serbíu og Íslands
**15.55 Serbía - Ísland** Bein útsending frá leik Serbíu og Íslands í undankeppni EM kvenna í handbolta.
**17.30 EM stofan** Uppgjör á leik Serbíu og Íslands
**17.50 Músíkmolar**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Allt um dýrin**
**18.25 Sebastian og villtustu dýr Afríku**
**18.35 Maturinn minn**
**18.45 Bækur og staðir**
**18.52 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Alla leið** Ómissandi upphitun fyrir Eurovision.
**20.55 Bandaríska söngvakeppnin American Song Contest**
**22.25 Hungurleikarnir. Hermiskaði, fyrri hluti The Hunger Games. Mockingjay - Part I**
**00.25 Séra Brown Father Brown**
**01.10 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**11.30 Dr. Phil**
**12.15 The Block**
**13.30 Man. City - Watford** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.30 Spin City**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**18.05 Four Weddings and a Funeral**
**20.00 Hotel for Dogs** Fjölskyldugamanmyndin sem segir frá stelpunni Andi og litla bróður hennar, Bruce, sem búa á heimili þar sem engin gæludýr eru leyfð. Þau hafa hins vegar í laumi tekið að sér hundinn Friday.
**21.40 Into the Wild** Kvikmynd frá 2007 sem er byggð á sannsögulegum atburðum.
**00.05 Bel Canto**
**01.45 Triple 9** Spennumynd frá 2016 með Casey Affleck í aðalhlutverki. Triple 9 fjallar um fjóra gjörspillta lögreglumenn
**03.35 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.30 Impractical Jokers**
**11.50 The Goldbergs**
**12.10 Bold and the Beautiful**
**12.55 Bold and the Beautiful**
**13.15 30 Rock**
**13.35 Jamie & Jimmy's Food Fight Club**
**14.25 Simpson-fjölskyldan**
**14.45 Bob's Burgers**
**15.10 Kórar Íslands**
**16.10 Kviss**
**16.55 10 Years Younger in 10 Days**
**17.40 Fyrsta blikið**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**19.00 Top 20 Funniest**
**19.40 Where'd You Go, Bernadette**
**21.25 Nobody** Glæpa- og spennumynd frá 2021 með hinum skemmtilega Bob Odenkirk. Undirgefinn heimilisfaðir neyðist til að sýna sitt rétta eðli eftir að brotist er inn á heimili hans og fjölskyldunnar en hann var eitt sinn miskunarlaus leigumorðingi. Hann mun því ekki láta vaða yfir sig aftur.
**22.55 Stockholm**
**00.25 Out of Blue**
**02.10 Impractical Jokers**
**02.35 The Goldbergs**
**02.55 30 Rock**
**03.15 Jamie & Jimmy's Food Fight Club**

# Sunnudagur

## Hringbraut

**18.30 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
**19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**
**19.30 Útkall (e)** Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar. (e)
**20.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. (e)
**20.30 Mannamál (e)**
**21.00 Stjórnandinn með Jóni G.**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 Barnaefni**
**10.15 Ferðastiklur** Hálendið - vestan Kreppu
**11.00 Silfrið**
**12.10 Okkar á milli**
**12.40 Matur með Kiru**
**13.10 Lyfleysutilraunin - Getur heilinn læknað líkamann?**
**14.05 Beirút - Akureyri**
**14.55 Úti að aka - á reykspúandi Kadilakk yfir Ameríku**
**15.55 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Ásgeir Trausti
**16.20 Kiljan**
**16.50 Pricebræður bjóða til veislu**
**17.30 Íþróttagreinin mín - Taekwondo**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Frímó**
**18.25 Menningarvikan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Landinn**
**20.15 Örlæti** Steinmenn - Akureyri. Fróðlegir skemmtiþættir þar sem Sigtryggur Baldursson fjallar um örnefni á Íslandi frá ýmsum sjónarhornum.
**20.35 Veislan** Austfirðir - Borgarfjörður eystri. Gunnar Karl tekur á móti Dóra á flugvellinum á Akureyri og þeir félagar fara á heimaslóðir Gunnars á Norðurlandi. Á Völlum ákveða þeir að blása til veislu fyrir nágrannana í gamla fjárhúsinu.
**21.10 Vitjanir** Ekkert mál
**21.55 Eldflaugasumar Summer of Rockets**
**22.45 Gómorra** Önnur þáttaröð þessara ítölsku spennuþátta um umsvif Camorramafíunnar í Napólí.
**23.35 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**11.30 Dr. Phil (78.170)**
**12.15 Dr. Phil (79.170)**
**13.00 Dr. Phil (80.170)**
**13.45 Dr. Phil (81.170)**
**14.30 PEN15**
**14.55 The Block**
**16.30 Spin City**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**18.30 Young Rock**
**19.00 Heil og sæl?** Léttir, skemmtilegir og fræðandi þættir um heilsu og lífsstíl íslenskra kvenna.
**20.00 Brúðkaupið mitt** Brúðkaupið mitt er framhald af hinni geysivinsælu þáttaröð Jarðarförin mín.
**20.35 This Is Us**
**21.25 Law and Order. Special Victims Unit**
**22.15 Billions**
**23.15 Dexter. New Blood**
**00.15 Berlin Station**
**01.10 FBI. International**
**02.00 Blue Bloods**
**02.45 Mayans M.C.**
**03.45 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.35 Top 20 Funniest**
**12.15 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.25 Kvöldstund með Eyþóri Inga**
**14.15 Inside the Ritz Hotel London**
**15.05 Britain's Got Talent**
**16.30 Billion Pound Bond Street** Í 300 ár hefur Bond-stræti verið sú verslunargata Lundúnarborgar sem er hvað þekktust fyrir merkjavörur og rándýran lúxus. En hver kaupir þessar vörur í heimsfaraldri?
**17.20 Okkar eigið Ísland** Garpur og Rakel, fara saman og skoða Ísland og sýna frá ævintýrum sínum.
**17.40 60 Minutes**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Skítamix**
**19.40 The Heart Guy**
**20.30 Shetland**
**21.30 Grantchester**
**22.20 Hotel Portofino**
**23.15 Tell Me Your Secrets**
**00.00 The Blacklist**
**00.40 Shameless**
**01.35 Top 20 Funniest**
**02.20 Inside the Ritz Hotel London**
**03.05 Britain's Got Talent** Stærsta hæfileikakeppni heims og skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.

# Mánudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins
**19.00 Draugasögur** Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu að handan
**19.30 Undir Yfirborðið**
**20.00 Eimskip** Eimskip í nútímanum er umfjöllunarefni tveggja þátta þar sem farið er m.a. í siglingu með Brúarfossi.
**20.30 Söfnin á Íslandi Eldheimar (e)**
**21.00 Draugasögur (e)**



## Sérfróð um framliðna í jarðvistinni

Parið Katrín Bjarkadóttir og Stefán John Stefánsson eru stundum kölluð draugabanar, enda með sjötta skilningarvitið opið og sérfróð um framliðna í jarðvistinni.

Áhugi Katrínar og Stefáns Johns á draugasögum er sprottinn af forvitni um það hvað gerist þegar tími mannfólksins er liðinn hér á jörðu. Þau trúa bæði á drauga og segjast hafa óyggjandi sannanir fyrir tilvist þeirra.

„Það eina sem við eigum öll sameiginlegt, og vitum fyrir víst, er að lífið tekur einhvern tímann enda. Það er óhjákvæmilegt,“ segir Katrín. „Það er hins vegar óþarfi að óttast eitthvað sem er þegar skrifað í skýin. Framhaldslífið er forvitnilegt, áhugavert og jú, líka spennandi, en skemmtilegast er þó að lifa í núinu, í þessu jarðlífi og gera okkar besta á meðan við erum hér.“

Liðin eru tæp tvö ár síðan Katrín og Stefán byrjuðu með Draugasögur Podcast og í fyrrahaust fóru þau í loftið með hlaðvarpið Sannar íslenskar draugasögur. Draugasögur eru nú komnar í sjónvarpið og eru sýndar í opinni dagskrá á sjónvarpsstöðinni Hringbraut. ■




## ■ Við tækið

# Sú fyndna



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Fjögur brúðkaup og jarðarför er sennilegasta einhver best heppnaða gamanmynd seinni áratuga, ræma sem hægt er að horfa á aftur og aftur án þess að fá nokkru sinni leið á henni.

Bíóið a tarna er í sýningu í Sjónvarpi Símans um helgina – og það er upplagt að sækja pottinn úr skápnum og hella baununum yfir bráðið smér.

Og éta svo poppið með fitugum fingrunum og hlæja sig máttlausan.

Bestu gamanmyndirnar eru alla jafna breskar. Það er eitthvað í konunglegum húmornum sem er svo grátt og gaman að maður lekur fram úr sófanum af sköllum og skækjum.

Hér fara Andy McDowell og Hugh Grant á kostum ásamt gallerí góðra leikara sem passa í hlutverk sín eins og flís við rass. Myndin er stórkostleg skemmtun. Aftur og aftur.

Og aftur. ■




» **Hér fara Andy McDowell og Hugh Grant á kostum ásamt gallerí góðra leikara sem passa í hlutverk sín eins og flís við rass.**

# Sigraðu innkaupin í sumarskapi

Tilboð gilda 23.-24. apríl




**Grísa-hnakka-sneiðar „black garlic“**

35%

**1.689** kr/kg
~~2.599 kr/kg~~

KJÖTSEL



25%

Lambalærissneiðar, blandaðar, með kryddsmjöri

**1.917** kr/kg
~~2.556 kr/kg~~



30%

Vatnsmelóna

**230** kr/kg
~~329 kr/kg~~

GOÐI



40%

BBQ-grísarif

**1.169** kr/kg
~~1.949 kr/kg~~

KJÖTBORÐ



40%

Nautagúllas

**1.979** kr/kg
~~3.299 kr/kg~~




25%

Fiskibollur Fisherman, 800 g

**1.199** kr/pk
~~1.599 kr/pk~~



40%

Filone brauð, 635 g

**359** kr/stk
~~599 kr/stk~~

Heilsuvara vikunnar




25%

Organic Beetroot Natures aid, 60 hylki

**2.099** kr/pk
~~2.799 kr/pk~~



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Frábærir ferðafélagar í sumar




Kvöld eitt á eyju
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Algjör steliþjófur
**2.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 3.799 KR.




Júlían er hafmeyja
**2.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 3.599 KR.




Natríumklóríð
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Miðnæturbókasafnið
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Þernan
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Vísindalæsi: Umhverfið
**3.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.159 KR.




Tsjernobyl–bænin
**3.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 3.999 KR.




Dauðinn og mörgæsin
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.

„Til hvers að ferðast ef maður vitkast ekki af því?“
—Sjón

Ferðasumarið er hafið af fullum krafti. Við eigum bækurnar til að lesa í bústaðnum, kiljurnar fyrir flugferðina og eftirlætis söguhetjur barnanna.

**Í dag er dagur bókarinnar**




Helkuldi
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




**3.** sæti á metsölulista Eymundsson

Drag plóg þinn yfir bein hinna dauðu
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Fiðrildið
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Alls konar íslenska
**4.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 5.699 KR.




Jagúar skáldsins
**3.899 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.799 KR.




Brotin bein
**3.499 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.159 KR.




Gönguleiðir á Reykjanesi
Gönguleiðir á hálendinu
**5.399 kr. stk.** VERÐ ÁÐUR 6.699 KR. STK.




Velkomin heim
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Upplausn
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 25. apríl eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is

Penninn Eymundsson



BMW 7-línan fékk andlitslyftingu nýlega og er rafbíllinn með útlitið þaðan.

# BMW frumsýnir i7 rafbílinn

njall@frettabladid.is

Ný kynslóð 7-línu í rafútgáfu er byggð á CLAR-undirvagni BMW en hann getur notast við allar gerðir mótora. Ekki er um miklar breytingar að ræða frá útliti 7-línunnar sem fékk andlitslyftingu nýlega. Baklýst grillið er það sama, og bíllinn er með sama ljósabúnaði og sást fyrst á honum. Fyrsta útgáfa rafbílsins verður xDrive60 með tvo rafmótora sem skila samtals 536 hestöflum og 745 Nm togi. Öflugri M70 útgáfa mun koma á næsta ári með 651 hestafl til að spila úr. Fyrsta útgáfa bílsins verður samt fljót af stað en hröðun hans í hundraðið er 4,7 sekúndur og hámarkshraðinn 240 km á klst.

Rafhlaðan verður 101.7 kWst og er aðeins 110 mm á þykkt. Hámarkshraðhleðsla verður 195 kW sem þýðir að hægt er að hlaða 160 km drægi á aðeins 10 mínútum. Alvöru fjöðrun verður undir bílnum með tvöföldum klöfum að framan og fjölarma fjöðrun að aftan. Loftpúðar verða staðalbúnaður og hægt verður að lækka fjöðrunina í sportútfærslu. Loks verður bíllinn með fjórhjólastýringu sem beygir afturhjól um allt að 3,5 gráður til að auka grip í beygjum á meiri hraða. Mælaborðið er svipað og í iX en aftursætisfarþegar geta fengið niðurfelldan úr loftinu 31,3 tommu háskerpuskjá. Hægt verður að sérpanta bílinn með 2.000 watta Bowers & Wilkins hljóðkerfi. ■



Sama uppsetning er á mælaborði og í iX jepplingnum með tveimur bogadregnum skjám.

**»**

**BMW hefur frumsýnt i7 rafbílinn með allt að 625 km drægi. Ekki er von á tengiltvinnútgáfum nýrrar 7-línu fyrr en á næsta ári.**

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

Reykjavíkurborg

## Hringvegur (1) frá Bæjarhálsi að Hólmsá:

## Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar

Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ, áformar að tvöfalda Suðurlandsveg frá vegamótum við Bæjarháls að Hólmsá ofan Reykjavíkur. Vegagerðin hefur lagt fram frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Ráðgjafi Vegagerðarinnar við umhverfismatið er verkfræðistofan EFLA.

Haldinn verður opinn kynningarfundur í **Norðlingaskóla, miðvikudaginn 27. apríl kl. 17-19** þar sem niðurstöður umhverfismatsins verða kynntar.

Fundurinn verður einnig í beinu streymi á Facebook-síðu Vegagerðarinnar og Facebook-síðu Reykjavíkurborgar.



Líkt og EQS fólksbíllinn hefur hann sama langa hjólhafið.

# Jepplingsútgáfa EQS fær 660 km drægi

njall@frettabladid.is

Mercedes hefur frumsýnt EQS rafbílinn í sjö sæta jepplingsútgáfu og eins og búist var við er hann ekkert breyttur frá þeim myndum sem þegar var búið að leka af bílnum. Hann mun fara í sölu seinna á þessu ári og þá fyrst með afturhjóladrif en einnig er von á fjórhjóladrifsútgáfu og svo Maybach lúxusútgáfu á seinni stigum.

Bíllinn er á sama EVA2 undirvagni og EQS bíllinn og á margt sameiginlegt með þeim bíl, eins og rafhlöðu, rafmótora og annan rafbúnað. Afturhjóladrifsútgáfan verður með 355 hestafla rafmótor sem skilar 568 Nm togi og er drægi hans í þeirri útgáfu 660 km. Fjórhjóladrifsútgáfan verður einnig 355 hestöfl en togið fer í 800 Nm, en drægið niður 610 km. EQS SUV verður fáanlegur með allt að 22kW, þriggja fasa hleðslugetu sem hleður bílinn frá 0-100% á 5,5 klukkustund. Hraðhleðslugeta bílsins verður 200kW sem þýðir að hægt verður að ná 300 km drægi á aðeins 15 mínútum og hlaða bílinn 10-80% á u.þ.b. 30 mínútum. ■



Lexus RZ 450e kemur aðeins í fjórhjóladrifsútgáfu.

# Lexus RZ 450e rafbíllinn frumsýndur

njall@frettabladid.is

Lexus hefur frumsýnt fyrsta rafbíl merkisins sem byggður er sem slíkur frá grunni. Bíllinn heitir RZ 450e og er á milli NX og RX í stærð en með innanrými RX bílsins.

Lexus RZ 450e kemur á sama undirvagni og Toyota bZ4X og er með sama hjólhaf og hann. Bíllinn kemur aðeins sem fjórhjóladrifsbíll og þá með sérstöku aksturskerfi sem Lexus kallar Direct4. Er það notað til að dreifa afli milli hjóla og auka þannig grip í beygjum. Sjá skynjarar víða um bílinn um að senda upplýsingar til kerfisins um hraða bílsins, miðflóttaafl, hversu mikið er lagt á stýri og svo framvegis. Að sögn Lexus er kerfið mun hraðvirkara en áður hefur sést. Bíllinn verður fáanlegur með stýri sem kallast One Motion Grip, sem einnig verður fáanlegt í Toyota bZ4X í framtíðinni. Er það tölvustýrt stýri sem breytir átaki stýrisins eftir hraða og á mjög litlum hraða er hreyfing þess enda á milli aðeins 150 gráður, svo að ekki þarf að sækja aftur stýrið heldur er nóg að snúa því einu sinni. Stýrið er þess vegna með öðru lagi en hefðbundið kringlótt stýri. Bíllinn kemur með 308 hestöfl til að spila úr en 201 hestafl er frá framdrifi og 107 að aftan. Togið er 435 Nm og upptakið 5,6 sekúndur í hundraðið. Eins og í bZ4X er rafhlaðan 71,4 kWst en drægið verður rúmir 400 km. ■



Eins og sjá má er stýrið hannað til að þurfa ekki marga snúninga eins og hefðbundin stýri.

**»**

**Bíllinn verður fáanlegur með stýri sem kallast One Motion Grip sem einnig verður fáanlegt í Toyota bZ4X.**



# FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

## FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

**Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.**

**Gott úrval af dekkjum og felgum.**

**ERUM Í ÁRSHÁTÍÐARFERÐ Í DAG OPNUM AFTUR Á MÁNUDAG**



**Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:**

| Dekkja- og felgugangar: | Dekkjagangur: |
|---|---|
| 32” 255/75R17 - 199.000 kr. | 32” 255/75R17 - 69.960 kr. |
| 33,5” 285/60R20 - 199.000 kr. | 33,5” 285/60R20 - 79.600 kr. |
| 33” 275/70R18 - 179.000 kr. | 33” 275/70R18 - 79.600 kr. |

**Fleiri stærðir í boði.**
**Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.**

**TIL SÝNIS Í VARAHLUTAVERSLUN ÍSBAND, SMIÐSHÖFÐA 5.**

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323**



ISBAND

**ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN** • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • **OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00**

# Alltaf eitthvað nýtt

kolbrunb@frettabladid.is

Sumarsýning Safnahúss Borgarfjarðar nefnist Hennar voru spor. Sýningarstjóri er Katrín Jóhannesdóttir, textílkennari við Hússtjórnarskólann í Reykjavík. Sýningin er úr safnkosti Byggðasafns Borgarfjarðar, Listasafni Borgarness og Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar.

Um sýninguna segir Katrín: „Hugsunin með sýningunni er því að setja fram í dagsljósið fallega muni, vandaða og oft með áhrifaríka sögu að baki – í fögru umhverfi sem gestir sýningarinnar taka á einhvern hátt þátt í og ekki síður að þetta sé sýning sem gestir finni þörf hjá sér fyrir að skoða aftur og sjái þá jafnvel eitthvað nýtt í hvert skipti.“

Sýningin stendur til 19. ágúst. ■



Sumarsýning Safnahúss Borgarfjarðar er hafin. MYND/AÐSEND




**Aðalfundur Hallgrímssafnaðar**

Sunnudaginn 1. maí 2022 er boðað til aðalsafnaðarfundar Hallgrímssafnaðar í Hallgrímskirkju að messu lokinni.

**Dagskrá:**

Venjuleg aðalfundarstörf

Sóknarnefnd Hallgrímskirkju

**AÐALFUNDUR**

**Landssambands sumarhúsaeigenda.**

**Verður haldinn, fimmtudaginn 28. apríl í húsnæði Eignaumsjónar, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík (jarðhæð) kl. 18:00**

**Dagskrá:**

Venjuleg aðalfundarstörf.

Á fundinum verður erindi frá Dóru Hjálmarsdóttur, verkfræðingi vegna gróðurelda.

***Stjórnin.***

**Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands verður haldinn miðvikudaginn 25. maí 2022 í Verslunarskóla Íslands, rauða sal og hefst kl. 20:00.**

**Dagskrá:**

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað
2. Skýrsla stjórnar HRFÍ
3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar
4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar
5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil
6. Lagabreytingar
7. Formaður kjörstjórnar kynnir niðurstöður rafrænna kosninga til stjórnarmanna kosnum skv. 10.gr
8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara
9. Kosning siðanefndar
10. Önnur mál

Kosningar 2. stjórnarmanna og 1. varamanns fara fram með rafrænum hætti og standa frá kl. 18:00 miðvikudaginn 18. maí 2022 til kl. 18:00 miðvikudaginn 25. maí 2022, sbr. 10. gr. laga HRFÍ. Til að greiða atkvæði skal farið inn á heimasíðu HRFÍ (www.hrfi.is) og finna þar tengill fyrir kosningar 2022. Kosningin fer fram í gegnum Valmund, kosningakerfi Advania hf. Til þess að kjósa með rafrænum hætti þarf félagsmaður að hafa nettengdan snjallsíma eða tölvu og rafræn skilríki eða Íslykil. Jafnframt þarf félagsmaður að vera á kjörskrá, sbr. 5. gr. laga HRFÍ. Til að kjósa fer félagsmaður inn á heimasíðu HRFÍ og smellir þar á tengil fyrir kosningar þar sem hann auðkennir sig með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Eftir auðkenningu birtast kjörseðlar. Við atkvæðagreiðslu til stjórnar skal kjósa að hámarki tvo einstaklinga, en mögulegt er að kjósa einn einstakling eða taka ekki afstöðu. Við atkvæðagreiðslu varamanns skal kjósa einn einstakling, en mögulegt er að taka ekki afstöðu. Mögulegt er að endurtaka atkvæðagreiðslu en ný atkvæðagreiðsla ógildir þá fyrri þannig að einungis síðast framkvæmda atkvæðagreiðsla gildir. Nánari upplýsingar um framkvæmd kosninganna og reglur sem um þær gilda eru á heimasíðu HRFÍ (www.hrfi.is).

*Stjórn Hundaræktarfélags Íslands*




Kveikjan að sýningunni er innrásin í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mennskan lifir

**Rúrí heldur myndlistarsýningu á Hlöðuloftinu, Korpúlfsstöðum. Yfirskrift sýningarinnar er tilvitnun úr Völuspá, Vituð þér enn – eða hvað? Sýningarstjóri er Pari Stave.**

kolbrunb@frettabladid.is

„Kveikjan að þessari sýningu er innrásin í Úkraínu. Ég hef í verkum mínum fjallað talsvert mikið um afleiðingar stríðsátaka og kjarnorkuógnina sem mín kynslóð upplifði og sá fyrir sér í æsku. Upplifun æskunnar lifir oft lengi með manni,“ segir Rúrí.

**Erfiðasta ferðin**

Á sýningunni eru tvö eldri verk hennar, Elegy frá árinu 2000 og Safn frá árinu 1987. „Verkið Safn eða Museum er innsetning sem fjallar um hugsanlega framtíð. Það samanstendur af hlutum sem ég safnaði og eru menningarleifar eða manngerðir hlutir. Ég kom þeim fyrir í fimmtán kistum sem eru númeraðar og lægsta númerið er 105. Hugsunin er sú að þessir hlutir séu það eina sem er eftir af miklu stærra safni og það eina sem gefi til kynna að mannkynið hafi einhvern tíma verið hér. Hvers konar sögu myndu verur sem kæmu síðar að þeim lesa úr því?“ segir Rúrí.

Hitt verkið er myndbandsverk sem hún gerði í kjölfar Bosníustríðsins. „Ég fór til Bosníu, Serbíu og Króatíu í lok stríðsins, í ársbyrjun 1998. Páll Steingrímsson, heitinn, maðurinn minn, var með mér og tók upp fyrir mig vídeó og ég ljósmyndaði. Úr því efni gerði ég þetta myndbandsverk, Elegy, sem Hilmar Örn Hilmarsson samdi tónlist við. Þetta er harmljóð um það sem maður sér við lok styrjaldar.“



Verkið Safn samanstendur af hlutum sem Rúrí safnaði.

Spurð hvernig tilfinning það hafi verið að koma á svæði þar sem stríði er nýlokið segir Rúrí: „Þetta er erfiðasta ferð sem ég hef farið, ég horfði á örbirgð, vonleysi og eyðileggingu. Það var ekkert annað að sjá. En samt var mér sýnd ótrúleg gestrisni af fólki sem átti minna en ekki neitt. – Mennskan lifir.“

**Aftur í miðaldir**

Um stríðið í Úkraínu sem er kveikja sýningarinnar segir hún: „Við vitum mætavel hvað hefur gerst í sögunni og að ofbeldi skilar aldrei góðum árangri. Það að hefja svona stríð í dag er eins og að hverfa aftur í miðaldir í aðferðafræði. Það er sorglegt að horfa á okkur falla til baka á þennan hátt sem mannkyn og vera ekki enn búin að læra að rökræða og semja í stað þess að fara fram með ofbeldi. Ég gat ekki annað en gert athugasemdir við það sem er að gerast og geri það best með sýningu.“

Sýningarstjórinn Pari Stave er nýráðinn forstöðumaður Skaftfells, myndlistarmiðstöðvar Austurlands á Seyðisfirði. Hún var áður yfirmaður nútíma- og samtímalistadeildar Metropolitan Museum of Art í New York.

Sýningin er opin frá 23. apríl til 15. maí. Sýningaropnun er í dag, laugardaginn 23. apríl frá 14.00-18.00. Sýningin er síðan opin á laugardögum og sunnudögum frá 13.00-18.00. Laugardaginn 14. maí er hún opin frá 15.00-18.00. ■

# Nýr vefur um Halldór Laxness

kolbrunb@frettabladid.is

Í tilefni af 120 ára afmæli Halldórs Laxness, í dag 23. apríl, hefur verið opnaður nýr vefur um skáldið og verk hans og nefnist hann Skáldatími. Höfundur alls efnis á vefnum er Pétur Már Ólafsson bókmenntafræðingur og útgefandi hjá Bjarti & Veröld.

Á vefnum eru hátt í þrjátíu greinar, pistlar, fyrirlestrar og kynningar á verkum skáldsins en einnig formálar að sjö skáldsögum Halldórs sem ættu að greiða lesendum leið að þessum fjársjóði, ekki síst þeim yngri, sem þekkja kannski síður til verka hans.

Á upphafssíðu vefjarins skaldatimi.is segir að þegar Pétur Már Ólafsson hóf störf hjá bókaforlaginu Vöku-Helgafelli árið 1991 hafi hann fljótt séð að næst hjarta útgefandans, Ólafs Ragnarssonar, stóðu verk Nóbelsskáldsins og framgangur þeirra. Pétur Már tók saman efni fyrir fjölmiðla um Laxness fyrir níræðisafmæli skáldsins í apríl árið 1992. Næsta áratug eða svo þróaðist þetta síðan út í rannsóknir á verkum Halldórs og að miðla fróðleik um verkin, meðal annars með því að skrifa formála að skáldverkum sem gefin voru út í kilju og halda fyrirlestra og erindi heima og erlendis.



Pétur Már Ólafsson bókmenntafræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Halldór Laxness

Á vefnum segir Pétur Már: „Það var alla tíð markmið okkar Ólafs heitins Ragnarssonar að gera skáldskap Halldórs Laxness sem aðgengilegastan fyrir nýjar kynslóðir og ber efnið á skaldatimi.is vonandi þess merki. Á undanförnum árum hefur mér fundist sem ungt fólk hafi fjarlægst sagnaheim Halldórs. Ég ákvað því í tilefni af 120 ára afmæli hans árið 2022 að safna þessu efni mínu saman um hann og senda út í kosmosið í von um að það opni einhverjum dyr að verkum Nóbelsskáldsins og dýpki kannski skilning annarra á þeim.“ ■

# 9líf

## Bubbi Morthens Söngleikur



# Fullt hús af lífi

Það er alltaf nóg um að vera í Borgarleikhúsinu. Finndu sýningu við þitt hæfi og bókaðu sæti. Við hlökkum til að taka á móti þér!

## Fjölbreytt úrval sýninga á næstunni













Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is



Gleraugun eru framleidd í þremur litum.


Aníta Hirlekar. MYND/ÞÓRDÍS REYNISDÓTTIR


Gleraugun eru handgerð á Ítalíu.

# Með næmt auga fyrir gleraugnahönnun

**Aníta Hirlekar segir gríðarlega nákvæmnisvinnu liggja að baki nýjum gleraugum, sem hún hannaði í samstarfi við breskan lúxus-gleraugnaframleiðanda. Gleraugun fara í sölu í dag og fást í takmörkuðu upplagi.**

ninarichter@frettabladid.is

Fatahönnuðurinn Aníta Hirlekar sendir í dag frá sér nýja gleraugnalínu í samstarfi við breska lúxusgleraugnaframleiðandann Cutler and Gross. Samstarfið hófst fyrir þremur árum, hönnunin var kynnt á HönnunarMars 2021 og er nú komin í verslunina Kiosk á Grandagarði.

„Þetta var lengi á leiðinni. Við unnum saman fyrir þremur árum og þetta er loksins að koma núna, eftir Covid og Brexit. Gleraugun koma sem sólgleraugu, en það er hægt að taka linsurnar úr og nota þau sem gleraugu,“ segir Aníta, sem á og rekur fatamerki undir sínu nafni.

**Eru með sama kúnnahóp**

Gleraugun eru handgerð á Norður-Ítalíu. „Ég og þetta fyrirtæki erum með svipaðan kúnnahóp. Við unnum saman díteilana í gleraugunum og þar er allt mjög útpælt,“ segir hún. „Litasamsetningarnar eru teknar úr mínum litaheimi.“

Gleraugun eru til sölu í versluninni Kiosk frá og með deginum í dag. „Gleraugun koma í takmörkuðu upplagi og með þeim fylgja gleraugnaklútar sem eru unnir í mínu mynstri,“ segir Aníta. „Þessi gleraugu eru ekki ódýr, en þau eru hugsuð nánast eins og skartgripur. Hugmyndin er að þessi gleraugu séu kvenleg, en með smá töff edge. Þetta er ekki eitthvað sem við gerum endilega aftur,“ segir hún.

**Gott tækifæri í gleraugunum**

Aníta hefur átt farsælan feril sem hönnuður. Hún lærði fatahönnun við Central Saint Martins-hönnunarskólann í London með áherslu á mynstur og textílvinnu. Lokaverkefni hennar úr meistaranámi við sama skóla var sýnt á tískuvikunni í London árið 2014.



„Ég lærði í London og vann smá í París, en ég er búin að vera á Íslandi síðustu sjö ár. Ég hef lengi ætlað mér að hanna gleraugu og þetta er gott tækifæri til að bæta í fylgihlutina hjá merkinu,“ segir hún. „Ég var að vinna í París og New York í smá tíma og var einu sinni að vinna hjá þessu fyrirtæki í London.“

Aníta segir að samstarfið hafi þannig átt sér aðdraganda. „Kúnnahópurinn var rosalega hrifinn af minni hönnun þegar ég var að selja hjá þeim í London, og þá kom þessi hugmynd til, að við myndum einhvern tímann vinna saman að gleraugum.“

Hún segir að samstarfið hafi að miklu leyti farið fram í gegnum Zoom, í heimsfaraldrinum. „Við vorum lengi að ákveða litina og díteilana í gleraugunum. Þar þarf næmt auga.“

**Elton John og King's Speech**

Cutler and Gross er heimsþekkt merki og meðal annars hafa frægustu stjörnur skemmtanabransans skartað vörumerkinu. „Þetta fyrirtæki sá um öll gleraugun í King's Speech,“ segir Aníta og bætir við að fyrirtækið hanni einnig öll gleraugu fyrir Elton John.

„Gildi fyrirtækisins er á þá leið, að gleraugu eru persónulegur stíll, ekki bara nauðsyn sem fólk þarf á að halda,“ segir hún. „Þetta er einstaklingsbundið og maður býr til stílinn fyrir manneskjuna. Þess vegna er mín hönnun, til dæmis kjólarnir sem ég geri, bara einn og einn. Allt er einstakt. Það sama má segja um gleraugun. Við deilum svolítið svona hugmyndafræðinni,“ segir Aníta.

Í dag er opið partí í Kiosk þar sem gleraugun verða til sýnis og sölu. „Ég verð á staðnum og ætla að kynna gleraugun. Andrea Maack verður þarna líka og ætlar að kynna sumarilmina sína. Svo erum við að taka inn nýtt merki í Kiosk sem er Kalda-skór. Þannig að það er þrennt í gangi á morgun,“ segir Aníta Hirlekar, fatahönnuður. ■

Málþing Náttúrulækningafélags Íslands – 26. apríl 2022

## Fasta – heilsuefling eða öfgar?

**Fræðslunefnd NLFÍ efnir til málþings á Icelandair Hotel Reykjavik Natura þriðjudaginn 26. apríl 2022 kl. 19:30.**


Jóhanna Eyrún Torfadóttir


Sigurjón Ernir Sturluson


Þorbjörg Hafsteinsdóttir


Lukka Pálsdóttir


Geir Gunnar Markússon

- *Hvað gerist í líkamanum við föstu?*
- *Er mikill munur á mataræði þeirra sem fasta og þeirra sem ekki fasta?*
- *Er fasta áhættusöm?*
- *Er hún fyrir alla?*
- *Hver er áhrifaríkasta fastan? Dagsföstur, 16:8, 20:4, 5:2?*

**Frummælendur:**

**Er algengt að fólk fasti reglubundið á Íslandi?**
Jóhanna Eyrún Torfadóttir næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum

**Þjálfun og fastan með Sigurjóni Erni**
Sigurjón Ernir Sturluson íþróttafræðingur og ultra-hlaupari

**Fasta, gerðir og heilsuáhrif**
Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti

**Er fasta lykillinn að langlífi og lífsgæðum?**
Lukka Pálsdóttir sjúkraþjálfari BS, MBA, stofnandi Happ og Greenfit

**Fundarstjóri:** Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur á Heilsustofnun



Berum ábyrgð á eigin heilsu
www.nlfi.is

Allir velkomnir
Aðgangseyrir 2.000 kr.
Frítt fyrir félagsmenn


Tónlist síðpönksveitarinnar stenst tímans tönn. MYND/AÐSEND

# Svarthvíta hetjan sígræn

**Pönk-rokkararnir í Dúkkulísunum slógu upp tónleikum með Tappa tíkarrassi á Húrra í gærkvöldi. Dúkkulísurnar fagna 40 ára afmæli sveitarinnar í ár, og að sögn Erlu Ragnarsdóttur stefna þær á að gefa út nýja tónlist á árinu.**

ninarichter@frettabladid.is

Samliða tónlistinni gegnir Erla S. Ragnarsdóttir stöðu skólastjóra við Flensborgarskóla í Hafnarfirði. „Í ár er fjörutíu ára starfsafmæli hljómsveitarinnar og við erum í þeim sporum að ætla að spila sem mest á árinu. Fagna afmælinu allt árið um kring,“ segir hún.

Aðspurð um aldursdreifingu hlustenda svarar Erla að blandan sé góð. „Þarna eru einhverjir sem vilja rifja upp gamla tíma,“ segir hún, en bætir við að aðrir haldi að þeir hafi séð gamla auglýsingu þegar tónleikar sveitarinnar og Tappa tíkarrass voru auglýstir.

Dúkkulísurnar voru gríðarlega vinsælar á árunum 1982 til 1987, og hafa snúið til baka með hléum. Svarthvíta hetjan mín er meðal slagara sem enn njóta vinsælda meðal eldri kynslóða en einnig meðal hinna yngri. Spurð hvort nemendur Flensborgar þekki tónlist sveitarinnar svarar hún: „Já, Svarthvíta hetjan náði smá flugi í vetur. Krakkarnir hafa svolítið verið að blikka mig og hrósa mér ef þau sjá mig,“ segir hún glettin.

Dúkkulísurnar eru enn að senda frá sér nýtt efni og Erla segir útgáfu á dagskrá á árinu. Afmælinu verði þannig einnig fagnað með nýjum lögum.

En ef Dúkkulísurnar væru unglingar í dag, væru þær að senda frá sér svipaða tónlist? „Já, við værum að spila pínu rokk og pínu pönk. Það eru elementin sem eru rótgróin í okkur. Og að syngja um það sem okkur liggur á hjarta, það hefur alltaf skipt okkur máli. Í gamla daga sungum við um alls konar mál: sjúka ást, heimilisofbeldi, áfengisbölið, kalda stríðið, baráttuna fyrir kvenréttindum og bættum heimi,“ segir Erla.

Hún bætir við að þessi stef eigi enn í dag góðan hljómgrunn meðal hlustenda, og því miður séu þessi mál enn þá baráttumál. „Það er ömurlegt að vera enn að syngja, 40 árum síðar, um drauminn um vopnlausan heim,“ svarar hún.

Auk tónleikahalds stefna Dúkkulísurnar á að sækja tónleika sjálfar: „Við stelpurnar erum að skipuleggja ferð á Coldplay í sumar. Einhverjar okkar eru að fara á Skunk Anansie í næstu viku,“ segir Erla og bætir við að einn daginn ætli hún að láta gamlan draum rætast og skella sér á tónleika með Bruce Springsteen í New York. ■


SUMARNÁMSKEIÐ
SMÁRABÍÓS
HVERT NÁMSKEIÐ ER VIKU Í SENN
Mánudaga til föstudaga frá 13. júní til 12. ágúst
kl. 12:30 -16:00 á Skemmtisvæði Smárabíós
SKIPULÖGÐ DAGSKRÁ ALLA DAGANA
OG MUNU ÞÁTTTAKENDUR MEÐAL ANNARS PRÓFA:
Leikjasal **Lasertag** Ratleik **Andlitsmálun** Sýndarveruleika
**Blöðrugerð** Klifurgrind **Rush** Hópleiki **Bíóferð**
TILVALIÐ FYRIR BÖRN Á ALDRINUM 6 TIL 10 ÁRA
Skráning og nánari upplýsingar á
smarabio.is/sumarnamskeid
„Dóttur minni fannst æðislega gaman og ætlar að skrá sig aftur“
„Skemmtilegasta námskeið sem sonur minn hefur farið á“
„Snilldar námskeið! Minn er svakalega ánægður og bara takk kærlega fyrir minn dreng“
SMÁRA BÍÓ

# Þráir þjóðarleikvang

## Frétt vikunnar

Helga Möller, söngkona

ninarichter@frettabladid.is

„Við eigum enga þjóðarhandboltahöll fyrir íþróttir, sem er lögleg til að halda mót og það er eitthvað sem á ekki að geta gerst hér á þessu landi. Við erum svo mikið íþróttafólk og við viljum að börnin okkar taki þátt í íþróttum og mér finnst fáránlegt að þetta sé ekki hugsað betur en þetta,“ segir Helga Möller. „En ég vona að þetta hafi verið spark í rassinn á stjórnvöldum.“

Aðspurð hvað valdi þessari forgangsröðun svarar hún. „Ég hugsa að peningarnir fari bara í eitthvað annað. Þetta er alltaf spurning um peninga og þeir fara þangað sem fólkið sem stjórnar vill. Það er ekki endilega á þann stað sem allir hinir vilja.“

*En hvar og hvernig myndi Helga sjá fyrir sér að þetta væri útfært?*

„Það er erfitt að segja. Mér finnst Laugardalurinn vera miðstöð íþrótta. Mér fyndist leiðinlegt ef sá andi færi úr dalnum sem hefur verið þarna frá því að ég ólst þarna upp,“ segir hún. „Það þarf bara góða sérfræðinga og arkitekta til að undirbúa þetta. Það er landsvæði þarna austar í Laugardalnum sem kannski mætti fjúka, eitthvað sem væri hægt að breyta og gera þannig að þetta gæti verið áfram þarna.“ ■



Helga Möller vill sjá þjóðarleikvang rísa. MYND/AÐSEND




# Stjörnum prýdd Coachella hátíð í Kaliforníuhitanum

Coachella hátíðin er árleg tónlistarhátíð sem haldin er á Empire Polo Club í Indio í Kaliforníu. Að hátíðinni sópast stærstu stjörnur skemmtanabransans vestra, leikarar, fyrirsætur og tónlistarfólk. Hátíðin var fyrst haldin árið 1999 og er í dag ein stærsta tónlistarhátíð Bandaríkjanna.



Riverdale leikkonan Camila Mendes ásamt Fransescu Reale og Vanessu Morgan á bransaviðburði á Coachella.



Billie Eilish sló eftirminnilega í gegn á sviðinu á aðalkvöldi hátíðarinnar sem haldin er árlega í Indio í Kaliforníuríki.



Victoria's Secret fyrirsætan Chanel Iman lét sig ekki vanta.



Bandaríski tónlistarmaðurinn Post Malone steig á stokk í Sahara tjaldinu á Coachella þann 16. apríl.



Tónlistarkonan Christina Milian.



Bandaríska söngkonan Halseyklæddist laussniðnum gallabuxum og svörtum toppi í hitanum í Kaliforníu.



Hinn 27 ára gamli Logan Paul sótti hátíðina en hann sló upphaflega í gegn á Vine áður en hann varð Youtubestjarna.

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*



#Olísdeildin
Úrslitakeppnin í Olísdeildinni er hafin og spennan því í hámarki. Mætum á völlinn og styðjum okkar lið til sigurs!
olís DEILDIN
ÚRSLIT
KARLA
NÆSTU LEIKIR
Sunnudaginn 24. apríl kl. 16:00 TM Höllin
Stjarnan - ÍBV
Sunnudaginn 24. apríl kl. 18:00 Framhús
Fram - Valur
Mánudaginn 25. apríl kl. 19:30 Set höllin
Selfoss - FH
Mánudaginn 25. apríl kl. 18:30 KA-heimilið
KA - Haukar
UMF SELFOSS 1936
ÍBV
HAUKAR
KA
FRAM


GLEÐILEGT
SUMAR
Skannaðu kóðann
& skoðaðu blaðið

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.




**Broil King**
Great Barbecues Every Time

## ROYAL S310

Með postulínshúðuðum grillgrindum. Hæð: 122cm. Breidd: 132cm. Dýpt: 61cm.

-36%

Vnr. 50657513

**55.595**

Almennt verð: 85.595

**Þú sparar: 30.000**

| Kw | | | |
|---|---|---|---|
| 8,8 | 3 | 55,1x37,6 | ✓ |



## SAFNKASSI

300l. grár

Vnr. 41122951

**8.995**



## SKJÓLTJALD

Ál og polyester. 3x1,6m, svart.

Vnr. 41613420

**18.995**

**cozze®**



## 17" PIZZAOFN

Tekur ca. 20 mínútur að hita upp ofninn og bara 2 mínútur að baka pizzuna. Hægt að tengja við bæði venjulegan gaskút og ferðakút. 52 x 52 x 29cm, 14kg. Þrýstijafnari og slanga fylgja ekki með.

-20%

Vnr. 4998046502

**63.164**

Almennt verð: 78.955

**Þú sparar: 15.791**

| ø | | upphitun | bökun |
|---|---|---|---|
| 17" | 60,5x60,5x30,5 | 20mín | 2mín |




## PALLAHREINSIR

Gjöco, 4 lítrar

Vnr. 42377537

**3.995**



## LAUFHRÍFA

Fiskars

Vnr. 55610633

**1.695**



## PALLAHITARI

Hægt er að breyta hitastillingum með fjarstýringu sem fylgir með.

Vnr. 50615021

**39.995**

| W | | | IP | KG |
|---|---|---|---|---|
| 500-1500 | 81,7x10x14,1 | 8000klst | 55 | 2 |



**BOSCH**

## HÁÞRÝSTIDÆLA

Universal AQU 130 bör, 380 l/klst, 7,8 kg.

-20%

Vnr. 74810238

**30.396**

Almennt verð: 37.995

**Þú sparar: 7.599**

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is
JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

EMIL í Kattholti
Astrid Lindgren

■ Bakþankar



Óttars Guðmundssonar

# Síðasta spjallið

Guðmundur góði Arason Hólabiskup sendi vini sínum Þórði Sturlusyni kveðju skömmu fyrir andlát sitt. Þórður skellti skollaeyrum við þessum skilaboðum sem hann reyndar skildi ekki. Nokkru síðar þegar Þórður sjálfur var dáinn áttuðu menn sig á innihaldi þessarar kveðju.

Mér datt þetta í hug fyrir nokkru þegar gamall vinnufélagi minn og vinur hringdi nokkuð óvænt. Eiginlega átti hann ekkert erindi annað en að þakka mér fyrir samvinnuna á liðnum árum. Ég lét mér fátt um finnast og sleit samtalinu kurteislega eftir stutta stund.

Skömmu síðar dó þessi maður. Í jarðarförinni ræddi ég við prestinn sem sagði að maðurinn hefði hringt til sín þennan umrædda dag til að skipuleggja jarðarförina sína. „Hann skynjaði feigðina,“ sagði klerkur. Ég sagði honum þá frá símtalinu og hann ályktaði að maðurinn hefði hringt til að kveðja, „en þú máttir bara ekki vera að því að tala við hann. Hvernig heldurðu að honum hafi liðið með það?“ Ég rifjaði upp samtalið og harmaði að hafa ekki hlustað betur.

Veikindi og nálægð dauðans breyta öllum viðhorfum fólks gagnvart umhverfi sínu. Á slíkum stundum vilja margir fara á djúpið og ræða tilfinningar sínar. Það skiptir máli að viðmælandinn skilji þetta og eyði ekki tímanum í innihaldslaust hjal.

Þegar ég vann á Líknardeild varð ég vitni að því hversu illa síðustu dögum þessarar jarðvistar er stundum varið. Margir skynja ekki fyrr en viðkomandi er látinn hversu margt var ósagt. Ég vildi óska að ég hefði brugðist öðruvísi við þessu símtali míns gamla vinar. Skyndilega var allt orðið um seinan og fleiri orð ekki látin falla. ■

Undir YFIRBORÐIÐ



UNDIR YFIRBORÐIÐ
MÁNUDAGA KL. 19.30
OG AFTUR KL. 21.30
HRINGBRAUT

STÓRI
PLOKK DAGURINN
ER 24. APRÍL

Nýtum orkuna í að plokka

Við tökum á móti plokki á eftirfarandi Orkustöðvum:

- Kleppsvegi, Reykjavík
- Suðurfell, Reykjavík
- Dalvegi, Kópavogi
- Suðurströnd, Seltjarnarnesi

STÓRI PLOKK DAGURINN
#PLOKK2022

terra
ORKAN